MELKORKA ÓLAFSDÓTTIR

*Sker út grasker og bakar brauð úr því*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

SARA MARGRÉT NORDAHL

*Barnsmóðir Daníels úr Fangavaktinni*

Fór úr líffræðinni í leiklistina

**POPP** FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. október 2009 — 257. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**FÖSTUDAGUR**

## Ráðstefna um jarðskjálfta

Í ár eru liðin hundrað ár frá því að fyrsti jarðskjálftamælirinn var settur upp á Íslandi.

TÍMAMÓT 30

## Fer á kostum

Björn Thors fær símtöl á næturnar vegna frammistöðu sinnar sem Kenneth Máni í Fangavaktinni.

FÓLK 50

## Verstir í heimi?

„Í umræðunni er ekki skilið á milli fortíðar og nútíðar og allir settir undir einn og sama hatt-inn," skrifar Ari Skúlason.

Í DAG 18

## Landsliðið hafði betur

Landsliðið í handbolta vann sigur á Pressuliðinu í æfingaleik í gær.

ÍÞRÓTTIR 46

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Væta og vindasamt** Vaxandi austanátt í dag. Yfirleitt 8-15 m/s, hvassast vestan til. Rigning sunnan- og vestanlands í fyrstu, en fer að rigna norðan- og austanlands síðdegis. Milt í veðri, hiti 6-14 stig.

VEÐUR 4

# AGS segir afrek hversu hratt tókst að endurreisa bankana

Yfirmaður sendinefndar AGS segir það mikið afrek að tekist hafi að endurfjármagna íslensku bankana á rúmu ári. Hann segir stjórnvöld lengra á veg komin í að draga úr ríkisútgjöldum en gert var ráð fyrir.

**EFNAHAGSMÁL** Það er mikið afrek að tekist hafi að endurfjármagna helstu banka landsins á rúmu ári, að mati Marks Flanagan, yfirmanns sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) gagnvart Íslandi.

Þetta kom fram á símafundi sem Flanagan hélt síðdegis í Bandaríkjunum í gær með meðlimum Íslensk-ameríska verslunarráðsins, undir stjórn Ólafs Jóhanns Ólafssonar, formanns ráðsins.

Á fundinum kom einnig fram að AGS telur íslensk stjórnvöld vera komin lengra á veg við að draga úr ríkisútgjöldum en gert var ráð fyrir. Hrósaði Flanagan vinnu stjórnvalda við fjárlagagerðina og því samráði sem hefur verið haft við helstu hagsmunahópa landsins.

> Það sem gerðist á Íslandi er í raun án fordæma
>
> **MARK FLANAGAN**
> YFIRMAÐUR SENDINEFNDAR AGS

„Það sem gerðist á Íslandi er í raun án fordæma," sagði Flanagan spurður um stöðu landsins í samanburði við önnur verkefni sem hann hefur reynslu af víða um heim.

Flanagan benti á að í öðrum löndum, þar sem aðstæður hafa verið svipaðar, hafi tekið 24 til 36 mánuði að koma fjármálakerfinu á svipaðan stað og það er nú á Íslandi. Hann segir að það hafi verið óraunhæf bjartsýni að gera ráð fyrir að endurreisn bankanna gæti gengið hraðar fyrir sig en raunin hefur orðið. Ýmsum verkefnum er þó enn ólokið. Til dæmis endurskoðun á regluverki og eftirliti með fjármálamarkaðinum.

Þá sagði Flanagan að Ísland nyti betri vaxtakjara en önnur krísulönd hefðu að meðaltali gert.

Vaxtakjör AGS segir hann mun betri en Íslandi bjóðist annars staðar. Sjóðurinn innheimtir eins prósents álag á þann kostnað sem hann ber af lánunum. Á þeim eru fljótandi vextir, en umreiknað í fasta vexti til tólf ára nema þeir 6,57 prósentum. Flanagan segir að Ísland fengi tæplega lán á opnum markaði nema með vöxtum í tveggja stafa tölu.

Flanagan sagði á fundinum að sjóðurinn muni ekki blanda sér í umræðuna um stóriðjuframkvæmdir á Íslandi, þær séu innanríkismál. Hitt liggi fyrir að innlend neysla muni ekki standa undir endurreisninni ein og sér. Íslendingar þurfi á beinni erlendri fjárfestingu að halda og muni væntanlega nýta sér það forskot sem landið hefur þegar kemur að orkufrekum verkefnum.

Að mati Flanagans er íslenskt bankakerfi of stórt og þarf að minnka á næstu misserum.

- jab, jk / sjá síðu 12

**ÖRTRÖÐ** Gríðarlega mikil aðsókn hefur verið að öllum þremur veitingastöðum McDonalds síðustu daga. Um tíu þúsund hamborgarar hafa selst daglega. Um mánaðamótin hverfur skyndibitakeðjan af landi brott og í staðinn opnar íslenski hamborgarastaðurinn Metró. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Starfsfólk McDonalds stendur í ströngu síðustu dagana fyrir breytingar:

## Metaðsókn á McDonalds

**VIÐSKIPTI** „Það hefur enginn veitingastaður á Íslandi séð neitt svona. Það eru að seljast tíu þúsund hamborgarar á dag," segir Jón Garðar Ögmundsson, eigandi Lystar ehf. sem rekur McDonalds á Íslandi.

Frá því að fregnir bárust af því í byrjun vikunnar að McDonalds færi af landi brott nú um mánaðamótin hefur verið metaðsókn að stöðunum þremur. Í gærdag kláruðust BigMac-borgararnir um tíma, en að sögn Jóns Garðars var því bjargað fljótt.

„Salan hefur ekki bara magnast, hún fór í túrbó. Öll þessi vika hefur verið undirlögð, frá morgni til kvölds." Hann hefur þurft að bæta við starfsfólki á vaktir og segir alla hafa staðið sig gríðarlega vel undir óvenjulega miklu álagi. „Ég er með landslið í vinnu. Það eru bara atvinnumenn sem geta þetta."

- þeb

Endurskipulagning 1998 ehf:

## Kaupþing inn í stjórn Haga

**VIÐSKIPTI** Kaupþing á tvo fulltrúa í stjórn 1998 ehf., móðurfélags Haga. Félagið rekur meðal annars Bónusverslanirnar.

JÓHANNES JÓNSSON

Jóhannes Jónsson situr í stjórn, ásamt Regin Frey Mogensen og Sigurjóni Pálssyni, lögfræðingum í Kaupþingi.

Jóhannes segir að unnið sé að endurskipulagningu félagsins. Það sé ekki nema eðlilegt og taki sinn tíma. Ekki sé komið að endapunkti með þá vinnu.

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Kaupþings, sagðist ekki þekkja til málsins. Heimilisfang 1998 ehf. hefur verið flutt í höfuðstöðvar bankans.

- kóp


Afnemum virðisaukaskatt af
öllum vörum
TAX FREE
helgi í öllum
verslunum Europris
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

SUBWAY
Kafbátur mánaðarins
349 kr.
Mosfellsbæ • Akranesi • Akureyri • Egilsstöðum
Selfossi • Keflavík • Hafnarfirði • Kópavogi • Reykjavík

Loksins aftur habitat
Opnum eftir 1 dag

## SPURNING DAGSINS

*Jens, ætlið þið ekki að smyrja á verðið?*

„Nei, við notum lítið smjör."

Jens Einarsson er einn af eigendum Kvikkfix, nýrrar þjónustumiðstöðvar fyrir bíla, þar sem hægt er að fara með bílinn í smurningu. Hann lofar lægra verði en þekkist á Íslandi.

Sjávarútvegsráðherra afdráttarlaus varðandi afstöðu strandríkja í makríldeilu:

# Veiðum á okkar forsendum

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra segir að íslensk stjórnvöld séu knúin til að taka einhliða ákvörðun um makrílveiðar fyrir næsta ár. Ástæðan sé sú að aðrir sem veiða úr makrílstofninum, sem eru Evrópusambandið, Noregur og Færeyjar, neita að viðurkenna rétt Íslands til að taka þátt í að ákveða leyfilegan heildarafla og skiptingu hans.

Í fréttatilkynningu frá sjávarútvegsráðuneytinu segir að í ljósi þess að löndin þverskallist við að viðurkenna rétt Íslands sé ekki önnur fær leið en að taka einhliða ákvörðun um kvóta. Ákvörðunin verði tekin með tilliti til makrílveiða íslenska flotans síðustu ár, og jafnframt vaxandi útbreiðslu makríls innan íslensku efnahagslögsögunnar.

**SIGHVATUR BJARNASON VE** Íslenski flotinn veiddi 116 þúsund tonn af makríl í íslenskri lögsögu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Íslensk stjórnvöld hafa árum saman, en án árangurs, leitað eftir því að taka þátt í heildarstjórnun makrílveiða. Því hefur verið hafnað með þeim rökum að lítinn sem engan makríl sé að finna í íslenskri lögsögu. Íslensk skip veiddu 112 þúsund tonn af makríl í íslenskri lögsögu í fyrra og svipað magn í ár.

Ráðherra skipaði vinnuhóp í ágúst sem er ætlað að fara yfir makrílveiðar íslenskra skipa og vinna tillögur um hvernig veiðum og vinnslu verður best háttað. Veiðar og vinnsla undanfarinna ára hafa aðeins skilað broti af þeim verðmætum sem unnt er að fá úr þeim afla sem veiddur hefur verið. - shá

Háskóli Íslands:

## Þjóðarspegill í tíunda sinn

**MENNTUN** Háskóli Íslands heldur í dag Þjóðarspegilinn - rannsóknir í félagsvísindum í tíunda sinn.

Á ráðstefnunni í dag verða alls 170 erindi á 48 málstofum sem spanna litróf félagsvísindanna. Deildirnar sem taka þátt í Þjóðarspeglinum eru félags- og mannvísindadeild, félagsráðgjafadeild, stjórnmálafræðideild, hagfræðideild, viðskiptafræðideild og lagadeild.

Málstofurnar standa yfir frá 9 til 17 í dag í Háskóla Íslands og eru öllum opnar. Dagskrána má finna á thjodarspegilinn.hi.is. - þeb

**Í RÚSTUM** Meðal þeirra bygginga sem skemmdust mikið í sprengingunum var leikskóli í nágrenni dómsmálaráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Handtökur í Bagdad:

## Tugir í haldi vegna árása

**ÍRAK, AP** Tugir hermanna og lögreglumanna hafa verið handteknir í tengslum við sprengjuárásir í Bagdad, höfuðborg Íraks, um síðustu helgi. Árásirnar voru þær mannskæðustu í landinu í rúm tvö ár og urðu 155 manns að bana.

Sprengjurnar sprungu í tveimur bílum í miðborg Bagdad á sunnudaginn. Mennirnir voru handteknir vegna þess að þeir báru ábyrgð á öryggisgæslu á svæðinu þegar árásirnar urðu. Rannsókn málsins beinist nú að því hvort þeir gerðust sekir um vanrækslu eða hvort þeir beinlínis hjálpuðu árásarmönnunum. - þeb

Ráðstöfunarfé ráðherra:

## Hafa úthlutað 80 milljónum

**STJÓRNMÁL Frá bankahruninu hafa ráðherrar úthlutað rúmlega 80 milljónum króna af ráðstöfunarfé sínu. Frá aldamótum hafa ráðherrar úthlutað tæpum 800 milljónum.**

**Fram kom í Kastljósi í gær að Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefði styrkt ævisöguritun Einars Benediktssonar um 300 þúsund krónur af ráðstöfunarfé sínu. Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, vill minnka ráðstöfunarfé ráðherra og setja um það skýrari reglur.** - þeb

# Tækjum var fjölgað á yfirfullri gjörgæslu

**Bætt hefur verið við tækjabúnað á Landspítalanum vegna svínaflensunnar. Gjörgæsludeildir hans fylltust aðfaranótt fimmtudags og staðan var lítið skárri í gær. Í haust hafa yfir hundrað manns verið lagðir inn vegna flensunnar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Gjörgæsludeildir Landspítala í Fossvogi og á Hringbraut fylltust aðfaranótt fimmtudags, þegar þar lágu níu sjúklingar með svínaflensu, auk hinna sem þar voru af öðrum orsökum.

MÁR KRISTJÁNNSON

„Sjúklingar sem hefðu þurft að fara á gjörgæslu hefðu ekki komist inn," segir Már Kristjánsson, yfirmaður smitsjúkdómadeildar spítalans. Spurður um viðbrögð ef fleiri hefðu þurft að leggjast inn á gjörgæslu segir Már að í þeirri stöðu hefði þurft að kalla til starfsfólk af öðrum deildum spítalans eða starfsfólk sem var heima í hvíld.

„Við höfum þurft að bæta við töluverðum tækjabúnaði vegna flensunnar," segir Björn Zoëga, forstjóri spítalans. „Um er að ræða tvö gervilungu, svo og sprautudælur sem dæla lyfjum í gjörgæslusjúklinga. Einnig höfum við skoðað skilvindu fyrir fólk sem lendir í nýrnabilun sem fylgir oft svona sjúkdómum."

Á Landspítala lágu 35 um hádegi í gær, þar af átta á gjörgæslu. Það var heldur færra en á miðvikudag, því þá voru 39 inflúensusjúklingar inniliggjandi, þar af níu á gjörgæsludeild. Tólf voru lagðir inn á einum sólarhring en tveir voru útskrifaðir á sama tíma. Meira reyndi á miðvikudag á starfsemi Landspítala vegna inflúensunnar en nokkru sinni frá því faraldurinn hófst.

**LANDSPÍTALINN** Auk svínaflensunnar hefur verið mikið um önnur alvarleg veikindi og slys sem hafa krafist innlagnar á gjörgæsludeild síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vegna þessarar stöðu var viðbúnaður á Landspítala í gær færður á svokallað virkjunarstig, samkvæmt viðbragðsáætlun spítalans. Þetta er næstefsta stig af fjórum sem skilgreind eru í áætluninni. Efst er neyðarstig. Á virkjunarstigi viðbúnaðar gæti þurft að draga úr innlögnum sjúklinga og fresta þeim aðgerðum sem unnt er að fresta á Landspítalanum.

Alls hafa 6.609 manns greinst með inflúensueinkenni hérlendis. Frá 23. september hafa yfir hundrað manns verið lagðir inn á sjúkrahús hér vegna inflúensu, þar af tæplega níutíu manns á Landspítala. Af þeim eru þrír af hverjum fjórum með undirliggjandi sjúkdóma.

### HEIMSÓKNIR TAKMARKAÐAR

Farsóttarnefnd Landspítala ítrekar tilmæli sín til almennings um að takmarka heimsóknir sínar til sjúklinga á sjúkrahúsinu á meðan á inflúensufaraldrinum stendur. Einungis þeir sem eiga brýnt erindi mega koma inn á spítalann; aðrir eru hvattir til að nota símann og tala við sjúklingana sjálfa eða starfsfólk viðkomandi deildar.

Frá októberbyrjun hafa fjórtán sjúklingar verið lagðir inn á gjörgæsludeildir með staðfesta inflúensu eða grun um hana. Síðdegis í gær voru alls níu á gjörgæsludeildum, þar af einn á Akureyri og átta á Landspítala, eins og áður sagði. jss@frettabladid.is

Hæstiréttur um Glitni:

## Mátti kaupa bréf á yfirverði

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur snúið við dómi héraðsdóms í máli Vilhjálms Bjarnasonar gegn Glitni og sýknað bankann af kröfum Vilhjálms.**

**Vilhjálmur stefndi bankanum vegna kaupa á hlutabréfum Bjarna Ármannssonar, fyrrum forstjóra Glitnis, í bankanum. Bjarni seldi bréfin við starfslok sín árið 2007 á talsvert hærra gengi en markaðsvirði þeirra var. Öðrum hluthöfum buðust ekki sömu kjör og vegna þess höfðaði Vilhjálmur mál. Héraðsdómur hafði komist að þeirri niðurstöðu í febrúar að stjórn bankans hefði hvorki gætt hagsmuna bankans né hluthafanna við kaupin á bréfum Bjarna.** - þeb

Frjálslyndi flokkur og Ólafur:

## Enn deilt um fjárframlögin

**REYKJAVÍK** Enn er óljóst hver fær lögbundin fjárframlög til stjórnmálasamtaka; F-listi eða Frjálslyndi flokkurinn. Erindi lögmanns Ólafs F. Magnússonar, borgarfulltrúa F-lista, var vísað til innri endurskoðanda.

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

Deilur hafa staðið um framlögin, en Ólafur var kjörinn í borgarstjórn fyrir F-lista Frjálslyndra og óháðra árið 2006, en gekk síðar úr Frjálslynda flokknum. Hann telur, og styður með lögfræðiáliti, að greiðslurnar eigi að renna til borgarstjórnarflokkanna, ekki stjórnmálaflokka á landsvísu. Frjálslyndi flokkurinn hefur haldið öðru fram og nú hefur nýjum gögnum verið vísað til innri endurskoðenda borgarinnar. - kóp

Glitnir lánaði tíu börnum fyrir stofnfjárkaupum í Byr árið 2007:

# Barnalán verða ekki innheimt

**VIÐSKIPTI** Glitnir lánaði tíu börnum milljónir króna til stofnfjárkaupa í Byr árið 2007. Lánin voru ólögleg og hafa skuldir barnanna því verið felldar niður.

Stofnfé í Byr var aukið um þrjátíu milljarða haustið 2007. Stofnfjáreigendur fengu allir boð um að kaupa meira og var þeim bent á fjármögnunarsamning við Glitni. Börnin voru meðal stofnfjáreigenda og foreldrar þeirra óskuðu eftir lánum fyrir börn sín. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði samþykkti í nokkur skipti að stofnfjárbréf væru skráð á börn, en heimilaði ekki lántökur á þeirra nöfnum.

Málin hafa verið í skoðun hjá Íslandsbanka frá stofnun nýja bankans. Sú athugun leiddi í ljós að þrátt fyrir að forráðamenn barnanna hafi átt frumkvæði að lántökunum lá ekki fyrir samþykki sýslumanns, sem er yfirlögráðandi, fyrir þeim. Lánssamningarnir teljast því ógildir og verða skuldirnar ekki innheimtar, samkvæmt tilkynningu frá Íslandsbanka. Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að bankinn harmi málið í alla staði. - þeb

**BYR Í HAFNARFIRÐI** Glitnir fjármagnaði stofnfjáraukningu Byrs árið 2007, sem var sú stærsta á Íslandi. Tíu börn voru á meðal lánþeganna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# FJÖLSKYLDAN

*(ágúst í Osage-sýslu)*

## Stórbrotin leikhúsveisla

### Frumsýnt í kvöld kl. 19 - UPPSELT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 30/10 | kl. 19 | UPPSELT | Sun 15/11 | kl. 19 | UPPSELT | Sun 6/12 | kl. 19 | örfá sæti |
| Lau 31/10 | kl. 19 | UPPSELT | Mið 18/11 | kl. 19 | UPPSELT | Fös 11/12 | kl. 19 | UPPSELT |
| Sun 01/11 | kl. 20 | UPPSELT | Fös 20/11 | kl. 19 | UPPSELT | Sun 13/12 | kl. 19 | |
| Fös 06/11 | kl. 19 | UPPSELT | Sun 22/11 | kl. 19 | UPPSELT | Lau 19/12 | kl. 19 | |
| Sun 08/11 | kl. 19 | UPPSELT | Fim 26/11 | kl. 19 | UPPSELT | Mið 30/12 | kl. 19 | örfá sæti |
| Fim 12/11 | kl. 19 | UPPSELT | Fös 27/11 | kl. 19 | UPPSELT | | | |
| Fös 13/11 | kl. 19 | UPPSELT | Lau 5/12 | kl. 19 | UPPSELT | | | |

**Sýningin er þrír þættir, hver 1 klst. að lengd. Hlé er eftir 1. og 2. þátt.**

**Njóttu leikhúsveislunnar til fulls og fáðu þér lystauka í hléi**

Glæsilegir smurbrauðsplattar fyrir tvo eða fleiri frá 2.490 kr. Pantaðu fyrir sýningu og þín bíður ljúffengur lystauki í hléi.

Miðasala í síma **568 8000** og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

**GENGIÐ 29.10.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,76 | 125,36 |
| Sterlingspund | 205,37 | 206,37 |
| Evra | 183,96 | 184,98 |
| Dönsk króna | 24,710 | 24,854 |
| Norsk króna | 21,878 | 22,006 |
| Sænsk króna | 17,783 | 17,887 |
| Japanskt jen | 1,3738 | 1,3818 |
| SDR | 198,02 | 199,20 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,2415
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Laganemi segir frávísun af aðalfundi LÍÚ vegna skrifa sinna um sjávarútveg:

# Segir pólitík á bak við frávísun

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Finnbogi Vikar Guðmundsson, laganemi við Háskólann á Bifröst, fullyrðir að honum hafi verið vísað út af aðalfundi LÍÚ í gær vegna gagnrýninna skrifa um fiskveiðistjórnunarkerfið í vor. Finnbogi segist hafa sótt fundinn til að afla sér upplýsinga um sjávarútveg. Hann situr í starfshópi á vegum sjávarútvegsráðherra sem ætlað er að endurskoða fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar, og var tilnefndur af Borgarahreyfingunni.

„Ég tengi þetta atvik beint við skrif okkar Þórðar Más Jónssonar um kerfisbundna misnotkun á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

FINNBOGI VIKAR GUÐMUNDSSON
Var vísað út af aðalfundi LÍÚ í gær.

Ég vissi ekki að þetta risti svona djúpt," segir Finnbogi. Hann segir að sér hafi verið vísað á dyr eftir að upplýsingafulltrúi LÍÚ hafði „ráðfært sig við yfirboðara sína".

Sigurður Sveinn Sverrisson, upplýsinga- og kynningarmálafulltrúi LÍÚ, segir ekki ástæðu til að gera frávísun Finnboga tortryggilega enda sé hún á engan hátt persónuleg. Finnbogi hafi leitað til hans til að fá upplýsingar um hvort honum væri heimilt að sitja fundinn þótt óboðinn væri. Hann hafi síðan fengið staðfest að svo væri ekki. „Aðalfund LÍÚ sitja bara boðsgestir, fulltrúar fjölmiðla og þeir sem eru kjörgengir aðalfundarfulltrúar útvegsmanna. Þannig hefur það ávallt verið." - shá

Norðurlandaráð:

# Helgi Hjörvar kosinn forseti

**NORÐURLANDARÁÐ** Helgi Hjörvar, alþingismaður Samfylkingarinnar, var kosinn forseti Norðurlandaráðs á Norðurlandaráðsþingi í Stokkhólmi á fimmtudag.

HELGI HJÖRVAR

Helgi Hjörvar tekur við forsætinu um áramót þegar Ísland tekur við formennsku af Svíum.

Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, var jafnframt kjörinn varaforseti Norðurlandaráðs.

Gordon Brown á fundi ESB:

# Blair yrði frábær forseti

**BELGÍA, AP** Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, yrði frábær sem fyrsti forseti Evrópusambandsins. Þetta kom fram í máli Gordons Brown, núverandi forsætisráðherra landsins, á fundi leiðtoga Evrópusambandsríkjanna í gær, Skoðanir eru skiptar á meðal leiðtoganna um væntanlegan forseta. Andstaða við Blair er þó nokkur, ekki síst vegna þess að Bretar eru hvorki hluti af myntbandalaginu né Schengen-samstarfinu.

TONY BLAIR

Enginn hefur enn lýst yfir framboði í embætti forseta sambandsins, og ekki hefur verið skilgreint nákvæmlega í hverju starfið mun felast. - þeb

Hætttuleg líkamsárás:

# Braut flösku á hálsi manns

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af níu á skilorði, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og fíkniefnaakstur.

Maðurinn sló annan mann í hálsinn með glerflösku með þeim afleiðingum að flaskan brotnaði og fórnarlambið hlaut tólf sentimetra langt, opið sár hægra megin á hálsi og tvö önnur minni.

Árásarmaðurinn játaði sök fyrir dómi. Með þessum brotum rauf hann skilorð. Auk fangelsisdómsins var hann dæmdur til að greiða þeim sem hann sló rúmar 400 þúsund krónur og var jafnframt sviptur ökurétti í fjóra mánuði. - jss

# Ríkisendurskoðun telur brot yfirlæknis HSA vera alvarleg

**Ríkisendurskoðun telur að í starfi yfirlæknis Heilbrigðisstofnunar Austurlands hafa verið alvarlegar brotalamir. Mun þó ekkert aðhafast. Heilbrigðisráðherra mun kanna úrræði. Óháðir aðilar fara yfir málið.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun telur að í starfi yfirlæknis Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) hafi verið alvarlegar brotalamir. Í 26 tilvikum hafi hann krafist of hárrar þóknunar fyrir vinnu sína. Þá hafi einnig verið brotalamir á lögboðinni færslu í sjúkraskrá. Þrátt fyrir það mun ríkisendurskoðun ekki aðhafast frekar í málinu.

Stofnunin hvetur hins vegar heilbrigðisráðuneytið til að „ganga rækilega úr skugga um hvaða úrræðum viðeigandi sé að beita í þessu máli" líkt og segir í bréfi hennar til ráðuneytisins.

ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Heilbrigðisráðherra, Álfheiður Ingadóttir, segir að brugðist verði við þessari hvatningu ríkisendurskoðunar. „Ráðuneytið mun verða við þessu. Það verður kannað til hvaða úrræða þarf að grípa," segir ráðherra.

Álfheiður segir að jafnframt hafi verið ákveðið að verða við ósk bæjarráðs Fjarðarbyggðar um að fenginn verði sjálfstætt starfandi úttektaraðili til að ræða við starfsmenn og stjórnendur um starfsumhverfið. „Ráðuneytið er að kanna, í framhaldi af þessum tilmælum ríkisendurskoðunar, hver staðan er. Markmiðið er auðvitað að finna lausn sem allir geta sætt sig við," segir Álfheiður.

Yfirlækninum, Hannesi Sigmarssyni, var vikið tímabundið frá störfum í febrúar. Þá hófst rannsókn á vinnulagi Hannesar og meintum fjárdrætti. Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að í 26 tilvikum hafi Hannesi „verið eða mátt vera ljóst að hann ofkrafði HSA um þóknun fyrir vinnu sína", segir í bréfi stofnunarinnar.

STOFNUNIN Frestur til að áfrýja ákvörðun um að kæra ekki yfirlækni Heilbrigðisstofnunar Austurlands rennur út um mánaðamót. Ríkisendurskoðun telur að alvarleg brotalöm hafi verið í starfi hans.

Lögreglurannsókn fór fram en 30. september var ákveðið að kæra ekki. Frestur til að áfrýja þeirri ákvörðun rennur út um mánaðamótin.

Einar Rafn Haraldsson, forstjóri HSA, sagðist ekki vilja tjá sig um framhaldið fyrr en viðbrögð hefðu borist frá ráðuneytinu. Eftir stæði að læknirinn hefði fengið ofgreitt fyrir vinnu sína.

Þess má geta að Persónuvernd hefur nú afturkallað leyfi sem stofnunin hafði í janúar síðastliðnum veitt Hannesi og öðrum lækni á heilsugæslunni til að nota sjúkraskrár í rannsókn á starfsemi heilsugæslunnar. Hannes hafði sjálfur skrifað upp á heimild til notkun sjúkraskránna fyrir hönd heilsugæslunnar. Í reynd var það lækningaforstjórinn sem átti að veita slíkt samþykki. Lækningaforstjórinn gerði síðar athugasemd við Persónuvernd sem afturkallaði leyfið eftir að hafa skoðað málavexti.

kolbeinn@frettabladid.is
gar@frettabladid.is

## VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir
Veður-fréttamaður

**BETRA VEÐUR UM HELGINA** Það verður leiðinlegt veður í dag sérstaklega vestanlands en þar verður heldur vindasamt. Það bætir síðan í vind og vætu norðan og austantil þegar kemur fram á síðdegið. Mun skaplegra veður verður á morgun og á sunnudag léttir til en kólnar heldur.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 16° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 16° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 6° |
| París | 16° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

## SVÍNAKÓTELETTUR Í KÓKOSKARRÍ fyrir 4

*að hætti Rikku*

4 beinlausar svínakótelettur
1 ½ msk ólífuolía
400 g sætar kartöflur, afhýddar og skornar í bita
1 ½ tsk Pottagaldra fennelfræ
1 rauðlaukur, sneiddur
4 tómatar, skornir í bita
10 sveskjur, skornar til helminga
150 g sykurbaunir
2 ½ msk Blue Dragon rautt karrímauk
400 ml Blue Dragon létt kókosmjólk
safi af 1 límónu
2 msk sojasósa
salt og pipar
handfylli af fersku kóríander, saxað
handfylli af möndlu flögum

Steikið svínakóteletturnar við meðalhita upp úr smá olíu í mínútu á hvorri hlið. Raðið þeim í eldfast mót og kryddið með salti og pipar. Steikið sætu kartöflurnar stuttlega ásamt fennelfræjunum og rauðlauknum. Bætið tómötum, sveskjum og sykurbaunum út í ásamt karrímaukinu, kókosmjólkinni, sojasósunni og límónusafanum. Látið malla í 5 mínútur og hellið yfir kóteletturnar og bakið í 25-30 mínútur við 180°C. Berið fram með hrísgrjónum og stráið kóríander og möndlum yfir.

380 kkal / 19% af RDA
Prótín: 39 g / 78% RDA
Fita: 18.7 g / 29% RDA
Kolvetni: 18 g / 6%RDA
C-vítamín: 50.8 mg / 85%RDA
Níasín (B3-vítamín): 17.1 mg / 85% RDA
B6-vítamín: 1.4 mg / 70% RDA
Þíamín (B1-vítamín): 1 mg / 67% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.

**Svínabuff** | **Svínavöðvi í sneiðum** | **Svínahnakki í sneiðum** | **Hamborgarhryggur** | **Rifjasteik**

**Graasten brauðsalöt**
margar tegundir

**Eplaskífur**
20 stk. í poka, frystivara

**Samba súkkulaðibollur**
2 tegundir

**Nupo shake og orkustykki**
gott á milli mála

**Ekta danskar pylsur**

**Jolly cola**

**Frönsk pylsubrauð og pylsusósa**

**Merrild BLACK kaffi**
3 tegundir

24 Hagkaup OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

## KJÖRKASSINN



*Gætir þú hugsað þér að skipta yfir í rafbíl?*

| | |
|---|---|
| Já | 73,8% |
| Nei | 26,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á ríkisstjórnin að hætta við fyrirhugaða orku- og auðlindaskatta?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Bæjarráð Kópavogs bregst við kvörtun íbúa og lokar kortavefsjá á vefsetri:

# Vefsjá talin stríða gegn lögum

**PERSÓNUVERND** „Enginn vafi er á því að hægt er að nota þessar upplýsingar í vafasömum tilgangi og engin ástæða til þess að þær séu aðgengilegar öllum," segir í umsögn Þórðar Clausen Þórðarsonar, bæjarlögmanns í Kópavogi, vegna kvörtunar um kortavefsjá á heimasíðu bæjarins.

Að því er fram kemur í umsögn Þórðar kvartaði íbúi í Kópavogi til Persónuverndar undan kortavefsjá á vefsetri bæjarins. Þar væri meðal annars hægt að nálgast teikningar af einkaheimilum manna, upplýsingar um fjölda íbúa í hverju húsi og aldur þeirra. „Að þessar upplýsingar séu aðgengilegar öllum, geti til dæmis verið gagnlegar fyrir innbrotsþjófa," vitnar bæjarlögmaður til ábendinga íbúans.

Þórður kvað það vart standast lög um persónuvernd og meðferð persónupplýsinga að vera með svo ítarlega upplýsingagjöf á vefsíðu bæjarins. Bæjarráð samþykkti tillögu hans um að loka kortavefsjánni þar til afstaða Persónuverndar lægi fyrir og hefur það þegar verið gert. Ekki er ljóst hvenær niðurstaða Persónuverndar fæst. - gar

**HEIMASÍÐA KÓPAVOGSBÆJAR** Íbúi í Kópavogi taldi innbrotsþjófa geta notfært sér upplýsingar í kortavefsjá bæjarins og henni hefur verið lokað á meðan Persónuvernd skoðar málið.

Fitch með skurðarhníf á lofti:

# Lækkar lánshæfismatið

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's lækkaði lánshæfismat Portúgals í gær en setti lánshæfismat Grikklands á athugunarlista.

Ástæðan fyrir verra lánshæfi Grikklands er erfið skuldastaða þjóðarbúsins, sem nemur 12,5 prósentum af landsframleiðslu. Horfur voru færðar úr stöðugum í neikvæðar. Sömu sögu er að segja af Portúgal.

Reuters hafði eftir sérfræðingum í gær að niðurstaðan hefði ekki komið á óvart í kjölfar stjórnarskipta í Grikklandi í síðustu viku þegar vinstri stjórn tók við valdastólum. - jab

**WAL-MART** Einkaneysla jókst verulega í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hagvöxtur mælist í BNA:

# Bestu tölurnar sem sjást í ár

**EFNAHAGSMÁL** Hagvöxtur jókst um 3,5 prósent í Bandaríkjunum á þriðja ársfjórðungi. Niðurstaðan er nokkuð umfram væntingar. Þetta eru fyrstu jákvæðu hagtölurnar sem sést hafa í þessa átt vestanhafs í rúmt ár.

Fréttastofa Bloomberg bendir á að hagvöxturinn sé öðru fremur knúinn áfram af mikilli aukningu í einkaneyslu og betri tíð í verktakageiranum.

Bloomberg segir stjórnvöldum sniðinn þröngur stakkur. Halli á fjárlögum hefur aldrei verið meiri og útlit er fyrir að atvinnuleysi muni aukast. - jab

Annir hjá Fjölskylduhjálpinni:

# Óskað eftir aðstoð fyrirtækja

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjölskylduhjálp Íslands býst við annríki í aðdraganda jólanna en árið í ár hefur verið það annasamasta í sex ára sögu samtakanna.

Fjölskylduhjálpin hefur óskað liðsinnis tæplega fimm þúsund fyrirtækja til að geta staðið straum af öllum þeim umsóknum um aðstoð sem víst er að berist fyrir jól.

Í bréfi til forsvarsmanna fyrirtækjanna kemur fram að skjólstæðingar Fjölskylduhjálparinnar þurfa að sýna tilskilin gögn til að njóta aðstoðar. - bþs

**ÁSGERÐUR JÓNA FLOSADÓTTIR** Framkvæmdastjóri Fjölskylduhjálpar Íslands.

# Greiði Skógræktinni 608 milljónir króna

**Hafnarfjarðarbær á að borga Skógrækt ríkisins 608 milljónir króna fyrir 16 hektara í Kapelluhrauni, segir matsnefnd eignarnámsbóta. Allar lóðir seldust en var skilað eftir hrun. Bærinn leitar ef til vill til dómstóla, segir bæjarlögmaður.**

**DÓMSMÁL** Matsnefnd eignarnámsbóta hefur úrskurðað að Hafnarfjarðarbær eigi að greiða Skógrækt ríkisins rúmar 608 milljónir króna fyrir 160 þúsund fermetra af landi í Kapelluhrauni.

Hafnarfjarðarbær fékk landið í Kapelluhrauni afhent í apríl 2008 og skipulagði þar byggingarlóðir. Ekki náðist samkomulag við Skógrækt ríkisins um kaupverð og kom því til kasta matsnefndar eignarnámsbóta.

Skógræktin taldi að miða ætti við úrskurð matsnefndarinnar frá árinu 2005 í máli Kjartans Gunnarssonar og Reykjavíkurborgar. Þá hafi Kjartan á núverandi verðlagi fengið ríflega sex þúsund krónur á hvern fermetra af um 36 þúsund fermetra landi sínu við Norðlingaholt. Skógræktin benti á að fyrri hluta árs 2008 hefði verið mikil eftirspurn eftir byggingarlandi á höfuðborgarsvæðinu og kvaðst telja að greiða ætti minnst einn milljarð og 72 milljónir króna fyrir landið. Þar af væru tæpar 69 milljónir í vexti frá því í apríl 2008.

**GÍSLI VALDIMARSSON**

Fyrir sitt leyti krafðist Hafnarfjarðarbær þess að matsnefndin miðaði við stöðuna á fasteignamarkaði eins og hún væri orðin eftir bankahrunið. Umrædd eign væri „í raun óseljanleg á almennum markaði" og eini raunhæfi kaupandinn að landinu væri bærinn sjálfur. „Það voru allar lóðirnar á þessu svæði farnar og margir að bíða en þeim hefur öllum verið skilað aftur og gatnagerð hætt," segir Gísli Valdimarsson, formaður skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar, við Fréttablaðið.

Matsnefndin segir að í þessu máli eigi matið á landinu að miða við fasteignaverð eins og það var í apríl 2008 „enda hefði landið skipt um hendur á því verði ef samkomulag hefði náðst. Hafnarfjarðarbæ bæri að taka áhættuna af þeirri verðlækkun sem orðið hefur á landi og lóðum síðan". Varðandi samanburðinn við áðurnefnt land Kjartans Gunnarssonar segir matsnefndin hins vegar að landið í Kapelluhrauni sé verr staðsett og henti ekki eins vel til bygginga og landið í Norðlingaholti.

Niðurstaðan varð því sú að Skógræktin fær 3.800 krónur á hvern fermetra eða alls rúmar 608 milljónir eins og fyrr sagði. „Þetta er ekki endanlegt. Við munum nú skoða málið og ákveða hvort bærinn unir niðurstöðunni eða beri hana undir dómstóla," segir Anna Jörgensdóttir, bæjarlögmaður í Hafnarfirði.

gar@frettabladid.is

**Í KAPELLUHRAUNI** Þegar hefur verið skilað inn lóðum sem skipulagðar voru á landi sem Hafnarfjarðarbær tók eignarnámi af Skógrækt ríkisins í Kapelluhrauni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðkirkjan greiði Sigríði Guðmarsdóttur bætur fyrir brot á jafnréttislögum:

# Fær 1,6 milljónir frá kirkjunni

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hefur dæmt séra Sigríði Guðmarsdóttur ríflega 1,6 milljónir króna í skaðabætur fyrir brot á jafnréttislögum. Sigríður krafðist ríflega fjórtán milljóna, en aðalkröfu hennar var hafnað og gengið að varakröfunni.

Sigríður sótti um embætti sendiráðsprests í London árið 2003 líkt og karlkyns umsækjandi. Karlmaðurinn hlaut stöðuna og kærði Sigríður þá niðurstöðu til jafnréttisnefndar þjóðkirkjunnar. Nefndin komst að því að stöðuveitingin hefði verið brot gegn jafnréttisáætlun kirkjunnar, enda væri enginn kvenprestur starfandi við íslensk sendiráð.

Sigríður fór í kjölfarið í mál við kirkjuna og krafðist að réttur sinn til skaðabóta vegna brots á jafnréttislögum yrði viðurkenndur. Hún hafði sigur í því máli árið 2006.

Nú er skaðabótaupphæðin orðin klár: 1.637 þúsund krónur. Upphæðin byggist á því tekjutapi sem Sigríður varð fyrir við það að verða af starfinu í sendiráðinu. Þar koma bæði til hefðbundnar tekjur, sem eru lægri hjá sendiráðsstarfsmönnum en prestum, og einnig staðaruppbót vegna búsetu erlendis. - sh

**SIGRÍÐUR GUÐMARSDÓTTIR** Fór fram á ríflega fjórtán milljónir en fékk 1,6. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Best í heimi

ISAL náði bestum árangri allra álvera heims við að lágmarka losun flúorkolefna árið 2008.* Flúorkolefni eru sterkar gróðurhúsalofttegundir og stór hluti af heildarlosun margra álvera. Með því að skara fram úr á þessu sviði losar álverið í Straumsvík 130 þúsund tonnum minna af CO2-ígildum á ári en ef losun þess væri í meðallagi. Þess vegna segjum við hiklaust: „Það er gott að framleiða ál í Straumsvík!“

Það er stefna fyrirtækisins að vera í fremstu röð í allri starfsemi sinni, hafa stöðugar umbætur að leiðarljósi og starfa ávallt í sátt við umhverfi og samfélag. Lykillinn að góðum árangri okkar er metnaður, þekking og hæfni starfsfólks okkar.

* Samkvæmt nýrri skýrslu International Aluminium Institute.

Samanburður á ISAL og meðallosun álvera




Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000

www.riotintoalcan.is

Rio Tinto Alcan
ISAL–STRAUMSVÍK

## VEISTU SVARIÐ?

1 *Skjalasafn hvers var nýverið afhent Reykjavíkurborg að gjöf?*

2 *Yfir eitt hundrað fórust í sprengjuárás í Pakistan á miðvikudag. Í hvaða borg?*

3 *Hver skoraði eina mark íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu gegn Norður-Írum í fyrrakvöld?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Byggðastofnun seldi brunahúsið í Grundarfirði á fimm milljónir árið 2007:

# Virðið áttfaldaðist á tveimur árum

**LÖGREGLUMÁL** Byggðastofnun seldi húsnæði í Grundarfirði, sem brann í lok ágúst í sumar, fyrir fimm milljónir í desember árið 2007. Síðasti eigandi þess, karlmaður sem nú situr í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu á skipulagðri glæpastarfsemi, fékk nýverið tæplega fjörutíu milljónir króna út úr tryggingunum vegna brunans.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru meðal annars til rannsóknar hjá lögreglu meint tryggingasvik vegna þessa máls. Fyrirtæki mannsins keypti húsnæðið í janúar á þessu ári. Rannsókn lögreglu hefur meðal annars snúist um ástæður þess að brunabótamat húsnæðisins hefur hækkað um ríflega tíu milljónir króna frá árinu 2006, þegar það var í eigu Byggðastofnunar.

„Ég fór að skoða þetta húsnæði eftir að Byggðastofnun eignaðist það árið 2006 á nauðungarsölu," segir Hjalti Árnason, yfirmaður lögfræðisviðs Byggðastofnunar. „Þetta var eins konar skemma. Það var ekki mikil eign í þessu og að lokum seldum við hana ári seinna á fimm milljónir króna."

Umrætt húsnæði skipti svo tvívegis um eigendur en upp úr áramótum 2009 keypti fyrirtæki í eigu mannsins sem nú sætir gæsluvarðhaldi húsið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GRUNDARFJÖRÐUR** Húsnæðið sem um ræðir brann í ágúst.

Ísafjarðarbær og Vestri:

# Ætla að efla sundmenningu

**VESTFIRÐIR** Ísafjarðarbær og sundfélagið Vestri munu hrinda af stað átaki til að efla sundmenningu í bænum á þriðjudaginn kemur. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.

Átakið var styrkt af Héraðssambandi Vestfirðinga og felst í því að sundþjálfari frá Vestra mun bjóða upp á tilsögn á bakka í Sundhöllinni á Ísafirði þrisvar í viku. Einnig munu starfsmenn Sundhallarinnar skrá sundferðir og vegalengdir þátttakenda og þegar fólk hefur náð vissum fjölda kílómetra mun það hljóta viðurkenningu. Átakið hefst þriðjudaginn 3. nóvember.

Brúðkaup í Sómalíu:

# 95 ára aldursmunur hjóna

**SÓMALÍA Mörg hundruð brúðkaupsgestir voru viðstaddir þegar Ahmed Dore gekk að eiga Safíu Abdulleh í bænum Guriceel í Sómalíu.**

**Brúðguminn er að eigin sögn 112 ára gamall en brúðurin 17 ára. Aldursmunurinn er því níutíu og fimm ár.**

**Ahmed á þegar átján börn með fimm eiginkonum og hann segist vilja eignast fleiri með Safíu. Fréttaritari BBC í Sómalíu hefur eftir foreldrum brúðarinnar að hún sé sæl með eiginmanninn.**

**Ahmed segir að hann hafi ekki neytt Safíu til ráðahagsins heldur hafi hann notað reynslu sína til þess að sannfæra hana um ást sína.**

**Svo hafi þau ákveðið að giftast.** **- ót**

Árni Bergmann fékk Umhverfisverðlaun LÍÚ:

# Dregur úr olíueyðslu

**UMHVERFISMÁL** Árni Bergmann Pétursson, forstjóri Rafs ehf. á Akureyri, hlaut í gær Umhverfisverðlaun LÍÚ 2009. Viðurkenninguna fékk hann fyrir rannsóknar- og þróunarvinnu við svokallaða rafbjögunarsíu. Notkun búnaðarins, sem er framleiddur hjá HBT, um borð í fiskiskipum hefur leitt til allt að tíu prósenta olíusparnaðar með tilheyrandi minnkun útblásturs. Það staðfesta mælingar úr skipum Þorbjarnar hf. í Grindavík, þar sem þessi búnaður hefur verið settur upp.

Afhending Umhverfisverðlauna LÍÚ er orðin fastur þáttur í störfum aðalfundar samtakanna. Verðlaunin voru nú afhent í ellefta sinn. Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, afhenti Árna verðlaunin á aðalfundi LÍÚ í gær.

**- shá**

**HUGVIT VERÐLAUNAÐ** Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra veitti Árna Bergmann verðlaunin á aðalfundi LÍÚ í gær. MYND/LÍÚ

**ÁLFTANESLAUG** Sveitarstjórnin undirbýr að leita aðstoðar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. 832 milljóna króna halli varð á rekstrinum í fyrra. Í ár er áætlað að hallinn verði 86 milljónir.

# Sundlaugin að kaffæra sveitarfélagið

**Álftanes hefur óskað eftir aðstoð frá eftirlitsnefnd sveitarfélaga. Er með 2,5 milljarða gengistryggða skuldbindingu vegna leigugreiðslna af nýrri sundlaug. Aukafundur í bæjarstjórn í næstu viku.**

**SVEITARFÉLÖG** Sveitarfélagið Álftanes þarf að óbreyttu að greiða meira en 200 milljónir króna í leigugreiðslur á næsta ári til Eignarhaldsfélagsins Fasteignar (EFS) vegna sundlaugar sem tekin var í notkun í sumar, að sögn Kristins Guðlaugssonar, forseta bæjarstjórnar. Leigugreiðslur til Fasteignar á þessu ári eru áætlaðar um 160 milljónir króna. Bæjarstjórnin samþykkti í fyrrakvöld að óska eftir aðkomu EFS að rekstri Álftaness. Sveitarstjórn er samkvæmt lögum skylt að leita til eftirlitsnefndar sveitarfélaga ef hún telur sér ekki unnt að standa í skilum.

EFS hefur ekki hafið formleg afskipti af málum Álftaness, að sögn Jóhannesar Finns Halldórssonar, starfsmanns nefndarinnar, en bæjarstjórn þarf að samþykkja á tveimur fundum að leita til nefndarinnar áður en hún tekur til starfa. Boðað hefur verið til aukafundar í bæjarstjórninni í næstu viku til þess að afgreiða málið endanlega.

Bæjarstjórnin samþykkti einnig í fyrrakvöld endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir þetta ár. Samkvæmt henni verður 86 milljóna króna halli á rekstrinum. Í fyrra var hallareksturinn 832 milljónir króna. Þá voru tekjurnar um 1.160 milljónir en eftir endurskoðun fjárhagsáætlunar þessa árs er gert ráð fyrir rúmlega 1.300 milljóna króna tekjum í ár.

Kristinn Guðlaugsson sagði við Fréttablaðið að samningurinn, sem gerður var árið 2007, við Eignarhaldsfélagið Fasteign væri stór þáttur í vanda sveitarfélagsins þótt fleiri þættir hefðu þar áhrif.

Jóhannes Finnur segir EFS ekki munu skoða fjárhag Álftaness formlega fyrr en eftir að málið hafi verið rætt öðru sinni í sveitarstjórninni á sérstökum aukafundi sem boðaður hefur verið í næstu viku. Þegar afskiptin hefjast mun EFS gera sjálfstæða rannsókn á fjárreiðum Álftaness og leggja áherslu á að vinna málið hratt og í samstarfi við sveitarstjórnina. Samkvæmt lögum er heimilt að hækka útsvar og fasteignaskatta um allt að 25 prósent ef sveitarfélag getur ekki „með eðlilegum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum". Jóhannes Finnur segir ekki tímabært að tjá sig um hvort til slíkra úrræða verði gripið.

peturg@frettabladid.is

## SELDU EIGNIR OG KEYPTU HLUTAFÉ

Í byrjun 2007 seldi Álftanes íþróttamannvirki sín ásamt lóð fyrir nýja sundlaug til Eignarhaldsfélagsins Fasteignar fyrir 785,7 milljónir króna. Um leið keypti sveitarfélagið hlutafé í Fasteign fyrir 394,6 milljónir króna og samdi við Fasteign um að fyrirtækið tæki að sér að byggja nýja sundlaug og leigja hana sveitarfélaginu. Álftanes er þriðji stærsti hluthafi Fasteignar, með tæplega fimmtán prósenta hlut, en stærstu eigendur eru Íslandsbanki og Reykjanesbær með um fjórðungshlut hvor aðili. Samningar Álftanesbæjar við Fasteign eru til þrjátíu ára og eru 55 prósent af leigugreiðslum gengistryggðar. Um síðustu áramót stóð skuldbinding bæjarins gagnvart Fasteign í um það bil 2,5 milljörðum króna. Leigugreiðslur þessa árs eru áætlaðar um 160 milljónir króna en yfir 200 milljónir króna á næsta ári.

GOÐI

KRYDDAÐ ROAST BEEF

**1.667** kr/kg

~~2.778 kr/kg~~

**40% afsláttur**

# Ódýrt að versla!

GOÐI

GRILLBORGARAR, 4 stk.

**448** kr/pk

~~659~~ kr/pk

**32% afsláttur**

GOÐI

SALTKJÖT, blandað

**695** kr/kg

~~1.086~~ kr/kg

**36% afsláttur**

UNGNAUTAHAKK, magnp.

**799** kr/kg

~~948~~ kr/kg

**30% afsláttur**

GRÍSASNITSEL Í RASPI
frystivara

**1.259** kr/kg

~~1.798~~ kr/kg

KJÖTSEL

**42% afsláttur**

BRAUÐSKINKA

**695** kr/kg

~~1.198~~ kr/kg

HANDSÁPA m/dælu 300ml

**299** kr/stk

~~399~~ kr/stk

**25% afsláttur**

**30% afsláttur**

BACON

**1.154** kr/kg

~~1.649~~ kr/kg

JÓLAKAKA

**220** kr/stk

~~439~~ kr/stk

**50% afsláttur**

**40% afsláttur**

PIK-NIK
kartöflusnakk 255g

**359** kr/stk

~~598~~ kr/stk

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 30. október - 1. nóvember eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*

**FJÖLDABRÚÐKAUP** Þessi hjón voru ein af mörgum brúðhjónum sem tóku þátt í fjöldabrúðkaupi á Suður-Indlandi. Í tilefni af því þurftu þau að maka lituðum gulum hrísgrjónum í hár hvors annars, en það er hluti af brúðkaupsathöfninni. NORDICPHOTOS/AFP

Átta manna gengi ákært fyrir milljónaþjófnaði:

# Stálu fyrir á þriðja tug milljóna

**DÓMSMÁL** Átta manna þjófagengi hefur verið ákært fyrir fjölmörg innbrot, þjófnaði, fjársvik og fíkniefnabrot. Um er að ræða hóp Pólverja sem létu greipar sópa á höfuðborgarsvæðinu í sumar og haust.

Fólkið sóttist einkum eftir skartgripum og dýrum tækjabúnaði, svo sem tölvum, myndavélum og flatskjáum. Það er ákært fyrir að hafa stolið eða haft í fórum sínum muni fyrir rúmlega tuttugu og sex milljónir, en sumt af því sem það stal var ekki verðmetið í ákærum á hendur því.

Þjófagengið stal í verslunum allt frá svínapurusteik til heils skartgripakassa sem einn úr hópnum hrifsaði úr höndum afgreiðslumanns í skartgripaverslun og hljóp með á brott. Í kassanum voru sex gullarmbönd og jafnmargar gullhálsfestar.

Þá braust fólkið inn á fjölmörg heimili og stal munum fyrir háar fjárhæðir. Mest virðist það hafa haft muni að verðmæti fjórar milljónir króna upp úr krafsinu í einu innbroti í heimahús. Einnig er það ákært fyrir allmörg innbrot í bíla og þjófnaði úr þeim.

Tveir úr hópnum eru ákærðir fyrir ítrekuð fjársvik, Þeir keyptu með debetkorti á nafni S.J. Schubert, útgefnu í Ástralíu. - jss

**ÞÝFIÐ** Hluti af þýfinu sem lögregla fann hjá fólkinu sem nú er ákært fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Nítján ára piltur:

# Stal gaskútum, gini og vodka

**DÓMSMÁL** Nítján ára piltur hefur verið dæmdur í tíu mánaða fangelsi, þar af sjö mánuði á skilorði, fyrir að stela sex gaskútum, sjö flöskum af Smirnoff vodka og einni af Gordons gini, auk fleiri þjófnaðarbrota.

Gaskútunum stal pilturinn frá fyrirtækjum eða útigrillum í nágrenni við heimili sitt á Akureyri. Auk þeirra og áfengisins stal pilturinn einnig afgreiðslukassa verslunar, tveimur leikjatölvum, peningum, greiðslukortum og fleiru sem hönd á festi.

Hann á langan brotaferil að baki. - jss

Umboðsmaður Alþingis:

# Útgáfa lagasafns úrskurðuð ólögleg

**STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis hefur vakið athygli Alþingis, forsætisráðherra og dómsmála- og mannréttindaráðherra á því að ekki hefur verið farið að lögum í útgáfu lagasafns í prentuðu formi hér á landi.**

**Í lögum frá 1929 kveður á um sérstaka laganefnd sem sjái um útgáfuna. Þessi nefnd virðist aldrei hafa verið skipuð heldur hefur verið stuðst við reglugerð dómsmálaráðuneytis um framkvæmdina á útgáfu lagasafnsins. Það er ekki í samræmi við lögin að mati umboðsmanns Alþingis og beinir hann þeim tilmælum til yfirvalda.**

**Því er framkvæmd á útgáfu lagasafnsins ólögleg.**

Alheimsdagur psoriasis:

# Framlag Gríms sagt ómetanlegt

**VIÐURKENNING** Grími Sæmundsen, lækni og forstjóra Bláa lónsins, var í gær veitt viðurkenning SPOEX, samtaka psoriasis- og exemsjúklinga, á alheimsdegi psoriasis. Segja samtökin framlag Gríms til psoriasis-meðferðar ómetanlegt en Bláa lónið hefur unnið markvisst að málefnum psoriasis-sjúklinga og er meðferð þess sögð einstök á heimsvísu.

GRÍMUR SÆMUNDSEN

Tilgangur alheimsdagsins var að fræða fólk um sjúkdóminn og vinna með þeim hætti gegn fordómum. Psoriasis er ekki smitandi en 125 milljónir manna þjást af honum. - bþs

Sérstök fjárhagsaðstoð:

# Fleiri börn njóta aðstoðar

**REYKJAVÍK Þeim börnum hefur fjölgað í Reykjavík sem njóta sérstakrar fjárhagsaðstoðar, en 379 hafa notið hennar á þessu ári. Aðstoðin stendur tekjulágum foreldrum til boða og er ætluð til að greiða fyrir þátttöku þeirra í félags- og tómstundastarfi.**

**Rétt til aðstoðarinnar hafa foreldrar sem hafa lægri mánaðartekjur en sem nemur 115.567 á einstakling, eða 184.907 krónur á hjón eða sambúðarfólk. Viðmiðunarupphæð aðstoðarinnar er 11.635 krónur á mánuði. Í bókun velferðarráðs eru foreldrar hvattir til að nýta sér aðstoðina. „Öll börn eiga rétt á að njóta frístunda, leikja við jafnaldra og hollra skólamáltíða. Það er gleðiefni að hægt sé að veita slíka aðstoð og nauðsynlegt að kynna hana vel.“** - kóp

**MÁLIN RÆDD** Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra og Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, sjá strandveiðar ekki í sama ljósi. Hjá þeim stendur Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Strandveiðar dæmi um misnotkun valds

**Formaður LÍÚ hjó til beggja handa í setningarræðu aðalfundar í gær. Hann segir orð félagsmálaráðherra um sjávarútveg sýna þekkingarleysi og hroka. Strandveiðar eru hreinar atkvæðaveiðar, að hans mati.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, sagði við upphaf aðalfundar sambandsins í gær að strandveiðar sumarsins séu dæmi um misnotkun valds. „Strandveiðarnar eru komnar til að vera. Þær verða áfram í viðlíka umfangi og var í sumar,“ segir hins vegar Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra.

„Við höfum í áraraðir barist gegn óþolandi mismunun, þar sem ákveðnum hópum er hyglað á kostnað annarra í formi byggðakvóta, línuívilnunar og tilfærslu aflaheimilda til smábáta, nú síðast með strandveiðum,“ sagði Adolf í setningarræðu sinni. Bætti hann við að fjögur þúsund tonn af þorski hefði verið uppsett verð í „pólitískum atkvæðaveiðum“. Á sama tíma hafi aflaheimildir atvinnuútgerða og sjómanna verið skertar um 62 þúsund tonn af botnfiski.

Sjávarútvegsráðherra kom í pontu á eftir Adolfi en minntist ekki á strandveiðikerfið í sinni ræðu. Aðspurður vildi hann ekkert tjá sig um gagnrýni formannsins. Hans framtíðarsýn á strandveiðikerfið er sú að það sé opnun inn í fiskveiðistjórnunarkerfið sem sé komið til að vera. Nú er beðið skýrslu frá strandsetri Háskóla Íslands á Ísafirði og síðan muni ráðuneytið gera tillögu um breytingar á stjórn fiskveiða um áframhald veiðanna á næsta ári.

Það má segja að Adolf hafi höggvið til beggja handa í ræðu sinni. Árna Pál Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, gagnrýndi hann afar hart fyrir ræðu hans á ársfundi ASÍ nýlega. „Yfirlýsingar hans hafa ekki aðeins afhjúpað þekkingarleysi hans heldur hafa þær undirstrikað hroka og fyrirlitningu í garð þess fólks sem starfar við grundvallaratvinnuvegi landsins.“

Að vonum gagnrýndi Adolf hugmyndir um upptöku aflaheimilda og sakaði stjórnvöld um að skapa óróa innan sjávarútvegsins með því að kasta fram óútfærðum hugmyndum. Hann sagði óvissuna samfara þeim þegar hafa valdið tjóni.

Aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu var einnig á meðal umfjöllunarefnis í ræðu formannsins. Hann sagðist vera þess fullviss að þjóðin myndi aldrei samþykkja aðildarsamning sem fæli í sér afsal á yfirráðum yfir fiskveiðiauðlindinni.

svavar@frettabladid.is

FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG

AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT AF

# ÖLLUM VÖRUM

# TAX FREE

## HELGI Í ÖLLUM VERSLUNUM EUROPRIS

**Nú er rétti tíminn að versla fyrir jólin!**

**Opið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum og frá kl. 10 til 18 um helgar.**

**Nú sex verslanir:**

**Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði**
**Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri**

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Afslátturinn er á kostnað Europris. Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.
Tilboðið gildir frá og með föstudeginum 30. okt. og til og með sunnudeginum 1. nóv.

**FRÉTTASKÝRING:** Endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

# AGS lofar endurreisn efnahagslífsins

**Skuldabyrði þjóðarbúsins er meiri en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taldi viðráðanlega á vordögum. Endurreisnarstarfið hefur gengið vel, að mati fulltrúa sjóðsins. Stýrivaxtalækkun liggur í loftinu. Betri tíðar má vænta eftir tæpt ár.**

„Við höfum fremur áhyggjur af auknu atvinnuleysi en skuldum heimila og fyrirtækja. Í næstu endurskoðun okkar munum við horfa til þess að draga úr hættunni á uppsögnum enda kann það að auka vanda heimilanna," segir Mark Flanagan, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) í málefnum Íslands. Hann hélt símafund í gær í Washington í Bandaríkjunum fyrir blaðamenn í gær. Fundinn sat Franek Rozwadowski, sendifulltrúi AGS hér á landi.

Sjóðurinn samþykkti fyrstu endurskoðun á efnahagsáætlun Íslands í fyrradag.

**FRANEK ROZWADOWSKI OG MARK FLANAGAN** Stýrivextir hefðu þurft að vera á bilinu fjörutíu til fimmtíu prósent til að halda erlendu fjármagni í landinu eftir hrunið. Gjaldeyrishöft eru því viðunandi, segir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Tafir í átta mánuði

AGS samþykkti að lána stjórnvöldum 2,1 milljarð dala fyrir tæpu ári og skildi fyrsta greiðslan innt af hendi að lokinni fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar sjóðsins fyrir Ísland. Þetta var fimmta lánaumsókn Íslendinga síðan 1960. Síðast veitti sjóðurinn stjórnvöldum lán vegna útflutningsbrests árið 1982. Sendinefnd á vegum AGS kom hingað til lands í byrjun desember. Fyrsta formlega endurskoðun efnahagsáætlunarinnar átti að fara fram í febrúar á þessu ári. Stjórnarskipti í febrúar og alþingiskosningar í apríl urðu hins vegar til að tefja endurskoðunina. Lítið gerðist þrátt fyrir væntingar um hið gagnstæða þar til í fyrradag.

Flanagan var spurður hvort Icesave-deilur milli Íslendinga, Breta og Hollendinga hefðu verið ástæða þess að endurskoðunin tafðist svo mánuðum skipti. Hann sagði svo ekki vera, nema með óbeinum hætti. Dregist hafi að tryggja fjármögnun lánveitinga til handa Íslendingum og nauðsynlegt hafi verið að ná lendingu við alla sem að málinu koma.

Áður hefur komið fram að þar var óbeint átt við Breta og Hollendinga.

Nú þegar málið er í höfn telur Flanagan lánveitingar frá AGS og fleirum skila sér fljótlega, jafnvel í dag eða fljótlega eftir helgi.

Lánsfjárhæðin frá AGS nemur 167,5 milljónum dala, jafnvirði 21 milljarði króna. Því til viðbótar má vænta lána frá Norðurlöndunum upp á 625 milljarða króna, jafnvirði 78 milljarða króna. Heildarfjárhæðin nemur um hundrað milljörðum.

Legið hefur fyrir að lánin frá AGS og öðrum þjóðum verða notuð bæði til að tryggja greiðslugetu ríkissjóðs og styðja við gengi krónunnar með óbeinum hætti. Flanagan sagði ekkert því til fyrirstöðu að ríkið nýtti lánið til að endurfjármagna eldri lán, ekki síst þau lán sem eru á gjalddaga á næstu þremur árum og á hærri vöxtum. „Það er leyfilegt, jafnvel fýsilegur kostur í einhverjum tilvikum," segir hann.

### Betri tíð á nýju ári

Flanagan segir endurreisn íslenska efnahagslífsins ganga almennt vel, jafnvel þótt skuldir þjóðarbúsins hafi reynst hærri en AGS ætlaði í fyrstu. Erlendar skuldir eru nú rúmlega þrjú hundruð prósent af landsframleiðslu og langt umfram það sem AGS hafði áður talið óviðráðanlegt. Öðru máli gegnir nú, að mati Flanagans sem benti á breytta stefnu og að grundvöllur sé fyrir jákvæðum viðskiptaafgangi við útlönd.

„Við gerum ráð fyrir jákvæðum hagvexti í kringum mitt næsta ár," segir hann og bendir á að endurskipulagning bankanna hafi gengið hraðar fyrir sig en í fyrstu var ætlað.

Flanagan telur ólíklegt að Icesave-skuldbindingar Íslendinga stefni hagkerfinu í voða. Líkur séu á góðum endurheimtum erlendra eigna og skuldin kunni að lækka verulega. Það hafi áhrif á stöðu landsins.

### Ekki himinháir stýrivextir

Hann gerir ráð fyrir að önnur endurskoðun efnahagsáætlunarinnar verði tekin fyrir hjá AGS fyrir árslok og þá verði nokkrir þættir skoðaðir sérstaklega. Þar á meðal eru endurskoðun skulda, halli á fjárlögum og fyrstu áfangar í afnámi gjaldeyrishafta.

Flanagan segir AGS almennt ekki styðja gjaldeyrishöft í þeim löndum sem hann hafi unnið með. Sjóðurinn hafi hins vegar samþykkt þau hér enda hafi höftin lokað dyrunum fyrir að erlend fjárfesting streymdi úr landi fyrir ári. Stýrivexti hefði mátt nota með svipuðum hætti líkt og í fleiri löndum. Þá hefði hins vegar þurft að hækka verulega, allt upp í fjörutíu til fimmtíu prósent til að virka með sama hætti. Að því leyti líti AGS gjaldeyrishöftin jákvæðari augum en ella.

Flanagan kom ekki inn á vaxtastig hér að öðru leyti. Í tilkynningu frá Morilo Portugal, aðstoðarforstjóra AGS, sem send var út eftir fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunarinnar, segir hins vegar að skilyrði séu nú að skapast fyrir varkárum vaxtalækkunum.

Haft er eftir Portúgal í tilkynningunni að endurskipulagning fjármálakerfisins hafi reynst flókin í framkvæmd en áfangar náðst með endurreisn Nýja Kaupþings og Íslandsbanka.

Líkt og áður hefur komið fram samþykktu kröfuhafar Íslandsbanka að taka 95 prósenta hlut í bankanum á móti ríkinu. Enn er óráðið með kröfuhafa Nýja Kaupþings.

### Vaxtakjör Íslands góð

Síðar um daginn átti Flanagan símafund með Íslensk-ameríska verslunarráðinu. Á þeim fundi var hann spurður hvort Ísland þyrfti að þola óeðlilega háa vexti af erlendum lánum tengdum endurreisninni en hann sagði svo ekki vera. „Við höfum skoðað þetta vel. Reyndin er að Ísland nýtur betri vaxtakjara en önnur krísulönd hafa gert að meðaltali." Ástæðuna segir hann vera að lánveitendur líta á Ísland sem þróað hagkerfi og telji góðar líkur á að efnahagslífið nái sér aftur á vel á strik.

Vaxtakjör AGS segir hann mun betri en Íslandi bjóðist annars staðar. Sjóðurinn innheimtir eins prósents álag á þann kostnað sem hann ber af lánunum. Vextirnir eru fljótandi, vegið meðaltal af stuttum ríkisbréfum í ýmsum myntum. Grunnálag er að meðaltali 275 punktar. Umreiknað í fasta vexti til tólf ára eru þeir samtals 6,75 prósent. Að sögn Flanagans fengi Ísland tæplega lán á opnum markaði nema með vöxtum í tveggja stafa tölu.

FRÉTTASKÝRING
JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON
jona@frettabladid.is


## Auglýsing um álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2009

Hér með er auglýst að álagningu opinberra gjalda á árinu 2009 er lokið á alla lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum, sem og aðra sem lagt er á í samræmi við VIII. – XIV. kafla tilvitnaðra laga. Jafnframt er lokið álagningu á lögaðila, sem skattskyldir eru af fjármagnstekjum samkvæmt ákvæði 4. mgr. 71. gr. laganna.

**Álagningarskrár** með gjöldum lögaðila verða lagðar fram í öllum skattumdæmum í dag, föstudaginn 30. október 2009. Skrárnar liggja frammi til sýnis á skattstofu hvers skattumdæmis og hjá umboðsmönnum skattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju sveitarfélagi dagana 30. október til 13. nóvember nk. að báðum dögum meðtöldum.

**Álagningarseðlar**, er sýna álögð opinber gjöld lögaðila, hafa verið póstlagðir.

**Kærur** vegna allra álagðra opinberra gjalda 2009 samkvæmt ofangreindu skulu hafa borist skattstjóra eigi síðar en mánudaginn 30. nóvember 2009.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

*30. október 2009.*

**Skattstjórinn í Reykjavík**, Gestur Steinþórsson
**Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi**, Stefán Skjaldarson
**Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi**, Rósa Helga Ingólfsdóttir
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra**, Hanna Björnsdóttir
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra**, Gunnar Karlsson
**Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi**, Karl S. Lauritzson
**Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi**, Steinþór Haraldsson
**Skattstjórinn í Vestmannaeyjum**, Ingi T. Björnsson
**Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi**, Sigmundur Stefánsson

# Lægri greiðslubyrði

## sjálfkrafa greiðslujöfnun og þak á lengingu verðtryggðra fasteignaveðlána

**Greiðslujöfnun verður sett sjálfkrafa á verðtryggð fasteignaveðlán einstaklinga frá og með gjalddaga í desember samkvæmt lögum frá Alþingi.**
**Lenging láns vegna greiðslujöfnunar verður að hámarki þrjú ár.**

### Sjálfkrafa greiðslujöfnun ef lán eru í skilum

Ef lán eru í skilum fara þau sjálfkrafa í greiðslujöfnun frá og með gjalddaga í desember nema lántaki hafni því formlega. Lán í frystingu fer sjálfkrafa í greiðslujöfnun að frystingartíma liðnum.
**Ef lán er í vanskilum** er lántaka bent á að leita til lánveitanda síns um leiðir til að koma því í skil. Þannig öðlast lántaki rétt til greiðslujöfnunar og getur lækkað greiðslubyrði sína.

### Tilkynna þarf höfnun á greiðslujöfnun fyrir 20. nóvember

Þeir sem ekki vilja greiðslujöfnun frá og með desember þurfa að tilkynna það til lánveitanda fyrir 20. nóvember.
Upplýsingar um tilkynningarform veita viðkomandi lánveitendur.
Þeir sem hafna greiðslujöfnun nú geta sótt um hana síðar.

### Þak er sett á lengingu fasteignaveðlána vegna greiðslujöfnunar




Lán sem tekin voru fyrir 1. jan. 2008:

**Almennt lækkar greiðslubyrði um**

**17%**

## Margvísleg úrræði fyrir einstaklinga og heimili

Hægt er að fá greiðslujöfnun á fasteignaveðlán í erlendri mynt, bílalán og bílasamninga en sækja þarf um það sérstaklega.

## Kynntu þér málið

**Kynntu þér kosti og galla greiðslujöfnunar hjá lánveitendum, á upplýsingasíðunni www.island.is eða hafðu samband við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.**

island.is

RÁÐGJAFARSTOFA UM FJÁRMÁL HEIMILANNA

Félags- og tryggingamálaráðuneyti

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR **398 kr.kg.**

698

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
**698 kr.kg.**

1189

K.S FERSKT LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 1398 KR.KG. 15% AFSLÁTTUR
**1189 kr.kg.**

398

BÓNUS FERSKIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
**398 kr.kg.**

1698

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1698 kr.kg.**

498

BERIO EXTRA VIRGIN OLÍA
500ml **498 kr.**

498

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR BLANDAÐIR
**498 kr.kg.**

259

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
**259 kr.kg.**

**McCORMIC SEASON ALL**
KRYDD 453g
**279 kr.**
Hentar sérlega vel á ferskt lambakjöt !

279

698

STEIKTUR HEILL ELDAÐUR KJÚKLINGUR
1250G **698 kr.stk.**

798

KJARNAFÆÐI: FROSIÐ UNGHROSSASNITSEL
Í RASPI **798 kr.kg.**

149

HUNTS KRYDDAÐIR
TÓMATAR 400G **149 kr.**

**KF FROSIÐ SPARHAKK**
MERKT VERÐ 498 KR.KG.
20% AFSLÁTTUR
**398 kr.kg.**

398 598

GILLETTE FUSION RAKGEL
*20% EXTRA 240ML* **598 kr.**
GILLETTE RAKFROÐA STÓR BRÚSI
300ml **398 kr.**

198

K.S FROSINN INNMATUR *HJÖRTU OG LIFUR* **198 kr.kg.**

398

KJARNAFÆÐI: NÝTT KJÖTFARS **398 kr.kg.**

30%
AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI:
LIFRAKÆFA
MERKT VERÐ 776 KR.KG. 30%
AFSLÁTTUR **543 kr.kg.**

398

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 -19.30

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**245**

PAMPERS BLAUTÞURRKUR
72 STK / **245 kr.**

8-15% LÆGRA VERÐ

**1698**

**PAMPERS BLEIUR *SIMPLY DRY* 1698 kr.pk.** *STÆRÐIR: JUNIOR 44 STK.- MIDI 60 STK. - MAXI 50 STK. -*

**979**

ÍSLANDSGRÍS FERSKT GRÍSAGÚLLAS
1398 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **979 kr.kg.**

**979**

ÍSLANDSGRÍS FERSKT GRÍSASNITSEL
1398 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **979 kr.kg.**

**298**

ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR **298 kr.kg.**

**559**

ÍSLANDSGRÍS FERSKT GRÍSAHAKK
798 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **559 kr.kg.**

**979**

ÍSLANDSGRÍS FERSKAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
1398 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **979 kr.kg.**

**268**

KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA:
FROSIN LAMBASVIÐ **268 kr.kg.**

**35%**
AFSLÁTTUR

KB FERSKT UNGNAUTAHAKK
1498 KR.KG. 35% AFSLÁTTUR **974 kr.**

**198**

BÓNUS LANGLOKUR 4 X 100G **198 kr.**

**198**

MYLLU JÓLAKAKA 420G **198 kr.**

**98**

MYLLU HEIMILISBRAUÐ
375G (HÁLFT) **98 kr.**

**30%**
AFSLÁTTUR

**BÓNUS ÁLEGG Í BOXI:**
PEPPERONI & SPÆGIPYLSA
MERKT VERÐ 2498 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR
**1749 kr.kg.**

**695**

COKE TILBOÐ 4 FLÖSKUR X 2 LTR. = 8 LTR. **695 kr.**

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 -19.30

## „ORÐRÉTT“

*Vantar ekki alltaf vanan þingmann?*

**„Þetta eru nú ekkert voðalega skemmtilegir tímar til að leita sér að góðri vinnu.“**

DAGNÝ JÓNSDÓTTIR, FYRRVERANDI ALÞINGISMAÐUR, ER Í ATVINNULEIT.
**Fréttablaðið, 29. október.**

*Bara búið*

**„Ég er á leiðinni í gjaldþrot.“**

BJÖRN LEIFSSON, EIGANDI WORLD CLASS, UM ERFIÐA FJÁRHAGSSTÖÐU.
**Viðskiptablaðið, 29. október.**

tilveran
nær og fjær

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** STEFÁN VAGN STEFÁNSSON, LÖGREGLUÞJÓNN Á SAUÐÁRKRÓKI

# *Yfirlögregluþjónninn í óvissu*

„Ég var að hlaupa tíu kílómetra – ég var bara að koma inn,“ segir Stefán Vagn Stefánsson, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki. Stefán var fastagestur í fjölmiðlum í fyrrasumar þegar hann þurfti í tvígang að glíma við hvítabirni sem gengu á land í umdæmi hans. „Þetta var orðið gott. Ég held ég sé búinn að fylla skammtinn næstu tíu ár eða svo,“ segir hann.

Stefán er enn á Króknum. „En maður veit svo sem ekkert hvað verður,“ bætir hann við. Hann er nú í töluverðri óvissu um starf sitt vegna hugmynda um sameiningu lögregluembætta á landinu. Stefán var áður lögreglumaður í höfuðborginni og var settur tímabundið í embætti á Sauðárkróki til 1. desember næstkomandi. „Ég veit ekkert hvað verður um mig þá,“ segir hann. „Ég gerði bara ráð fyrir að ég yrði hér, en maður verður bara að sjá til og taka því sem að höndum ber.“

„Annars er allt gott að frétta héðan, mannlífið gott og allt gengur vel,“ segir Stefán. „Þetta hefur gengið afspyrnu vel frá ísbjarnarkomunum. Við erum mjög ánægðir með lífið og tilveruna, lögreglumenn hér í Skagafirði.“

Stefán lék knattspyrnu með meistaraflokki Tindastóls í sumar og féll með liðinu niður í þriðju deild. „Það gekk ekki alveg eins og það átti að ganga. Við fórum í öfuga átt,“ segir Stefán, sem hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann ætli að halda áfram æfingum með liðinu í vetur. „Ég ætla að sjá til. Maður er nú ekkert unglamb lengur. Þetta verður ekkert auðveldara.“ En Stefán heldur sér þó í formi með því að hlaupa tíu kílómetrana að meðaltali fimm sinnum í viku.

**TUNGUTAK**

## *Steggir og bleyður*

**Karlkyns kettir eru kallaðir fress (í hvorugkyni) eða högnar, jafnvel steggir ef marka má Íslenska orðabók. Sú bók segir okkur einnig að fress sé „ófríður kvenmaður“. Nafnið Högni er nokkuð algengt en enginn Íslendingur heitir hins vegar Steggur, hvað þá Fress. Kvenkyns kettir kallast yfirleitt læður, en læða getur einnig merkt „seinvirk óframfærin manneskja“ samkvæmt fyrrnefndri orðabók. Annað orð en sjaldgæfara yfir kisu er bleyða, en það orð merkir líka raggeit eða hugleysingi. Kattatengd samheiti málsins virðast þannig oft býsna andsnúin kvenkyninu.**

**- mt**

# Mislitun á kirkjuturni hverfur

„Múrhúðin er bara svona fersk. Þegar hún skolast þá hverfur þetta og dofnar,“ segir Indriði Níelsson, verkfræðingur hjá Verkís, um mismunandi liti á nýrri múrhúð Hallgrímskirkjuturns.

Séra Birgir Ásgeirsson og Hörður Áskelsson organisti segja marga hafa komið að máli við þá vegna litamunarins á kirkjuturninum. Fólk vilji fá skýringar og fá því svarað hvort áferðin á kirkjunni verði ekki öll eins að lokum.

Indriði segir erfitt að segja til um hvenær litamunurinn verður horfinn. Það sé einfaldlega spurning um það hvernig íslenska slagviðrið standi sig í að skola múrhúðina. „Ef þetta verður svona enn þá þegar komið er fram á næsta sumar þá höfum við alltaf þann mögulega að háþrýstiþvo múrhúðina. Þetta er ekki meira mál en það,“ segir hann.

Vinnupallarnir við Hallgrímskirkju munu hverfa á næstu vikum. Áætlað er að öllum frágangi utandyra verði lokið í tæka tíð fyrir jól. Í janúar og fram í febrúar verður kirkjan lokuð þar sem skipta á um útidyrahurð. Eins á að þrífa kirkjuskipið að innan.

**- gar**

**HALLGRÍMSKIRKJUTURN** Efsti hluti turns Hallgrímskirju er nú dekkri en neðri hlutinn. Munurinn mun hverfa með veðrun og öll kirkjan á að verða samlit, bæði turninn, sem hefur verið endurnýjaður, og kirkjuskipið sjálft.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**TILBÚINN TIL VEIÐA** Jóhannes með Reykjahlíðarfjall í baksýn. Hann segir gangnamenn hafa orðið vara við töluvert af fugli og býst við góðri veiði í ár.

# Rjúpnaveiði er að verða að ferðamannaiðnaði

**Skipulögð rjúpnaveiði í afmörkuðum reitum færist í aukana og bændur og jarðeigendur fá nú auknar tekjur af leigu. Í Reykjahlíð í Mývatnssveit, einni af stærstu jörðum landsins, er nú hægt að leigja sér svæði til veiða og fá leiðsögumann með ef svo ber undir.**

Rjúpnaveiðin hefst í dag og þúsundir veiðimanna munu streyma til fjalla á veiðar. Svo margir að ljóst er að á vinsælum rjúpnasvæðum mun verða örtröð og veiðimenn munu þramma hver í annars slóð. Í góðærinu tóku efnameiri veiðimenn sér oftar en ekki heilu jarðirnar til að veiða í friði, en óvíst er hver eftirspurn verður í slíkri leigu nú. Það hefur hins vegar færst í aukana að bjóða upp á dagsleyfi á jörðum, ýmist fyrir einstaklinga eða hópa.

Jörðin Reykjahlíð í Mývatnssveit er ein stærsta jörð landsins, þrátt fyrir að nýfallinn þjóðlendudómur hafi klipið af henni. Nú hafa þeir Jóhannes Pétur Héðinsson og Daði Lange Friðriksson tekið jörðina á leigu og bjóða upp á ýmsa þjónustu tengda rjúpnaveiði.

„Við reituðum jörðina niður og menn geta leigt sér afmörkuð svæði og stundað veiðina í friði. Menn eru í raun að kaupa sér svæði til að vera út af fyrir sig, ýmist einstaklingar eða hópar, allt upp í tíu manns,“ segir Jóhannes.

Hann segir eftirspurnina mikla og ljóst sé að margir kjósi að veiða í friði. Þjónustan sem boðið er upp á er fjölbreytt. Sumir komi einir og vilji bara einn dag, en stundum séu hópar á ferð sem taki svæðin yfir lengri tíma. Þá er boðið upp á leiðsögn fyrir þá sem vilja og gengur þá vanur maður með til rjúpna. Jóhannes segir þá félaga vera í samstarfi við ýmsa þjónustuaðila í sveitinni og nægi gistingu sé þar að finna, allt frá smáhýsum upp í hótel með fullu fæði.

Stakur dagur á byssu kostar um 6.000 krónur, en gistingin allt frá 3.500 upp í 10.000 krónur. Þá mælir Jóhannes með því að menn fari í jarðböðin að veiðidegi loknum og láti þreytuna líða úr sér.

Rjúpnaveiðitímabilið stendur til 6. desember, en veiðidagar eru aðeins 18, þar sem aðeins má veiða frá föstudegi til sunnudags. Jóhannes segir þetta ágætt fyrirkomulag, það henti bæði hófsömum veiðimönnum og þeim sem vilja reka ferðaþjónustu í kringum veiðina.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## FERÐAREGLUR RJÚPNASKYTTUNNAR

- Fylgist með færð og veðurspá.
- Gerið ferðaáætlun og skiljið hana eftir hjá aðstandendum.
- Kynnið ykkur vel það svæði sem ferðast á um.
- Hafið með góðan hlífðarfatnað.
- Takið með sjúkragögn og neyðarfæði.
- Fjarskipti þurfa að vera í lagi, gps-tæki, kort, áttaviti og talstöð/sími og kunnátta verður að vera til staðar til að nota þau.
- Athugið að farartækið sé í góðu ásigkomulagi áður en lagt er af stað.
- Ferðist ekki einbíla.
- Takið með grunnviðgerðardót fyrir farartækið, skóflu, kaðal og festið allan farangur.
- Munið að akstur og áfengi fer ekki saman.
- Ef ferðast er í bíl spennið beltin og notið hjálma, brynjur og annan hlífðarfatnað ef farið er um á vélsleða.
- Látið vita reglulega af ykkur og skráið nafn og hvert ferðinni er heitið í bækur í fjallaskálum.
- Ef ekki er hægt að komast lengra á bílnum bíðið í honum þar til hjálp berst, það er mun auðveldara að finna bíl heldur en fólk á göngu og bíllinn veitir skjól.
- Betra er að snúa við í tíma heldur en að koma sér í ógöngur.

# -5 kr. Í DAG

## MEÐ ÓB-LYKLINUM

ÓB ódýrt bensín

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

www.ob.is

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tugmilljarða offjárfesting í íbúðarhúsnæði:

# Ofmettaður markaður

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Samkvæmt fréttum gærdagsins mun Íbúðalánasjóður að öllum líkindum eignast um eitt hundrað íbúðir á Egilsstöðum og Reyðarfirði til viðbótar við þær sextíu íbúðir sem sjóðurinn á þar fyrir. Íbúðirnar eru flestar í fjölbýlishúsum og talsverður hluti þeirra stendur auður. Þetta eru íbúðir sem byggðar voru til að mæta væntanlegri fólksfjölgun á Austurlandi vegna álversins á Reyðarfirði en sú fólksfjölgun gekk ekki eftir nema að hluta. Offjárfestingin nemur í þessu tilfelli einhverjum milljörðum.

Austfirðingar eru sannarlega ekki einir um að hafa gert ráð fyrir meiri fólksfjölgun en raun varð á. Lengi hefur legið fyrir að gríðarleg offjárfesting liggur í hálfbyggðu og fullbyggðu íbúðarhúsnæði sem enginn býr í og fyrir liggur að muni ekki seljast á allra næstu árum. Þetta á ekki síst við um höfuðborgarsvæðið og Austurland. Verðmætin liggja ekki aðeins í byggingunum sjálfum heldur hafa sveitarfélögin lagt gríðarlegt fjármagn til þess að byggja megi upp ný hverfi.

Talið er að íbúðir á byggingarstigi séu fleiri en þrjú þúsund á höfuðborgarsvæðinu og lóðir sem eru tilbúnar undir byggingu eru enn fleiri, á fimmta þúsund. Verðmæti íbúðanna nemur tugum milljarða og er þá ótalinn sá kostnaður sem sveitarfélögin sjálf hafa lagt til við uppbyggingu nýrra hverfa, svo sem við gatnagerð og veitukerfi. Sá kostnaður nemur einnig tugum milljarða.

Nú er það svo að heilmiklar rannsóknir eru unnar og spár gerðar um fjölgun fólks og búsetuþróun, að einhverju leyti jafnvel á vegum sveitarfélaganna sjálfra. Svo virðist þó sem þau hafi verið heldur lin við að færa sér þessar upplýsingar í nyt. Þvert á móti hljóp þeim kapp í kinn við að laða til sín fólk með því að skipuleggja ný hverfi og bjóða fram lóðir og sáust greinilega ekki fyrir um afleiðingarnar.

Þenslan varð gríðarleg og margir ætluðu sér að auðgast í byggingarbransanum, og tókst það líka framan af. Gróðavonin hljóp þó með byggingaverktaka í gönur. Þó verður að benda á að skipulagsvaldið var ekki í þeirra verkahring. Það liggur hjá sveitarfélögunum. Þau áttu að hafa yfirsýnina, horfa til framtíðar og notfæra sér rannsóknir en gerðu ekki. Niðurstaðan er þessi gríðarlega offjárfesting sem þeir sem sveitarfélögunum stýra bera ábyrgð á.

Skaðinn er mikill og liggur ekki eingöngu í offjárfestingunni. Ljóst er að hér þarf ekki að byggja nýtt íbúðarhúsnæði næstu árin, en það hefur veruleg áhrif á atvinnustigið í landinu.

Nú er búið að byggja allar þessar íbúðir og því verður ekki breytt. Úr því sem komið er hlýtur aðalatriðið að vera að sveitarfélögin læri af þessari bitru reynslu þannig að sagan endurtaki sig ekki.

Það byggingaræði sem tók hér völdin og stóð fram á síðasta ár var engu líkt. Ekki var hlustað á varnaðarorð heldur geystust menn áfram. Þetta má ekki endurtaka sig. Sveitarfélög verða að sýna ábyrgð og skipuleggja í samræmi við raunveruleika en ekki tálsýn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ónýtt tækifæri

Á þessum stað í gær var rætt um það einstaka tækifæri sem Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra hefði til að sannfæra útgerðarmenn milliliðalaust um ágæti þeirrar hugmyndar að taka af þeim kvótann, þjóðinni til heilla. Það er jú stefna flokks hans og raunar ríkisstjórnarinnar. Skemmst er frá því að segja að það tækifæri var skelfilega illa nýtt. Í langri ræðu sinni, um 3.600 orð í word, er ekki minnst á innköllun aflaheimilda. Ekki orði. Ekki múkk.

### Hef ekki skoðun

Ráðherra minnist reyndar á vinnuhóp til að „fara yfir stóru drættina og álitaefnin í fiskveiðistjórnunarkerfinu" sem þýðir kvótainnköllun. Skoðun sína viðraði hann þó ekki; taldi rétt að hópurinn starfaði án hans íhlutunar.

Hann er jú bara ráðherra.

### Lítið hefur breyst

Orðræða fjölmiðla í garð mótmælenda hefur löngum verið neikvæð. Þeir hafa verið kallaður skríll og múgur og sakaðir um að leigja sig til mótmæla; vera svokallaðir atvinnumótmælendur. Þeir sem héldu að búsáhaldabyltingin og almenn mótmæli hennar hefðu breytt orðræðunni hafa orðið fyrir vonbrigðum með frétt Fréttablaðsins á þriðjudag. Þar sagði nefnilega af væntanlegum „öfgasinnuðum mótmælendum" sem boðuðu komu sína til Kaupmannahafnar. Þeir sem mótmæla hljóta jú að vera öfgasinnaðir. Trauðla læra gamlir hundar að sitja úr þessu. **kolbeinn@frettabladid.is**

# Verstir í heimi?

**ARI SKÚLASON**
**Í DAG** | Bankastarfsfólk

Nú á dögunum hafði Gylfi Magnússon orð á því í erlendu blaði að íslenskir bankamenn hefðu verið þeir verstu í heimi. Fréttin á vísir.is hafði hins vegar fyrirsögnina: Íslenskir bankamenn þeir verstu í heimi. Þarna var ekki skilið á milli fortíðar og nútíðar eins og eðlilegt væri að gera. Gylfi var að tala um þá sem stýrðu bönkunum á einkavæðingartímabilinu en ekki þá sem gera það nú, hvorki stjórnendur né starfsmenn. Blaðamaður vísir.is kaus hins vegar að líta fram hjá þeirri staðreynd, enda meira krassandi þannig. Gylfi hefði líka getað sagt að íslenskir stjórnmálamenn hefðu verið þeir verstu í heimi eða að íslenskir eftirlitsaðilar hefðu verið þeir verstu í heimi og þess vegna íslenskir fjölmiðlar. Þetta eru fleiri hliðar á sama málinu, en það er einfaldara og meira krassandi að ráðast á bankamennina; þeir liggja best við höggi.

Þetta er veruleiki sem starfsmenn bankanna hafa þurft að búa við á síðasta ári og gera það enn. Í umræðunni er ekki skilið á milli fortíðar og nútíðar og allir settir undir einn og sama hattinn. Þannig sagði forsvarsmaður verkalýðsfélags á Austurlandi að hann ætlaði að stefna sjóðsstjórum Landsvaka hf. fyrir að hafa gefið sér rangar upplýsingar og fjölmiðlar átu það gagnrýnislaust upp eftir honum. Margir þeirra sem voru sjóðsstjórar á þessum tíma eru löngu farnir og aðrir komnir í staðinn og þar að auki hafði þessi góði maður aldrei haft samskipti við sjóðsstjóra Landsvaka, en það var hasar í fréttinni og fréttamenn RÚV átu hana upp gagnrýnislaust.

Það er auðvitað skiljanlegt að staðan sé svona; hrun bankakerfisins fór illa með marga. Traust viðskiptavina á fjármálakerfinu er enn stórskaddað og venjulegt fólk skildi aldrei hvað var á seyði innan þess síðustu ár. Afleiður og ofurlaun, bónusar og krosseignatengsl og annað álíka var algerlega ofvaxið skilningi fólks. Kerfið hrundi og niðurstaðan var sú að ríkið kom til bjargar. Skattgreiðendur borga brúsann að öllu leyti (enn sem komið er allavega). Áreiðanleiki, sem var áður grundvallarhugtak í bankaviðskiptum, var orðið afbakað hugtak og því erfitt að nota það áfram. Það mun taka langan tíma að skapa þennan áreiðanleika aftur.

Á síðastliðnu ári hafa starfsmenn bankanna unnið hörðum höndum að því að endurskapa nýtt kerfi við nýjar aðstæður og endurskapa traust og tiltrú á kerfinu. Þetta fólk býr við þær aðstæður að vera sífellt tengt við fortíðina. Í þessum heimi eiga allir sér fortíð, bankamenn, eftirlitsaðilar og stjórnmálamenn. Sumir eru farnir og sumir eru eftir eins og gengur. Sumir réðu og höfðu mikil áhrif í gamla kerfinu, þeir eru flestir farnir. Margir þeirra sem eru eftir höfðu ekki svo mikil áhrif og gagnrýndu stundum stöðuna eins og hún var þá. Viðskiptavinir bankanna eiga sér líka fortíð og nútíð. Á undanförnum árum stjórnaðist fólk mestmegnis af ábatavon. Þá var fyrst og fremst hugsað um hæstu vexti og arð. Þá tíðkaðist ekki almennt hjá fólki að spyrja um öryggi. Ef fólk fékk ekki það sem það vildi í einni fjármálastofnun hótaði það einfaldlega að fara í einhverja aðra og gerði það oft. Það er auðvitað erfitt að rifja þetta upp, en á þessum tíma ætluðu margir að græða með einhverjum hætti.

Strax eftir bankahrunið stjórnaðist fólk fyrst og fremst af hræðslu, og þá var fyrst og fremst hugsað hvar öruggast væri að geyma peningana, ef þeir voru þá á annað borð til. Síðan hefur viðhorf fólks ákvarðast fyrst og fremst af öryggi og mestur hluti fjár er varðveittur í innlánum. En sú staða á eflaust eftir að breytast, ábatavonin mun aftur fara að skipta máli, en fólk mun þá vita betur en áður að það eru takmörk á ávöxtunarmöguleikum, gengishagnaði og svo framvegis og að það verður að treysta eigin dómgreind og upplýsingum betur en áður var.

Fjármálageirinn hefur bundist raunhagkerfinu aftur og horfið frá því gervihagkerfi sem var byggt upp á undanförnum árum. Fjármálageirinn er að hverfa til baka að upprunalegu hlutverki sínu sem er að greiða fyrir viðskiptum í raunhagkerfinu með sem virkustum hætti sem byggir á gegnsæi, áreiðanleika og einfaldleika. Þessi þróun á eftir að taka langan tíma, en til þess að þetta takist vel er mikilvægt að skilið sé á milli fortíðar og nútíðar í umræðunni um fjármálageirann. Hann er á réttri leið, þar starfar fólk sem hefur lært af biturri reynslu og það þarf að veita því skjól til þess að sinna sínum störfum með eðlilegum hætti.

*Höfundur er aðstoðarframkvæmdastjóri Landsvaka hf.*

# Framtíðarsýn borgarbúa

**UMRÆÐAN**
Júlíus Vífill Ingvarsson skrifar um borgarmál

**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON**

Í þessari viku hófust hverfafundir í borginni um nýtt aðalskipulag Reykjavíkur sem nær fram til ársins 2030 en með skipulagssýn allt til ársins 2050. Þetta er gríðarlega mikilvægt verkefni og mikið undir að vel takist til. Vinnuferlið verður ekki hin hefðbundna aðferð að setja saman og afgreiða skipulagstillögu í nefndum og ráðum borgarinnar og leita síðan eftir afstöðu borgarbúa eftir á. Við snúum ferlinu við, byrjum á að leita álits borgarbúa og auglýsum eftir skipulagshöfundinum sem býr innra með hverjum og einum. Við höfum trú á því að frjóar hugmyndir komi frá borgarbúum sjálfum sem þekkja sitt nærumhverfi og vonum að þeir leggi sitt af mörkum við að skapa nýja framtíð. Aðalskipulagið gæti allt eins heitið framtíðarsýn Reykjavíkur. Það fjallar um lífsgæði í víðum skilningi enda fylgir því stefnumótun sem tekur til allra þátta mannlífsins.

Á tíu fundum í öllum hverfum borgarinnar sem efnt verður til næstu vikurnar munum við ræða skipulagsmál, búsetukosti, umhverfismál, sjálfbærni, gæði hins manngerða umhverfis, þéttingu byggðar, vaxtarskilyrði atvinnulífsins, fjölbreytileika, samgöngumáta og margt fleira. Fundirnir eru byggðir upp sem hugmyndasmiðjur þar sem lagt er upp úr að allir geti komið á framfæri sínum hugmyndum eða fræðst um þá valkosti sem til umfjöllunar eru við mótun tillögunnar. Í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík fá börnin skemmtileg skipulagsverkefni til úrlausnar.

Aðalskipulagið er kjölfestan í skipulagsmálum næstu árin. Það má líkja því við stjórnarskrána sem lög og réttarheimildir mega ekki fara á svig við. Á sama hátt verða deiliskipulagsáætlanir einstakra reita og hverfa að vera í samræmi við aðalskipulagið og byggjast á því. Það skiptir þess vegna miklu máli að hugmyndir og vilji borgarbúa endurspeglist í þeirri framtíðarsýn sem aðalskipulagið hefur að geyma.

*Höfundur er formaður skipulagsráðs Reykjavíkur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# ÞVOTTADAGAR

# TILBOÐSVERÐ

## 15% afsláttur

***af öllum einstökum þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum***

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

LAVAMAT 62840

**AEG þvottavél**
1200 snúninga · 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Íslenskar leiðbeiningar

Listaverð: 244.800,- parið
***TILBOÐSVERÐ:***
***Kr. 195.900,-* PARIÐ**

LAVATHERM T55460

**AEG þurrkari**
Barkalaus · Tekur 6 kg.
Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur
Íslenskar leiðbeiningar

**HÉR SPARAR ÞÚ**
**KR. 48.900,-**

***NÝJA PARIÐ***

LAVAMAT 64851

**AEG þvottavél**
1400 snúninga · 7 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.
**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

Listaverð: 308.800,- parið
***TILBOÐSVERÐ:***
***Kr. 246.900,-* PARIÐ**

LAVATHERM 56740

**AEG þurrkari**
Barkalaus · Tekur 7 kg.
Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur
**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

**HÉR SPARAR ÞÚ**
**KR. 61.900,-**

***ÍSLENSKA PARIÐ***

LAVAMAT 62840

**AEG þvottavél**
1200 snúninga · 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Íslenskar leiðbeiningar

***TILBOÐSVERÐ:***
***Kr. 105.900,-***

***„Algjör himnasending!“***

FAVORIT 40370U-W

**AEG uppþvottavél**
Hljóðlát vél aðeins 49db · TURBO-þurrkun, þurrkar
með heitum blæstri · Taumagn: 12 manna stell
· 5 Þvottakerfi · Orkunýtni: A · Þvottahæfni: A
· Þurrkhæfni: A · Íslenskar leiðbeiningar

***TILBOÐSVERÐ:***
***Kr. 113.900,-***

EH–DI 8525

**Elektro Helios uppþvottavél**

Fyrir 12 manna stell
Hljóðlát vél 49db
TURBO-þurrkun
Þurrkar með heitum blæstri
Orkunýtni: A ·
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A
Íslenskar leiðbeiningar

***TILBOÐSVERÐ:***
***Kr. 99.900,-***

*Gerðu hreinlega góð kaup!*

**ORMSSON**

ORMSSON **LÁGMÚLA 9** SÍMI 530 2800
ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
ORMSSON **VÍK-EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
ORMSSON **PAN-NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
ORMSSON **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** SÍMI 480 1160

***UMBOÐSMENN UM LAND ALLT***

# Athyglisverður dómur

**UMRÆÐAN**
Aðalheiður Jóhannsdóttir skrifar um dómsmál

AÐALHEIÐUR JÓHANNSDÓTTIR

Þann 15. október sl. gekk dómur hjá EB-dómstólnum, mál C-263/08, beiðni um forúrskurð. Í málinu lagði Hæstiréttur Svíþjóðar fyrir dómstólinn nokkrar spurningar sem vörðuðu túlkun á tilskipun um mat á umhverfisáhrifum (85/337/EBE) með síðari breytingum, m.a. þeim sem voru gerðar með tilskipun (2003/35/EB) sem innleiðir í EB-rétt þriðju stoð Árósasamningsins um aðgang að réttlátri málsmeðferð, þ.m.t. aðgang almennings og umhverfisverndarsamtaka að endurskoðunarleiðum í stjórnsýslunni og fyrir dómstólum. Málið, sem var til meðferðar fyrir Hæstarétti Svíþjóðar, varðaði kæru fámennra og staðbundinna umhverfisverndarsamtaka á frávísun yfirumhverfisdómstóls en samtökin höfðu kært útgáfu leyfis fyrir matsskylda framkvæmd. Yfirumhverfisdómstóllinn vísaði málinu frá á þeim grundvelli að umhverfisverndarsamtökin uppfylltu ekki lögbundin skilyrði fyrir aðild. Samkvæmt sænskum lögum gátu samtökin hins vegar komið að athugasemdum á meðan leyfisveitingin var undirbúin, þ.m.t. mat á umhverfisáhrifum.

Í 13. gr. 16. kafla sænska umhverfisbálksins 1998:808, með síðari breytingum, eru lögfest ákveðin skilyrði sem umhverfisverndarsamtök verða að uppfylla svo þau geti fengið ákveðin leyfi til framkvæmda endurskoðuð af umhverfisdómstól, eftir atvikum yfirumhverfisdómstól eða Hæstarétti Svíþjóðar. Skilyrðin eru að tilgangur samtakanna sé umhverfisvernd, að þau hafi verið virk í Svíþjóð í a.m.k. þrjú ár, og að félagsmenn séu a.m.k. 2000. Hæstiréttur Svíþjóðar beindi m.a. þeirri spurningu til EB-dómstólsins hvort ríki gæti innleitt tilskipun 85/337/EBE með þeim hætti að fámenn, staðbundin umhverfisverndarsamtök hefðu rétt til þess að taka þátt í undirbúningi ákvörðunar án þess að eiga rétt á að fá endanlega ákvörðun (leyfi) endurskoðað þegar þeirri málsmeðferð lyki.

Í stuttu máli svaraði EB-dómstóllinn fyrrgreindri spurningu þannig að réttur til þess að taka þátt í undirbúningi ákvörðunar kæmi ekki í stað þess réttar að geta fengið ákvörðunina sjálfa endurskoðaða þegar hún lægi endanlega fyrir. Jafnframt sagði EB-dómstóllinn að 10. gr. a í tilskipun 85/337/EBE útilokaði ákvæði í landsrétti sem einvörðungu heimilaði umhverfisverndarsamtökum með a.m.k. 2000 félagsmenn að áfrýja ákvörðun (endanlegt leyfi) vegna matsskyldrar framkvæmdar. Þótt niðurstaða EB-dómstólsins sé ekki að öllu leyti skýr hefur hún a.m.k. í för með sér að breyta verður ofangreindu skilyrði um lágmarksfjölda félagsmanna. Sennilega verður að lögfesta annað og matskenndara skilyrði eða fella það niður með öllu.

Tilskipun 2003/35/EB er ekki hluti af Samningi um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningur) og þ.a.l. hefur hún ekki verið sérstaklega innleidd í íslenskan rétt. Samt sem áður er rétt að skoða þau skilyrði sem umhverfisverndarsamtök verða að uppfylla hér á landi svo þau geti skotið ákveðnum ákvörðunum, þ.m.t. tilteknum leyfum fyrir matsskyldar framkvæmdir, til æðra stjórnvalds. Skilyrðin eru að samtökin eigi varnarþing á Íslandi, að tilgangur samtakanna sé að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að og félagsmenn séu 30 eða fleiri. Ekki verður fjallað hér um hvort varnarþingsskilyrðið stenst EES-samninginn almennt séð eða jafnræðisreglu.

Hins vegar er staðan sú samkvæmt íslenskum rétti að öllum er heimilt að taka þátt í málsmeðferð mats á umhverfisáhrifum (undirbúningur ákvörðunar) og allir geta gert athugasemdir við framlagða frummatsskýrslu. Þeir sem ekki eiga einstaklingsbundna hagsmuni samkvæmt íslenskum rétti eiga ekki möguleika á að kæra ákvörðun (endanlegt leyfi) nema að ganga í umhverfisverndarsamtök og þá eiga samtökin hagsmuni lögum samkvæmt ef þau uppfylla ofangreind skilyrði. Jafnframt getur sú staða hæglega komið upp hér á landi að fámenn staðbundin umhverfisverndarsamtök taki þátt í undirbúningi ákvörðunar en hafi hins vegar ekki rétt til þess að kæra endanlega ákvörðun til æðra stjórnvalds vegna þess að skilyrðið um fjölda félagsmanna er ekki uppfyllt.

Þótt tilskipun 2003/35/EB sé ekki hluti af EES-samningnum og strangt tiltekið beri Íslandi ekki að taka tillit til ofangreindrar niðurstöðu EB-dómstólsins ætti samt sem áður að endurskoða skilyrðin sem umhverfisverndarsamtök hér á landi verða að uppfylla svo þau geti skotið ákveðnum ákvörðunum til æðra stjórnvalds. Jafnframt ætti án tafar að ganga frá fullgildingu Árósasamningsins.

*Höfundur er prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.*

# Sigur í tapleik eða tap í sigurleik

**UMRÆÐAN**
Reinhold Richter skrifar um áfengisvarnir

REINHOLD RICHTER

Á hverju ári deyr fjöldi manns ótímabært af völdum alkóhólisma, fjölskyldur þjást og einstaklingar missa starfsþrek og samfélagslegan dug. Ungmenni tapa áttum, flosna úr skóla og tapa dýrmætum tækifærum, jafnvel lífinu sjálfu. Fíknisjúkdómurinn er þjóðfélagsmein sem fer vaxandi um allan hin vestræna heim. Íslendingar hafa lengi staðið fremstir þjóða í meðhöndlun á áfengis- og vímuefnasýki en nú kann að verða breyting þar á.

Fyrir liggur að þjónustusamningur ríkisins við SÁÁ verður skertur um 70 milljónir fyrir árið 2010 miðað við fast verðlag. Útilokað er að halda uppi núverandi þjónustustigi gangi áform heilbrigðisráðherra eftir.

Í kjölfar kreppunnar dróst sjálfsaflafé SÁÁ verulega saman, styrkir fyrirtækja þurrkuðust nánast út á einni nóttu og framlag ríkisins til Sjúkrahússins Vogs var skorið niður um 3,4% fyrir yfirstandandi ár. Fyrsti skellurinn var því stór, tugir milljóna, og brást SÁÁ strax við til að verja meðferðina sjálfa og fór í umfangsmikinn sársaukafullan niðurskurð.

Öllum steinum var velt við, allar hugsanlegar leiðir voru nýttar til hagræðingar og sparnaðar, starfsfólki var fækkað verulega og dregið úr nauðsynlegu viðhaldi fasteigna. Öll áhersla var lögð á að halda gæðum og umfangi meðferðarinnar óbreyttu, starfsfólkið sem eftir er hefur því tekið á sig aukið álag og umtalsverða tekjuskerðingu.

Allir hugsandi menn hafa samúð með fjárlaganefnd og þingmönnum öllum, því aldrei fyrr í sögu lýðveldisins hefur meira mætt á skynsemi fjárlaganefndar og siðgæðisþreki þingsins. Þjóðin hefur ekki þurft að draga seglin jafn mikið saman milli ára síðan sögur hófust.

Engum er alveg sama um hvar og hvernig skera skal og allir eru á móti flötum niðurskurði. Skynsamt fólk veit að á samdráttartímum þarf að forgangsraða og sumt er ekki hægt að spara því að stundargróðinn getur á augabragði umhverfst í andstæðu sína.

Þannig er því varið ef hætt er að meðhöndla virka áfengis- og fíknisjúklinga. Samkvæmt tölum frá NIDA (The National Institute on Drug Abuse) sem er stofnun í bandarískra heilbrigðisráðuneytinu, fást tólf dollarar til baka fyrir hvern einn sem fjárfestur er í meðferð við áfengis- og fíkniefnasjúkdómnum, vegna sparnaðar á afleiddum kostnaði þjóðfélagsins er hlýst af virkum fíknisjúkdómi. Ætla má að mjög svipað hlutfall gildi hjá okkur. 70 milljóna króna niðurskurður á meðferðinni á Vogi getur því jafngilt 840 milljóna tapi fyrir þjóðfélagið í heild þegar upp er staðið. Höfum við efni á því, mér er spurn, hvað heldur þú?

Stór hluti þessa afleidda kostnaðar er ótímabær dauðsföll, því er nauðsyn að ráðamenn svari þessari siðferðislegu spurningu: Hvert eiga dauðsjúkir einstaklinga að leita sem koma á næstunni að læstum dyrum í heilbrigðiskerfinu vegna fjárskorts?

Við Íslendingar segjum allir sem einn: Nei, við viljum ekki skera niður aðgengi, þjónustu og endurhæfingu þeirra sem þurfa á aðstoð heilbrigðiskerfisins að halda.

Hjá okkur í SÁÁ hefur hagræðing þegar farið fram, hér er varla nokkur möguleiki á ýtarlegri tiltekt, það eina sem blasir við okkur er að skerða aðgengi og þjónustu við fólk sem er lífshættulega sjúkt, verði þjónustusamningurinn ekki virtur.

Allir Íslendingar eru sammála um að það gengur ekki að neita fársjúku fólki um læknisaðstoð. Þess vegna þarf fjárveitingarvaldið að taka sig saman í andlitinu og hætta við að skerða nýgerðan þjónustusamning við SÁÁ.

*Höfundur er félagi í SÁÁ og starfar sem áfengisráðgjafi.*






# Ódýrt og afar mikilvægt öryggistæki

**UMRÆÐAN**
Karin Erna Elmarsdóttir skrifar um endurskinsmerki

KARIN ERNA ELMARSDÓTTIR

Nú er skammdegið skollið á og þá er mikilvægt að allir vegfarendur séu með endurskinsmerki svo að þeir séu sem öruggastir í umferðinni. Myrkrið veldur því að ökumenn sjá oft illa í kringum sig þrátt fyrir götulýsingu og yfirleitt góð ökuljós á bifreiðum. Endurskinsmerki gera það að verkum að ökumenn taka mun fyrr eftir gangandi vegfarendum þegar dimmt er úti. Mikilvægt er að endurskinsmerkin séu vel sýnileg og er best að hafa endurskinsmerkin fremst á ermum, á skóm eða neðarlega á buxnaskálmum. Þá virka endurskinsmerkin eins og blikkljós þegar ljós skín á þau. Því fyrr og betur sem ökumenn greina gangandi vegfarendur, þeim mun meira er öryggi þeirra síðarnefndu í umferðinni. Það er staðreynd að ökumenn sjá gangandi vegfarendur með endurskinsmerki fimm sinnum fyrr og því getur notkun endurskinsmerkja skilið milli lífs og dauða.

Allir ættu að finna endurskin við hæfi en til eru margar gerðir og stærðir eins og endurskinsvesti, endurskinsborðar, límmerki, barmmerki eða hangandi endurskinsmerki. Á mörgum skólatöskum eru endurskinsmerki og gott er að líma endurskin á barnavagna, sleða, bakpoka og skíðastafi.

Fullorðnir eiga að sjálfsögðu að vera fyrirmyndir barna og vera með endurskinsmerki á sínum flíkum. Nauðsynlegt er fyrir skokkara að vera í endurskinsvestum eða með gott endurskin á æfingafatnaði þegar æft er utandyra. Endurskinsmerki er einnig hægt að líma á hunda- og kattahálsbönd og sjálfsagt er að bregða endurskinsborðum um fætur hestsins ef farið er í reiðtúr.

Líklegt er að til séu endurskinsmerki í skúffum og skápum á flestum heimilum og þá er um að gera að nota þau merki, enda gera þau lítið gagn ef þau eru ekki notuð. Kaupþing hóf í vikunni endurskinsmerkjaátak í samstarfi við Umferðarstofu og er hægt að nálgast endurskinsmerki í útibúum Kaupþings víða um land. Að öðrum kosti er hægt að fá endurskinsmerki í mörgum verslunum, apótekum og bensínstöðvum.

Sjáumst í umferðinni, vel sýnileg.

*Höfundur er fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu.*

# Orkulindir Íslands eru miklar

**UMRÆÐAN**
Ómar Sigurðsson skrifar um orkumál

ÓMAR SIGURÐSSON

Sigmundur Einarsson skrifar grein um „Hinar miklu orkulindir Íslands“ á vefritið Smuguna. Greinin er um margt ágæt í umræðunni um orkumál, en niðurstaða hennar er sú helst að ekki verði næga raforku að hafa eftir að virkjað hefur verið fyrir álver á Bakka og í Helguvík. Í síðari greininni „Orkudraumar á teikniborði Norðuráls“ á sama stað fer Sigmundur meira út í að munnhöggvast vegna pistilsins „Yfirdrifin orka fyrir Helguvík“ á heimasíðu Norðuráls. Sammerkt báðum greinum hans er að hann dregur mjög úr mati á mögulegri nýtingu jarðhitasvæða á Reykjanesskaga. Ekki hefur hann nein gögn því til stuðnings eða rök til að gera það heldur lætur þar meira eigin tilfinningu ráða. Þannig minnkar hann rafafl þeirra svæða um minnst 400 MWe, sem leiðir hann síðan að fyrrgreindri ályktun.

**Reykjanesvirkjun og Krýsuvík**

Ef skoðaðir eru þeir virkjunarkostir sem hann kýs að sleppa eða minnkar mat þeirra sem fyrir eru eftir eigin tilfinningu, þá er þar fyrst að nefna stækkun Reykjanesvirkjunar. Stækkun Reykjanesvirkjunar um allt að 100 MWe hefur þegar farið gegnum mat á umhverfisáhrifum og umsókn um virkjanaleyfi hefur verið lögð inn. Þar telur Sigmundur að virkjunarleyfi fáist ekki því niðurdráttur í jarðhitakerfinu sé talinn mikill af Orkustofnun, samanber tilvitnun í umhverfismatsskýrslu. Því er til að svara að þó að niðurdráttur hafi orðið sneggri í jarðhitakerfi Reykjaness en víðast í öðrum jarðhitakerfum á Íslandi er hann ennþá minni en t.d. í Svartsengi og meira en tvöfalt minni en þekkist í rekstri jarðhitakerfa erlendis. Líkanreikningar benda jafnframt til að eftir stækkun virkjunarinnar verði niðurdráttur þar vel innan ásættanlegra viðmiða og því engin ástæða að fella þennan virkjunarkost út sem orkuöflunarkost.

Í öðru lagi lækkar Sigmundur mat Rammaáætlunar fyrir Trölladyngju-Krýsuvíkursvæðið úr um 480 MWe í 160 MWe eða niður í 1/3 af mati Rammaáætlunar. Aftur hefur hann engin gögn til þess önnur en að honum finnist það eðlilegt. Mat Rammaáætlunar er hins vegar byggt á viðurkenndum aðferðum fyrir svæði þar sem takmörkuð gögn eru tiltæk. Þar er beitt svonefndri rúmmálsaðferð sem er viðurkennd aðferð til að gera fyrsta mat fyrir lítið þekkt jarðhitasvæði. Þar til frekari gögn liggja fyrir um Trölladyngju-Krýsuvíkursvæðið eru ekki fyrir hendi rök til að breyta þessu mati.

**Tæknin er fyrir hendi**

Á ágætum opnum fundi Samorku, sem haldinn var 21. október sl. um sjálfbæra nýtingu jarðhitans (sjá samorka.is) kom fram í erindi Ólafs Flóvenz, forstjóra ÍSOR, að jarðhitamat frá 1985 áætlaði að innan gosbeltisins væri til staðar varmaorka í efstu 3 km jarðskorpunnar sem gæti samsvarað rafafli yfir 36.000 MWe í 50 ár. Um 5-6% af flatarmáli gosbeltisins eru á Reykjanesskaga og aflgeta hans gæti þannig verið yfir 1.900 MWe í 50 ár. Ef bætt væri við varmaorkunni á 3-5 km dýpi myndi aflgetan á Reykjanesskaga meir en tvöfaldast og fara yfir 4.000 MWe. Á Reykjanesskaga og að Þingvallavatni er nú þegar virkjað rafafl í jarðhita rúm 500 MWe eða um fjórðungur þess sem áætlað er að megi vinna á skaganum innan 3 km dýpis og aðeins um 12% þess sem áætlað er að vinna megi niður á 5 km dýpi. Þá má nefna að í umhverfismat hafa þegar farið væntanlegir virkjanakostir á þessu svæði fyrir um 400 MWe.

Er það innantómur draumur að hægt sé að vinna þennan varmaforða á næstu árum? Vantar tækni til þess? Svarið er nei, tæknina vantar ekki. Við núverandi jarðhitavirkjanir eru boraðar vinnsluholur niður á allt að 3 km dýpi. Erlendis er algengt að bora holur niður á 5 km dýpi og hafa íslensk fyrirtæki tekið þátt í þannig borun. Þannig hafa fyrirtækin aflað sér reynslu og þekkingar sem slík borun krefst. Tæknin er þekkt og tækjabúnaðurinn til, en hann þyrfti að flytja til landsins. Talið er að lekt jarðlaga minnki með auknu dýpi vegna meiri samþjöppunar jarðlaganna. Því er ólíklegra að hitta á eins gjöfular vatnsæðar og nú eru nýttar því dýpra sem er farið. Hins vegar þarf það ekki að hamla nýtingu. Til er tækni til að brjóta berg á svo miklu dýpi og mynda þannig þá nauðsynlegu lekt sem flutningsmiðill varmaorkunnar þarf. Þó að þessi tækni (e. Engineered Geothermal Systems) sé enn talin í þróun, eins og reyndar öll tækni, þá er hún reynd og hefur sannað notagildi sitt. Það má t.d. benda á þannig „manngerð“ jarðhitakerfi í Ástralíu. Til að beita þessari tækni hérlendis þarf lítið annað en að flytja inn tækjabúnaðinn til þess. Þetta er því ekki draumur.

*Er það innantómur draumur að hægt sé að vinna þennan varmaforða á næstu árum? Vantar tækni til þess? Svarið er nei, tæknina vantar ekki. Við núverandi jarðhitavirkjanir eru boraðar vinnsluholur niður á allt að 3 km dýpi.*

Rannsóknarboranir eru nauðsynlegar til að meta nánar afl, nýtingarhæfni og hagkvæmni nýtingar orkulinda, en þær eru oft settar í þung og tímafrek leyfisveitinga-, umsagna- og skipulagsferli. Það eru því frekar tafir eða aðrar hömlur á rannsóknarborunum sem geta valdið því að ætlaðir virkjunarkostir séu ekki tiltækir þegar markaður verður fyrir hendi til að nýta þá. Rangt er að halda því fram að orkulindir séu ekki nægar eða að áhugi orkufyrirtækja á varfærinni nýtingu þeirra sé ekki fyrir hendi.

*Höfundur er forðafræðingur HS Orku hf.*

Elham Tehrani, matvælafræðingur & matreiðsludama býður ykkur öll velkomin.

OPNUNARHÁTÍÐ
30-31. OKTÓBER

ELDHRÍMNIR

Örugglega besti persneski maturinn á norðurslóðum

Allur matur 990 kr

Pepperoni baka fyrir djarfa krakka, 500 Kr

Frítt gos

Lifandi tónlist & ýmsar uppákomur

2 fyrir 1 af bjór og kaffi.

Frá kl. 16:00, 30. okt til lokunar 31. okt

eldhrymnir.is • Höfðatorg • Borgartún 14 • s. 561 0990

Servida NORÐLENSKA Carlsberg ÓJ&K

# Markaðstorg hugmynda

**UMRÆÐAN**

George Akerlof og Joseph E. Stiglitz skrifa um hagfræði

Efnahagskreppan hefur verið afhjúpandi fyrir hagfræði- og viðskiptagreinar, því nú hefur reynt á margar rótgrónar og viðteknar hugmyndir. Ef vísindi eru skilgreind út frá forspárgildi þeirra ætti það að vera áhyggjuefni hversu fáir úr stétt hagfræðinga sáu hrunið fyrir.

### Suðupottur hugmynda

Reyndar ríkir mun meiri hugmyndaágreiningur meðal hagfræðinga en flestir gera sér grein fyrir. Nóbelsverðlaunin í hagfræði í ár féllu í skaut tveimur fræðimönnum, sem hafa varið starfsævinni í að rannsaka ólíkar kenningar. Hagfræðin hefur getið af sér ógrynni hugmynda; sumar hverjar ganga út á að markaðir séu ekki endilega skilvirkir eða stöðugir, eða að kenningin um samkeppnisjafnvægi, sem flestir hagfræðingar styðjast við, sé ekki endilega best fallin til að lýsa hagkerfinu eða þjóðfélaginu.

Atferlishagfræðingar leggja til dæmis áherslu á að þátttakendur á markaði hegði sér oft ekki á rökréttan hátt. Að sama skapi sýna upplýsingahagfræðingar fram á að jafnvel þótt samkeppni ríki á mörkuðum skorti á skilvirkni þeirra þegar upplýsingum er ábótavant eða þeim er misdreift (þegar sumir vita eitthvað sem aðrir vita ekki, eins og í fjármálahruninu) – það er að segja alltaf.

JOSEPH STIGLITZ

GEORGE AKERLOF

Mýmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að að jafnvel þegar stuðst er við kenningar um svonefndar „hagsýnisvæntingar“ (e. rational expectations) eru markaðir ekki endilega stöðugir og hætta er á verðbólgu. Fjármálakreppan hefur sýnt svo ekki verður um villst að fjárfestar eru langt því frá rökvísir. Einn gallinn á kenningunni um hagsýnisvæntingar felst til dæmis í duldum ályktunum á borð við þær að allir fjárfestar búi yfir sömu upplýsingunum. Á þessa annmarka var þó löngu búið að benda fyrir hrun.

### Þverfagleg nálgun

Kreppan hefur hleypt nýju lífi í umræðu um þörfina fyrir nýtt reglugerðarkerfi, sem og þörfina fyrir aðrar hugmyndir sem gætu veitt betri innsýn í hvernig hið flókna hagkerfi okkar hagkerfi virkar og mögulega mótað stefnu sem hindrar að ósköpin sem ríða nú yfir endurtaki sig.

Meðan sumir hagfræðingar töluðu fyrir hugmyndinni um fullkomlega skilvirkan markað með engu atvinnuleysi sem væri undir eigin eftirliti hafa aðrir hagfræðingar og félagsvísindamenn sem betur fer rannsakað aðrar nálganir. Úr þeim geira hafa sprottið kenningar sem leggja áherslu á fjölbreytileika aðstæðna eða blína á flókin krosseignatengsl fyrirtækja (sem geta hrint af stað gjaldþrotabylgju) og frumkvöðlakenningar, sem leitast við að útskýra drifkraft hagvaxtar. Þá hafa skrif Hymans Minsky um fjármálakreppur, sem hafa orðið tíðari eftir að afnám regluverks hófst fyrir þremur áratugum, gengið í endurnýjun lífdaga.

Í suðupotti hagfræðinnar eru mest spennandi rannsóknirnar þær sem leita fanga í öðrum fræðigreinum, til dæmis sálfræði, stjórnmálafræði og félagsfræði. Mikinn lærdóm má líka draga af hagsögu síðustu aldar. Þrátt fyrir allar nýjungar á fjármálamörkuðum er kreppan nú merkilega lík fyrri kreppum, að því undanskildu að nýir, flóknir fjármálagjörningar hafa dregið úr gegnsæi og þannig magnað óttann um hvað muni gerast ef hið opinbera ræðst ekki í stórfelldar björgunaraðgerðir fyrir fjármálageirann.

### Hugmyndir framar sérhagsmunum

Hugmyndir eru jafn mikilvægar og sérhagsmunir, ef ekki mikilvægari. Embættismenn, sem áttu að annast eftirlit, og kjörnir fulltrúar voru pólitískt staðnaðir – afnám reglugerða og vanræksla þess að koma böndum á nýja fjármálagjörninga þjónaði fyrst og fremst sérhagsmunum. En embættismenn og stjórnmálamenn þjáðust líka af hugmyndafræðilegri stöðnun. Þeir þarfnast víðfeðmari og kraftmeiri hugmyndagrunns til að byggja á.

Í ljósi þessa ber að fagna framtaki George Soros um stofnun hugmyndabankans Initiative for New Economic Thinking (INET), sem mun veita rannsóknarstyrki, halda ráðstefnur og gefa út tímarit. Allt þetta mun stuðla að því nýjar hugmyndir og samstarf fái að blómstra.

INET fær fullt frelsi bæði hvað rannsóknarefni og efnistök áhrærir og vonandi munu fleiri leggja lóð sín á vogarskálarnar og verkefninu vaxa ásmegin. Eina skylda hugmyndabankans er gagnvart „nýrri hagfræðilegri hugsun“ í breiðri merkingu. Í mánuðinum sem leið stefndi Soros saman fjölbreyttum hópi framámanna á sviði hagfræði til að ræða þörfina fyrir slíkt framtak og framtíðarhorfur.

Undanfarna þrjá áratugi hafa hagfræðingar meðal annars leitast við að setja fram kenningar sem gera ráð fyrir að markaðir gangi snurðulaust fyrir sig. Þessi ályktun hefur tekið athyglina frá ófáum rannsóknum sem skýra hvers vegna markaðir ganga einmitt ekki snurðulaust fyrir sig – stundum má jafnvel tala um víðtækan markaðsbrest.

Manneskjan er fallvölt skepna og skilningi á hvernig flókið hagkerfi okkar virkar er ábótavant. INET gefur því fyrirheit um að róið verði á mið nýrra hugmynda, sem geta vonandi lágmarkað skaðann sem hlýst af annmörkum markaðarins.

*George Akerlof er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Kaliforníuháskóla í Berkeley. Joseph E. Stiglitz er Nóbelsverðlaunahafi og prófessor við Columbia-háskóla. ©Project Syndicate*

# AGS frá Íslandi

**UMRÆÐAN**

Emile Ekeberg og Árni Daníel Júlíusson skrifa um AGS

EMILIE EKEBERG

ÁRNI DANÍEL JÚLÍUSSON

Í þessari viku (25.-31. okt.) heldur Norðurlandaráð sinn árlega fund, nú í Stokkhólmi. Norðurlöndin hafa gefið Íslandi lánsloforð undir stjórn AGS. Nú er orðið alveg ljóst að AGS ræður ekki við verkefnið, og aðgerðir sjóðsins gera ekki annað en dýpka kreppuna á Íslandi. Attac-samtökin á Norðurlöndum telja að Norðurlöndin verði að veita Íslandi lán sem leysi AGS undan skyldum sínum hér.

Nýfrjálshyggjan hóf sigurgöngu sína fyrir rúmlega þrem áratugum. Alfrjálsir fjármálamarkaðir voru drifkraftur þessarar útþenslu. Hagvöxtur á forsendum nýfrjálshyggjunnar byggði á takmarkalausri skuldsetningu einstaklinga og fyrirtækja vegna offramboðs á lánsfé. Kerfi þetta náði endimörkum sínum í hrunadansi banka og fjármálastofnana á árunum 2007 og 2008.

Með hruni fjármálamarkaðanna gekk AGS því í endurnýjaða lífdaga fyrir forgöngu þeirra sem hafa völdin á efnahagssviðinu, þrátt fyrir að þeir hefðu sjálfir lagt drögin að hruninu, og þrátt fyrir að sjóðnum hefði mistekist í öllum yfirlýstum markmiðum sínum: tryggja efnahagslegan stöðugleika og koma í veg fyrir kreppur, stuðla að hagvexti og draga úr fátækt.

Sú ríkisstjórn sem var við völd á Íslandi þegar kreppan skall á af fullum þunga leitaði ásjár AGS. Sett var upp endurreisnaráætlun fyrir landið undir stjórn AGS, en með kröfum Englands og Hollands um að láta íslenska skattgreiðendur greiða mun meira af skuldum bankanna en kveðið er á um í reglum ESB um tryggingarsjóði. Gamalkunnir fylgifiskar fylgdu aðkomu hans, hávaxtastefna sem gagnast erlendum fjármagnseigendum en drepur niður innlendan atvinnurekstur, niðurskurður í velferðarmálum, gengishrun, uppsagnir opinberra starfsmanna. Allt þetta eykur á kreppuna/samdráttinn, vandamál heimilanna og atvinnuleysið og drepur samfélagið í dróma.

Hugmynd AGS er endurreisn efnahagslífsins drifin áfram með erlendri skuldsetningu og erlendu fjármagni. Þar sem valkosti skortir, valkosti sem raunar eru fyrir hendi og hafa meðal annars verið lagðir fram af kreppunefnd SÞ (Stiglitz-nefndin), eru íslensk stjórnvöld þvinguð til að fylgja stefnu AGS í því augnamiði að endurheimta traust fjármálamarkaða heimsins. Mikill þrýstingur er á stjórnvöld að grípa ekki til neinna þeirra ráðstafana, hvort sem er í skattamálum eða umhverfismálum, sem styggt gætu erlenda fjárfesta.

Norðurlöndin hafa samþykkt að leggja Íslendingum lið í endurreisnarstarfinu undir handleiðslu AGS með lánsloforðum. Norrænu Attac-samtökin telja að Norðurlöndin ættu að sneiða hjá AGS, og veita frekar tvíhliða stuðning. Þessi lánafyrirgreiðsla ætti að vera í samræmi við þarfir landsmanna en ekki þarfir alþjóðlegra fjármálamarkaða. Til að losna undan þrýstingi og hótunum þeirra þarfnast Íslendingar allra tiltækra bandamanna, vinveittra þjóða, hreyfinga og einstaklinga. Endurreisn undir stjórn AGS er Íslendingum ekki í hag. AGS frá Íslandi!

Noregur gæti núna hjálpað Íslandi með afgerandi hætti. Noregur á nægt fé. Með því að bjóða fram lítinn hluta olíusjóðsins væri hægt að losa Ísland undan hinum fáránlegu skilyrðum sem AGS þröngvar upp á landið. Lítil hætta er á að peningarnir fáist ekki greiddir, því sá hluti hins íslenska efnahagslífs sem er utan fjármálageirans, hinn „raunverulegi“ efnahagur, hefur gefið af sér öruggan arð allt fram að hruni. Þessi hluti íslensks hagkerfis hefur staðið af sér óveðrið og mun gefa áfram arð, ef komið verður í veg fyrir að AGS sendi reikninginn fyrir hrunið til almennra Íslendinga.

Við verðum að byggja upp samfélag, grundvallað á gildum eins og félagslegu réttlæti, efnahagslegum stöðugleika og sjálfbærri þróun, um allan heim og í öllum samfélögum. Við samþykkjum ekki áframhaldandi forræði nýfrjálshyggjunnar, og við megum ekki samþykkja afturhvarf til óbreytts ástands á komandi árum. Endurreisn undir stjórn AGS er Íslendingum ekki í hag. AGS frá Íslandi!

*Emilie Ekeberg er formaður Attac Norge og Árni Daníel Júlíusson er formaður Attac á Íslandi.*

# Ábyrgð okkar allra

**UMRÆÐAN**

Björk Einisdóttir skrifar um einelti

BJÖRK EINISDÓTTIR

Fátt veldur jafnmiklum sársauka og það að lenda í einelti, segir í nýútkomnum fræðslubæklingi frá Heimili og skóla, Einelti – góð ráð til foreldra. Bæklingnum er ætlað að auka þekkingu á einelti og hjálpa foreldrum að öðlast betri skilning á líðan barna sinna. Það er mikilvægt að eineltismál leysist fljótt og farsællega þannig að barnið losni undan þeirri niðurlægingu sem fylgir því að vera lagt í einelti. Það er einnig brýnt að foreldrar taki vel á málum hafi barn lagt önnur börn í einelti og aðstoði barnið við að hætta því.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra hófu nú þriðjudaginn 27. október átak gegn einelti með því að gefa út nýtt fræðsluhefti fyrir foreldra.

Við berum öll ábyrgð á því að börnin okkar búi við öryggi. Með því að tala saman og minna hvert annað á þessa ábyrgð getum við komið í veg fyrir margvísleg sárindi og vanlíðan. Heimili og skóli – landssamtök foreldra eru mikilvægir tengiliðir í samstarfi heimila og skóla í forvörnum er tengjast einelti og um örugga og jákvæða netnotkun. Töluvert er leitað til samtakanna um ráðgjöf er varðar líðan barna og margir foreldrar þurfa stuðning í samskiptum sínum við skólann.

Þegar einelti kemur upp eru starfsfólk og stjórnendur skóla ábyrg fyrir því að grípa inn í málin og sjá til þess að þau verði stöðvuð. Ef skóli vill axla ábyrgð og gera skyldu sína í eineltismálum þarf að útbúa fyrirbyggjandi áætlun og hafa tiltæka viðbragðsáætlun þegar einelti lætur á sér kræla. Reynslan sýnir að langtímaáætlanir og skipulagt forvarnarstarf skila bestum árangri. Eineltisvandamálum fækkar og líðan nemenda verður betri með jákvæðari hegðun innan skólans. Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að mikilvægt sé að nemendur geti leitað til hvaða starfsmanns skóla sem er með mál sem snúa að velferð þeirra og líðan og að brugðist sé við strax og á viðeigandi hátt ef upp koma vandamál af einhverju tagi, t.d. stríðni, einelti, agabrot eða vanlíðan.

Rannsóknir SAFT gefa til kynna að öll grunnskólabörn hafi aðgang að Netinu í skóla og allflest heima hjá sér. Meðalaldur íslenskra barna þegar þau fara á Netið í fyrsta skipti hefur lækkað frá því rannsóknir okkar hófust. Meðalaldur var 8,7 ár árið 2003, 7,7 ár árið 2007 og 6,9 ár árið 2009. Mikilvægt er að undirbúa börn vel áður en þau byrja að ferðast um Netheima, tryggja að þau temji sér góða umgengnishætti og þekki jákvæðar og neikvæðar hliðar Netsins. Netið og síminn eru oft nefnd þegar rætt er um einelti, enda hafa þessir miðlar opnað nýjar leiðir til að komast að fólki t.d. með gestabókum á bloggsíðum og SMS-skilaboðum í farsíma.

Það er von okkar hjá Heimili og skóla að við náum í sameiningu að lágmarka neikvæða hegðun barnanna okkar á Netinu og í skólum landsins. Það er mikilvægt að við tölum saman, störfum saman og sýnum börnum hvatningu, umhyggju, aðhald og eftirlit með það að markmiði að bæta líðan þeirra. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðum okkar, heimiliogskoli.is og saft.is.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.*

# Frábært verð
# á flötum skjám

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftækin fást í Hagkaup Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

SEVERIN

**Severin heilsugrill** KG2396
- 1800w
- Non-Stick - Auðvelt í þrifum
- Breytilegar hitastillingar
- Plast handföng

14.990kr

Melissa

**Melissa blandari** 646071
- 500w, 1,5 lítra
- Blandar, mixar og kremur fljótt og vel
- Tilvalinn fyrir mjólkurhristinga, súpur og sósur
- Tvær stillingar
- Glerskál - þolir að kremja klaka

9.990kr

Melissa

**Melissa brauðrist** 643200
- 680w brauðrist
- Fyrir 2 brauðsneiðar
- 6 stillingar
- Stop takki

4.490kr

UNITED

**United 42" LCD sjónvarp**
LTV9742
- 42" Full HD LCD breiðtjaldsjónvarp
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- FullPIX2 / FullPIX HD myndtækni
- 3D Comb filter
- Skerpa: 100000:1 og svartími: 5ms
- DVB-T móttakari
- PIP (mynd í mynd), PAP (mynd og mynd)
- Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 500 cd/m2
- Innbyggðir 2 x 10w hátalarar
- Nicam stereo
- 2 x HDMI, 2 x scart, component, CVBS,
- Audio in og út, SPDIF Digital coaxial
- Heyrnartólstengi
- PC VGA video og hljóð inngangur
- Common Interface lesari
- Borðstandur fylgir

189.990kr

UNITED

**United 32" LCD sjónvarp**
LTV9732
- 432" HD Ready 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- 3D Comb filter
- Skerpa: 20000:1 og svartími: 8ms
- DVB-T móttakari
- PIP (mynd í mynd), PAP (mynd og mynd)
- Sjónsvið (H/V): 178°/178° og birtustig: 500 cd/m2
- Innbyggðir 2 x 10w RMS hátalarar
- Nicam stereo
- 2 x HDMI, 2 x scart, component, composite, CVBS
- Audio in og út, S/PDIF Digital coaxial
- Heyrnartólstengi
- PC VGA video og hljóð inngangur
- Common Interface lesari
- Borðstandur fylgir

119.990kr

UNITED

**United örbylgjuofn** MWO9100
- 800w örbylgjuofn
- 5 stillingar
- 20 lítrar
- Snúningsdiskur
- Afþýðingarmöguleiki

11.990kr

KENWOOD



**Kenwood ryksuga** VC2781
- 1600w ryksuga
- Einföld og handhæg
- Með stillanlegu röri og litlum bursta
- Notar Propair 36251 ryksugupoka

7.990kr

TOSHIBA

**Toshiba DVD spilari** SD291
- DivX DVD spilari
- Styður DVD+-R/+-RW CD/CD-R/RW VCD/SVCD
- USB tengi, les beint af USB
- Les DivX, XviD, MPEG1-3, JPEG
- Dolby Digital, DTS
- Tengi: Scart, Digital Coaxial, Composite, RCA
- PAL & NTSC stuðningur

12.990kr

Dantax

**Dantax ferðaútvarp** R40
- FM útvarp
- Innbyggt loftnet
- Gengur fyrir rafhlöðum eða 230V

3.490kr

Gildir til 5. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# Lúterskar fríkirkjur og stjórnarskráin

**UMRÆÐAN**
Prestar skrifa um fríkirkjur

Ört vaxandi fjöldi Íslendinga, nú um 17.000 manns, hefur kosið að tilheyra evangelísk-lúterskum fríkirkjum. Á undanförnum áratug hefur fríkirkjufólki fjölgað um allmörg þúsund. Á sama tíma fækkar hlutfallslega í þjóðkirkjunni þrátt fyrir þá milljarða króna sem hún fær frá ríkinu hvert ár.

Nú stendur fyrir dyrum endurskoðun á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Í þeim lögum, sem og í sérstökum samningi milli ríkis og þjóðkirkju sem einnig var gerður fyrir um áratug um kirkjusögulegan arf Íslendinga, er látið sem evangelísk-lúterskar fríkirkjur séu ekki til. Það veldur verulegum ójöfnuði hvað varðar fjárhag og starfsaðstöðu lútersku fríkirkjunnar samanborið við þjóðkirkjuna. Þó hefur lúterska fríkirkjuhreyfingin verið við lýði hér á landi nokkuð vel á annað hundrað ár, svo til allan þann tíma sem trúfrelsi hefur ríkt í landinu.

Ekki er að sjá að þessi mismunun samræmist ákvæði Stjórnarskrár Íslenska lýðveldisins en í 62. gr. segir: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum."

Þegar evangelísk-lútersku fríkirkjurnar voru stofnaðar á sínum tíma sem sjálfstæð trúfélög var það sannarlega í anda lýðræðis og jafnræðis. Einmitt þeirra fegurstu gilda sem er að finna í lúterskri trúarhefð, þeirra gilda sem þjóðin helst getur sameinast um.

Í ljósi þess mikla meðbyrs sem lúterskar fríkirkjur hafa haft síðustu árin er mikilvægt að ríkisstjórn Íslands og Alþingi taki fullt tillit til þeirra við endurnýjun laga og samninga er varða samband ríkis og kirkju.

Safnaðarmeðlimir lútersku fríkirknanna eru alveg fullgildir erfingjar þess kirkjusögulega arfs sem ríkið greiðir nú árlega til þjóðkirkjunnar.

Það er vissulega í anda þeirrar lýðræðislegu endurskoðunar og þeirra stjórnsýsluumbóta sem núverandi ríkisstjórn boðar og stendur að.

*Fyrir hönd evangelísk-lúterskra fríkirkna á Íslandi:*

*Hjörtur Magni Jóhannsson prestur, fyrir hönd Fríkirkjunnar í Reykjavík; Einar Eyjólfsson prestur og Sigríður Kristín Helgadóttir prestur, fyrir hönd Fríkirkjunnar í Hafnarfirði; Pétur Þorsteinsson prestur, fyrir hönd Óháða safnaðarins; Friðrik Schram prestur, fyrir hönd Íslensku Kristskirkjunnar.*

# Að gefa er að þiggja

**UMRÆÐAN**
Sigríður Guðlaugsdóttir skrifar um hjálparstarf Enza

SIGRÍÐUR GUÐLAUGSDÓTTIR

Ég vaknaði upp við það að mamma var að reyna að kyrkja mig," sagði Bianca hágrátandi þegar hún bankaði upp á hjá Hjálparsamtökunum Enza í Suður-Afríku um miðja nótt. „Ég hef engan annan stað að fara á."

Bianca er 16 ára og varð ófrísk eftir hópnauðgun í fátækrahverfinu sínu í Suður-Afríku. Hún var gerð brottræk úr samfélaginu af því að staða hennar var svo mikill smánarblettur á fjölskyldunni. Eftir að hafa fengið húsaskjól á mæðraheimili og gefið nýfætt barnið til ættleiðingar átti hún í engin hús að venda. Hún ákvað samt að snúa aftur í foreldrahús sem hún hélt að væru öruggur staður. Þetta var í annað skiptið sem mamma hennar reyndi að fyrirfara henni. Stjúpi hennar hafði skömmu áður í skjóli nætur reynt að nauðga henni. Enginn bar virðingu fyrir Biöncu. Hún var úrhrak.

Ég man sorgina í augum þessarar fallegu stúlku nokkru áður þegar hún var komin tæpa níu mánuði á leið og bjó á mæðraheimilinu fyrir ófrískar konur sem ProCare, systursamtök íslensku hjálparsamtakanna Enza, reka. Með tárvot augu sagðist hún elska barnið sem hún bar undir belti þrátt fyrir hörmulega reynslu, og að vita ekki hver faðirinn væri. Þetta var erfiðasta ákvörðun lífs hennar – að gefa barnið til ættleiðingar. Hún grét. En hún vissi að það var best fyrir litla barnið. Hún myndi ekki geta búið því mannsæmandi líf.

Bianca er aðeins ein af fjölmörgum stúlkum sem eru fórnarlamb nauðgana. Suður-Afríka hefur nefnilega þann vafasama heiður að vera það land þar sem nauðganir eru flestar á heimsvísu. Þar er konu nauðgað á 27 sekúndna fresti.

Á síðasta ári tókum við okkur saman sjö íslenskar konur og stofnuðum Enza-hjálparsamtökin skammt frá Höfðaborg í Suður-Afríku, en ein okkar býr á svæðinu og heldur utan um starfið. Við vitum ekki til þess að önnur hjálparsamtök í heiminum sinni sérstaklega þessum hópi stúlkna og kvenna. Við ákváðum hins vegar að styðja og miðla til þessa ólánsama hóps á þessu svæði. Fyrir okkur eru viðhorfin sem ríkja í þeirra garð óskiljanleg. Við búum við þau forréttindi að njóta stuðnings samfélagsins og þykir ekkert sjálfsagðara en að búa við þau réttindi að kjósa okkur fjölskylduform við hæfi. Þar fyrir utan finnst okkur eðlilegt að nærsamfélagið styðji við þann sem lendir í jafn skelfilegum aðstæðum og þessar stúlkur. Það er illskiljanlegt að vera ofan á allt saman útskúfað af þeim sem standa manni næst.

Auður Capital veitti okkur styrk fyrr á árinu til að reisa fræðslumiðstöð inni í fátækrahverfinu. Tölvu- og lífsleikninámskeiðin færast því bráðlega af skrifstofu systursamtaka okkar yfir í Enza-skólann og hægt verður að bjóða upp á fjölbreyttara námsefni fyrir Enza-stelpurnar og aðrar konur í fátækrahverfinu. Þær skortir verulega menntun og kunnáttu til að komast í tækifærin sem eru til staðar. Fjáröflun sem nú stendur yfir hjá Enza er ætlað að standa undir rekstri skólans og byggingu tímabundins heimilis fyrir stúlkurnar á meðan þær eru að fóta sig í tilverunni á ný.

Ég er ein af þeim sem fyllast vellíðan við vissuna um ég hafi stuðlað að betra lífi annarrar manneskju. Við höfum það nefnilega svo gott á Íslandi þrátt fyrir kreppu og efnahagslegar hremmingar. Við erum í hópi um það bil þriðjungs af mannkyni sem hefur örugglega í sig og á. Það eru mikil forréttindi ef maður lítur á hlutina í stærra samhengi.

Þegar þú leggur öðrum lið með vinnu þinni eða fjármunum og heldur að þú sért að „hjálpa" þeim eru þeir í raun að hjálpa þér að verða betri manneskja – Að gefa er að þiggja.

(Af internetinu - höfundur ókunnur.)

Ert þú aflögufær?

*Höfundur er stjórnarmaður Enza-hjálparsamtökunum - enza.is.*

# Ánægjuleg tíðindi

**UMRÆÐAN**
Karl V. Matthíasson skrifar um umferðaröryggi

KARL V. MATTHÍASSON

Þær fréttir að alvarlegum umferðarslysum hefur fækkað frá síðasta ári um tæp 17% eru mjög ánægjulegar. Sérstaklega er vert að benda á þetta því það hefur alls ekki dregið úr umferðinni, nema síður sé.

Hvað veldur þessari ánægjulegu þróun? Ákvæði í umferðarlögum um akstursbann vegna umferðarlagabrota þeirra sem eru með bráðabirgðaskírteini eiga örugglega sinn þátt í þessu. Þá er ég líka viss um margir ungir ökumenn gera sér betur grein fyrir þeirri ábyrgð sem því fylgir að vera úti í umferðinni. Löggæsla og eftirlit hefur líka auðvitað sitt að segja í þessum efnum. Vangaveltur eru einnig um að menn aki betur, lifi hægar í kreppunni og hugsi öðruvísi en þegar mammons dýrkunin og mammons æðið var sem mest. Þeir sem hugsa um hin raunverulegu verðmæti lífsins eru að mínu mati líklegri til að sýna mikla aðgát og árvekni í umferðinni. En hvað sem þessu öllu líður getum við búist við því að þetta verði allt betur greint í slysaskýrslu sem kemur út á vegum Umferðarstofu, væntanlega í febrúar.

Eitt langar mig til að minna alla á. En það eru endurskinsmerkin. Ég var á ferð að kvöldlagi í hverfinu mínu fyrir fáeinum dögum og skuggsýnt var orðið. Þarna er 30 km hámarkshraði og þótt ég æki á minni hraða lá allt í einu við slysi því dökkklæddur unglingspiltur stökk allt einu fyrir bílinn. Ég náði sem betur fer að stoppa í tæka tíð, en hefði hraðinn verið meiri er næsta víst að slys hefði orðið. Hér vil ég fullyrða að ég hefði séð drenginn miklu fyrr hefði hann notað endurskinsmerki.

Endurskinsmerkin eru ekki dýr vara og hægt er að verða sér úti um þau á ýmsum stöðum. Ég skora á alla sem eru á ferð í kvölddimmunni að nota endurskinsmerki því þau auka öryggið í umferðinni. Þetta á auðvitað líka við um börnin okkar sem fara í skólann árla morguns áður en dagsbirtu nýtur. Þau geta gleymt sér og hlaupið út á götuna án nokkurs fyrirvara og þá er gott að hafa séð þau áður en maður er kominn alveg að þeim.

Endurskinsmerki gegna mjög mikilvægu hlutverki í umferðaröryggi og notkun þeirra getur komið í veg fyrir alvarleg slys, sem alltaf valda ómældum þjáningum.

Stuðlum áfram að betri umferðarmenningu og um leið betra lífi.

*Höfundur er vímuvarnaprestur og formaður Umferðarráðs.*

4BLS
BÆKLINGUR

# NÓVEMBER TILBOÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

**FRÁBÆR TILBOÐ**
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM SJÓÐHEITUM NÓVEMBER TILBOÐUM

**WINDOWS 7**
MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM
**9.990**

**UPPFÆRSLA**
**14.900**
LENDIR EFTIR HELGI

**500GB**
LACIE HARÐDISK FLAKKARI
**14.900**

**1TB**
LACIE HARÐDISK FLAKKARI
**19.900**

**HVERGI BETRA VERÐ**

**SPILARI**
MARGMIÐLUNARSPILARI
TENGIST USB FLAKKARA
720P UPSCALING
**9.990**

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
**VERÐ VÖRN**
þá lækkum við okkar verð á staðnum

**GLÆSILEG VERSLUN**
Í BORGARTÚNI 31

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

# GIGABYTE

## UPPFÆRSLUTILBOÐ 2

- AM3 Single Core 140 2.7GHz
- GIGABYTE 740G móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 512MB ATI HD2100 skjástýring
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Passar í flestar eldri tölvur

**26.900**
HVERGI BETRA VERÐ!

# GIGABYTE

## UPPFÆRSLUTURN 1

- AM3 Single Core 140 2.7GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 256MB Geforce 6100 skjástýring
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- Netkort, 6xUSB2, VGA ofl. tengi
- Vandaður 500W hljóðlátur turn

**49.900**
GÓÐUR UPPFÆRSLUTURN

TIL AFGREIÐSLU STRAX

Windows 7

# GIGABYTE

## ALVÖRU LEIKJATÖLVA

Magnaður og öflugur leikjaturn frá GIGABYTE hlaðin nýjungum og með nýja Windows 7 64-BIT stýrikerfinu frá Microsoft.

- AM3 Phenom II X2 550 3.1GHz 7MB
- GIGABYTE 720-US3 móðurborð
- 4GB DUAL DDR2 1066MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ harðdiskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 7.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- 1GB ATI HD4670 GDDR3 skjákort
- GIGABYTE 500W SETTO leikjaturn
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.900**
WINDOWS 7 LEIKJATURN

ASUS

# EEE-BOX

## ASUS SMÁTÖLVA

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 400MHz vinnsluminni
- 160GB SATA2 5400rpm harðdiskur
- 256MB Intel GMA 950 skjástýring
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðstýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- Linux stýrikerfi, ritvinnsla ofl forrit

**59.900**
ÖRSMÁ OG FESTANLEG AFTAN Á SKJÁ

ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ:)

# MP490 ALL IN ONE

Mögnuð fjölnota græja frá Canon sem bæði ljósritar, prentar og skannar

**17.900**
FJÖLNOTAGRÆJA

PRENTAÐU JÓLAKORTIN HEIMA




# Canon GLOSSY PHOTO

Í ár er tilvalið að prenta sín eigin persónulegu jólakort á hágæða 170gr Glossy Photo ljósmynda pappír frá Canon. Sendu öllum persónuleg og flott jólakort í ár

**1.790**
100 STK GLOSSY JÓLAKORT

# ÞRÁÐLAUST SETT

Vandað þráðlaust lyklaborð með fjölda flýtihnappa og þráðlaus mús frá GIGABYTE

**6.990**
KM7500 ÞRÁÐLAUST SETT

# RS120 HEYRNARTÓL

Hágæða þráðlaus heyrnartól með innbyggðum NiMH hleðslurafhlöðum ásamt hleðslustöð. Supra Aural tækni tryggir hljómgæðin

**9.990**
SENNHEISER HEYRNARTÓL

# i-TRIGUE 3000 KERFI

Glæsilegt og öflugt 24W RMS 2.1 hljóðkerfi frá Creative með öflugu bassaboxi og Neo Titanium hátölurum sem eru með einstaklega tæran hljóm.

**12.900**
CREATIVE HLJÓÐKERFI

TÖL

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík

**BARNALEIÐSÖGN** verður um Þjóðminjasafn Íslands sunnudaginn 1. nóvember klukkan 14. Leiðsögnin er ætluð börnum frá níu til tólf ára. Ferðalagið hefst á slóðum landnámsmanna á níundu öld og síðan liggur leiðin gegnum sýninguna og 1.200 ára sögu þjóðarinnar fram til nútímans.

Villibráðar-hlaðborð

22. október - 18. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

*Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Chile og Argentínu.*

Verð 8.290 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*7.290 kr.*

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 19. nóvember

*Tilboð mán.-þri. 6.890 kr. — Verð: 7.890 kr.*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Luktirnar eiga að vera ógnvekjandi til að fæla burt óvættir sem sveima um á hrekkjavökunni. Halla er til vinstri, Védís í miðjunni og Melkorka til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Halda í gamlar hefðir

**Hrekkjavakan er á morgun og eru systurnar Melkorka, Halla og Védís Ólafsdætur búnar að skera út grasker og baka brauð. Þær eru á leið í árlega hrekkjavöku- og þakkargjörðarveislu til foreldra sinna.**

Systurnar Melkorka, Halla og Védís Ólafsdætur fyllast alltaf tilhlökkun um þetta leyti árs en þá standa foreldrar þeirra fyrir stórri hrekkjavöku- og þakkargjörðarveislu. Fjölskyldan bjó í Bandaríkjunum um miðjan níunda áratuginn og kynntist þá báðum þessum hefðum.

„Við höfum haldið árlega veislu, þar sem við skeytum þessum hefðum saman, enda ber þær upp á svipuðum tíma árs. Við erum því bæði með kalkún eins og á þakkargjörðarhátíðinni og grasker eins og á hrekkjavöku," segir Melkorka.

Hún segir bestu nýtinguna á graskerum að skera þau út og nota sem kertaluktir. Hins vegar sé hægt að gera ýmsa rétti úr aldinkjötinu en það er nokkuð hart og þarf því yfirleitt suðu. „Margar uppskriftir sem innihalda grasker gera frekar ráð fyrir graskeri úr dós. Þetta maísbrauð, sem er ávallt á borðum í hrekkjavöku- og þakkargjörðarveislunni, er þó með fersku graskeri."

Systurnar hittust á dögunum og rifjuðu upp gamla tíma með því að skera út luktir og baka brauð. Listrænir hæfileikar þeirra leyna sér ekki en þær hallast að listinni bæði í leik og starfi. Melkorka leikur fyrstu flautu í Ástardrykknum í Íslensku óperunni og systur hennar munu leika tvíhöfða hafmeyju í verkinu Hnykli sem verður frumsýnt 6. nóvember í verksmiðjuhúsnæði að Bygggörðum 5 auk þess sem Halla frumsýnir verk með Stúdentaleikhúsinu daginn eftir.

*vera@frettabladid.is*

## GRASKERS-MAÍSBRAUÐ

Fyrir 8

1½ bolli heilhveiti
5 tsk. lyftiduft
¾ tsk. kanill
¼ tsk. allrahanda
½ tsk. salt
1 bolli gult maísmjöl
½ bolli smjör, lint
2/3 bolli púðursykur
3 egg
3 msk. sítrónusafi
1½ bolli soðið graskersmauk
1 bolli mjólk

Þurrefnum blandað saman. Smjörið þeytt í sér skál, sykur settur út í og þeytt þar til létt. Síðan er eggjum, sítrónusafa og graskersmauki bætt við og allt þeytt vel saman. Þurrefnum og mjólk blandað í til skiptis og hrært þar til allt er vel blandað. Sett í tvö vel smurð brauðform. Bakað í 1 klst. og 20 mín. við 175°C. Látið kólna á grind í 5 mínútur áður en brauðin eru tekin úr formunum og kæld.

**EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON** og félagar munu flytja öll helstu lög hljómsveitarinnar Eagles á tónleikum í Háskólabíói á laugardaginn. Með Eyfa verða meðal annars Björgvin Halldórsson, Stefán Hilmarsson, Edgar Smári og Sigurjón Brink.

# Málþing um fornleifarannsóknir

**Málþing um fornleifarannsóknir verður haldið í Þjóðarbókhlöðunni á morgun klukkan 13.**

Félag um átjándu aldar fræði heldur málþing undir yfirskriftinni Fornleifarannsóknir síðustu ára og saga Íslands í fyrirlestrasal Þjóðarbókhlöðu, á 2. hæð, laugardaginn 31. október 2009.

Rætt verður að hvaða leyti hinar umfangsmiklu fornleifarannsóknir sem unnar hafa verið hérlendis á síðustu árum varpa nýju ljósi á sögu landsins.

Flutt verða fimm erindi. Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði við HÍ, ræðir um framlag nýrra fornleifarannsókna til íslenskrar miðaldasögu.

„Svo á jörðu sem á himni – grafir í Skriðuklausturskirkjugarði sem nýjar heimildir um sögu Íslands“ er fyrirlestur Steinunnar Kristjánsdóttur, lektors í fornleifafræði við HÍ og Þjóðminjasafn Íslands.

Halldór Bjarnason, aðjúnkt í sagnfræði við HÍ, fjallar um nýja vitneskju um daglegt líf og neysluhætti á 16. til 18. öld.

„Fallnir veggir og fáeinar línur á blaði. Samtenging rústa og ritaðra heimilda frá 17. og 18. öld“ er fyrirlestur Mjallar Snæsdóttur, fornleifafræðings við Fornleifastofnun Íslands, og lokaerindi flytur Guðrún Ása Grímsdóttir, rannsóknarprófessor við stofnun Árna Magnússonar. Það ber yfirheitið „Leifar af leiðum“.

Málþingið hefst klukkan 13 og því lýkur um klukkan 16.30. Öllum er heimill ókeypis aðgangur.

Fornleifauppgröftur á Alþingisreit.

Áslaug Jónsdóttir, höfundur Sindra silfurfisks, og Þórhallur Sigurðsson leikstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allt í lagi að vera öðruvísi

**Nýtt barnaleikrit, Sindri silfurfiskur eftir Áslaugu Jónsdóttur, verður frumsýnt í Kúlunni, barnaleikhúsi Þjóðleikhússins, á morgun. Margar þrjátíu ára gamlar brúður eru notaðar í sýningunni.**

„Það má segja að þetta sé lítil og falleg saga um gildi þess að vera sáttur við sjálfan sig, að það sé allt í lagi að vera öðruvísi,“ segir Þórhallur Sigurðsson, leikstjóri nýju barnasýningarinnar um Sindra silfurfisk sem frumsýnd verður í Kúlunni, barnaleikhúsi Þjóðleikhússins, á morgun klukkan 13.30. Áslaug Jónsdóttir er höfundur verksins. Elva Ósk Ólafsdóttir er leikari sýningarinnar. Þrír brúðustjórnendur stjórna sjávardýrunum og tólf leikarar ljá þeim raddir sínar.

Elva Ósk Ólafsdóttir er eini leikari sýningarinnar um Sindra silfurfisk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leikritið fjallar um silfurfiskinn Sindra, sem talið er trú um að hann verði að vera gullfiskur. Á leið sinni um hafdjúpin mætir Sindri ótal skrýtnum og skrautlegum sjávardýrum, sem sum hver eru mjög hættuleg..

Sjávardýrin í sýningunni eru að uppistöðu brúður úr sýningu Þjóðleikhússins Krukkuborg eftir Odd Björnsson, sem Þórhallur leikstýrði á stóra sviði Þjóðleikhússins árið 1979. Una Collins, búninga- og leikmyndahönnuður, teiknaði sjávardýrin og skapaði þau ásamt formlistamönnum leikhússins, þeim Bjarna Stefánssyni og Jóni Benediktssyni. Erna Guðmarsdóttir í Leikbrúðulandi kom einnig að brúðugerðinni.

„Það er ekki oft sem maður getur notað hluti úr gömlum sýningum,“ segir Þórhallur, „og hvað þá að heilu brúðurnar finnist svona stráheilar og fínar eftir allan þennan tíma. Í þessa sýningu notum við sömu tæknina og við gerðum fyrir þrjátíu árum og fiskarnir eru eins skínandi fallegir og þá, sannkölluð listaverk, segir Þórhallur.

Brúðugerðarmeistarinn Stefán Jörgen Ágústsson hefur gert nokkrar nýjar brúður fyrir þessa sýningu, þar á meðal aðalsöguhetjuna Sindra sjálfan. Höfundurinn Áslaug hefur áður samið leikritið Gott kvöld sem sýnt var í Kúlunni, en sú sýning hlaut Grímuverðlaunin sem besta barnasýningin vorið 2008. Þórhallur segir starfsemi Kúlunnar hafa vakið mikla athygli og settar hafa verið á svið margar vinsælar sýningar undanfarin ár. „Við höfum boðið upp á leikhús fyrir börn allt niður í eins til tveggja ára aldur, og foreldrarnir skemmta sér oft alveg jafn vel og börnin. Umhverfið hér í Kúlunni hentar barnasýningum sérstaklega vel og það er sérlega gaman að vinna að svona sýningum fyrir börnin,“ segir Þórhallur.

*kjartan@frettabladid.is*

Viðskiptavinum Kringlunnar, Smáralindar og Glerártorgs gefst kostur að fá ókeypis blóðþrýstingsmælingu á Slagdegi Heilaheilla. NORDICPHOTOS/GETTY

# Áfall ekki endirinn

**Félagið Heilaheill stendur fyrir árlegum Slagdegi víðsvegar um landið á morgun.**

Slagdagur félagsins Heilaheilla verður haldinn í Kringlunni, Smáralindinni í Reykjavík og Glerártorgi á Akureyri á morgun frá klukkan 13 til 16.

Af því tilefni gefst viðskiptavinum verslunarmiðstöðvanna að undirgangast ókeypis læknisfræðilega athugun í umsjá fagfólks, þar sem blóðþrýstingur er meðal annars mældur, áhætta á heilaslagi metin og boðið upp á almenna fræðslu um slag og hvernig draga megi úr líkum á því.

Um það bil 700 manns fá heilablóðfall á hverju ári, eða um tveir á dag. Slagdagur Heilaheilla er haldinn árlega í þeim tilgangi að vekja athygli almennings og fræða hann um sjúkdóminn.

Allar nánari upplýsingar um starfsemi félagsins Heilaheill og fræðsluhlutverk þess er að finna á heimasíðu þessu, www.heilaheill.is. *- rve*

Margt verður um að vera í Árbænum.

## Menningardagar í Árbænum

POTTAKAFFI Í LAUGINNI OG FLUGELDASÝNING Í ÁRBÆJARHVERFI.

Menningardagar standa yfir í Árbæjarhverfi fram á sunnudag. Markmið þeirra er að stuðla að aukinni samheldni, samvinnu, samveru og hverfisvitund íbúa þar sem fólk á öllum aldri kemur saman á ýmsum stöðum til að auðga andann og skemmta sér á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Meðal dagskrárliða má nefna pottakaffi í Árbæjarlaug á laugardagsmorgun, söguferð um Elliðaárdalinn og skemmtidagskrá í Fylkishöllinni milli 14 og 15.30 á laugardag. Þar verða til að mynda atriði frá æskulýðsstarfi Árbæjarkirkju, fimleikaatriði, slökkviliðið höfuðborgarsvæðisins sýnir tæki liðsins og skátafélagið Árbúar verður með skátaleiktæki. Menningardögunum lýkur með flugeldasýningu við Árbæjarkirkju klukkan 21 á sunnudag og kaffihlaðborði að sýningu lokinni.

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 30. okt

Verk Katrínar Ólínu Péturs-dóttur hafa sett hana í hóp fremstu hönnuða Íslands

# KANNAR EIGIN NÁTTÚRU

FÖTIN OG FÖRÐUNIN Á HREKKJAVÖKU + TÍSKUSÝNING Í FRÍKIRKJUNNI

HUGRÚN OG MAGNI Á SÍÐUNNI SARTORIALIST OG DJAMMIÐ UM HELGINA.

TURNTILBOÐ MEÐ WINDOWS 7

CoolerMaster Elite midi turn

- AMD Athlon X250 3,0GHz örgjörvi
- 4GB DUAL DDR2 800MHz XMS
- 640GB SATA II WD
- MSI Geforce NX9600GT 512MB
- 22xDVD+/- DL skrifari
- Windows 7 Home Premium

Kr. 119.950

AMD TÖLVA 3

COOLER MASTER

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# núna

fylgist vel með

## BJÖRK VIGGÓSDÓTTIR MYNDLISTARKONA

helgin MÍN

Um helgina er hugmyndin að fara á sem flesta viðburði á Sequences listahátíðinni, sem opnar á föstudaginn í Hafnarhúsinu kl 20.00. Einnig verð ég að undirbúa verkið „Low“ með Sigríði Soffíu Nielsdóttur en það verður frumflutt mánudaginn 2 nóvember kl 18.00 í Listasafni Ísland á Sequences.

### Nakti apinn flytur

Mekka skræpóttra hettupeysna, Nakti apinn, hefur flutt af Bankastrætinu þar sem hann hefur verið til húsa frá byrjun. Verslunin flytur yfir á Klapparstíg 33 þar sem i8 var einu sinni til húsa. Í tilefni af þessum merka atburði er slegið til veislu á morgun, laugardag, klukkan 14 en þar verður mikið húllumhæ.

### Stuð í Havaríi

Tvær skærustu stjörnur íslenska tónlistarlífsins, Bárujárn og Sykur, verða með tónleika í versluninni Havarí í Austurstræti á morgun. Bárujárn varð fræg um leið og myndband hennar var bannað á YouTube fyrir skömmu en hægt verður að kaupa diskinn ásamt myndbandinu í versluninni. Sykur samanstendur af sykursætum ungum drengjum og hressandi elektrópoppi en þeir eru einmitt að gefa út disk sem heitir Frábært eða Frábært.

### Hrekkjavökunótt

Það verður mikið um dýrðir á hrekkjavöku á laugardaginn í miðborginni. Á Boston verður grímuball frá klukkan 22 þar sem DJ Thor heldur uppi stuðinu, á Bakkusi verður einnig hrekkjavökupartí frá klukkan 20 undir tónum DJ Öfuls, og skemmtistaðurinn Jacobsen er svo kominn í sérstakan hrekkjavökubúning fyrir helgina þar sem mikið hefur verið lagt upp úr lýsingu og skrauti. Það er um að gera að vippa sér í góðan búning og dansa alla nóttina.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# Tískusýning í Fríkirkjunni

Hönnuðirnir Thelma Björk Jónsdóttir, Dúsa og Guðjón Tryggvason standa fyrir tískusýningu sem haldin verður í Fríkirkjunni laugardaginn 31. október.

„Fríkirkjan er ofboðslega falleg kirkja og okkur hefur lengi langað að halda þar sýningu. Við erum með vinnustofu rétt hjá kirkjunni og okkur fannst tilvalið að halda sýninguna í nágrenninu. Fríkirkjupresturinn tók mjög vel í þetta, enda er þetta orkan sem er í gangi í dag, allir hjálpa öllum,“ segir Thelma, sem hefur rekið hönnunarverslunina Fabelhaft ásamt Dúsu frá því í vor.

Fríkirkjan tekur 300 manns í sæti og í stað sýningarpalls munu fyrirsæturnar ganga kirkjugólfið og sýna flíkurnar auk fylgihluta. Hörpuleikarinn Monika Abendroth og tónlistarmaðurinn DJ Musician munu sjá um tónlistina á sýningunni. „Fyrstu bekkirnir verða fráteknir fyrir boðsgesti en annars er það bara „fyrstir koma, fyrstir fá“ lögmálið sem gildir inn á sýninguna. Við stefnum á að smekkfylla kirkjuna og erum orðnar mjög spenntar.“ Sýningin hefst stundvíslega klukkan 17 og verður dyrunum lokað á þeirri stund. *- sm*

**Tíska í guðshúsi** Hönnuðurnir Thelma og Dúsa halda tískusýningu í Fríkirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HUGRÚN OG MAGNI Í LONDON:

# MYNDUÐ FYRIR SARTORIALIST

Vefsíðan The Sartorialist er ein fyrsta tískubloggsíðan sem sett var upp en þar er á ferð ljósmyndarinn Scott Schuman með myndir af fólki sem hann telur smart á götum úti víðs vegar um heim. The Sartorialist er enn ein vinsælasta bloggsíðan með götustílsmyndum á Netinu og veitir fólki innblástur um hvernig er flott að klæða sig. Það vakti því athygli Föstudags að íslenska tískuparið Hugrún og Magni, eigendur Kron og KronKron, var myndað af Schuman í London nýlega. Ekki er að spyrja að smekklegheitum þeirra hjóna á ljósmyndinni. *- amb*

**Mynduð í London** Hugrún og Magni eru smart fyrir utan Somerset House.

## augnablikið

**BRESKA FYRIRSÆTAN OG BARNABARN ROALDS DAHL, SOPHIE,** mætti á frumsýningu á „Refnum frábæra“ í London í síðustu viku með kærastanum Jamie Cullum.

Með barni komið aftur!

Fjölþætt bætiefni fyrir barnshafandi konur

MEÐ BARNI inniheldur flest þau vítamín og steinefni sem nauðsynleg eru á meðgöngu. Heilbrigðisyfirvöld mæla með því að barnshafandi konur taki 400 míkrógrömm (µg) af fólínsýru daglega.
MEÐ BARNI tryggir þetta magn af fólínsýru ásamt öðrum nauðsynlegum bætiefnum. MEÐ BARNI inniheldur auk þess OMEGA 3 og 6 fitusýrur sem hjálpa til að þroska heila og miðtaugakerfi.

*MEÐ BARNI er notað á meðgöngu og meðan barn er á brjósti.*

NÚ MEÐ BREYTTU OG ENDURBÆTTU SNIÐI!

NÁTTÚRULEGT GMP VIÐURKENNT

heilsa –hafðu það gott

**Íslenskt bætiefni - framleitt samkvæmt ströngustu gæðastöðlum fyrir íslenskar aðstæður**
Við höfum breytt forminu en höldum sömu innihaldsefnum og áður. Í stað töflu notum við belgi með virku efnunum í vökvaformi sem auðveldar og flýtir upptöku - en það þýðir að líkaminn nýtir þau betur. Framleiðslan er samkvæmt ströngustu gæðakröfum og GMP framleiðslustaðli.

KRAFTAVERK

TAX FREE

4.990,-

5.990,-

1.490,-

1.190,-

Virðisauki
af öllum vörum

laugardag og
sunnudag í báðum
verslunum

11.900,-

22.900,-

2.490,-

3.490,-

3.490,-

4.900,-

14.900,-

the PIER kemur stöðugt á óvart ...

TAX FREE

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# LANDKÖNNUÐUR Í EIGIN

**Verk *Katrínar Ólínu Péturs-dóttur* hafa sett hana í hóp fremstu hönn-uða Íslands. Í viðtali við Föstudag segir hún frá virkjun ímyndunaraflsins, kostum þess að lifa og starfa á 21. öldinni, lífinu sem íslenskt alþjóða-kvikindi og mikilvægi þess að gleyma ekki rótunum.**

*Viðtal:* **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**
*Ljósmyndir:* **Valgarður Gíslason**

Allir eiga sér sinn hugarheim, hvort sem þeir hafa nokk-urn tímann velt til-vist hans fyrir sér eða ekki. Katrín Ólína Pétursdótt-ir er þó komin mörgum skrefum dýpra ofan í sinn hugarheim en flestir aðrir. Hún hefur hrærst í honum alla ævi og haft af honum lifibrauð undanfarin tólf ár, fáein-um árum eftir að hún útskrifað-ist sem vöruhönnuður frá École du Design Industri-elle í París. Brot úr heimi Katrínar prýðir forsíðu nýrrar bókar um Ís-lenska samtímahönnun sem Crymogea gefur út. Í þeirri bók er fjallað um Katrínu og aðra íslenska hönnuði sem þykja hafa skarað fram úr.

Katrín á sköpunargáfuna og náttúruáhugann ekki langt að sækja enda margt um skapandi sálir í fjölskyldunni. Dagbjört Helga Jónsdóttir, langamma Katr-ínar í móðurætt, var meistari með prjónana og Theódóra Thoroddsen skáldkona var föðurlang-amma hennar. Afi hennar, Pálmi Hannesson, var náttúrufræðing-ur og rektor Menntaskólans í Reykjavík. Þau, auk annarra fjöl-skyldumeðlima, hafa sett sitt mark á Katrínu. „Ég á góða að og finnst ég að mörgu leyti vera að vinna í framhaldi af því sem hugsað og gert hefur verið. Ég geri það þó á minn hátt og með hjálp tækni og efna 21. aldar.“

### GOÐSÖGUR OG ÆVINTÝRI

Katrín lýsir veröld sinni sem heimi draumsins. Henni sé ætlað að vera nokkurs konar tenging við undirvitundina í gegnum minni og vísanir í erkitýpur goðsagna og per-sóna úr þjóðsögum og ævintýr-um. „Draumurinn og fantasían eru eldsneytið sem drífur ímynd-unaraflið áfram og ímyndunaraflið er það sem gerir okkur mennsk. Ég hef mikinn áhuga á þessu og byggi þennan náttúruheim minn lauslega á hugmyndum um gyðj-ur og goð, hetjur, fífl, meistara og skrímsli. Ég lít á verkin mín sem opinn heim, án upphafs og endis. Þessi heimur er öllum opinn sem vilja heimsækja og virkjar þannig ímyndunarafl fólks.“

### STAFRÆN NÁTTÚRA

Hún á sína útgáfu af valkyrjunni, sem ríður um á sauðkind í stað hests. Fyrir vikið verður létt-ara yfir henni, þótt hún sé í miklum baráttu-hug. Og önnur vera leggur við hlustir með lúðra við eyrun. „Þessi trompetmeistari öðlast ofurheyrn með hjálp lúðranna og hlustar á veraldarhljóðið, kannski dálít-ið eins og Heimdallur sem heyrði grasið gróa,“ útskýrir Katrín Ólína og segir frá því hvernig heimur-inn sem fígúrurnar búa í varð til þegar hún eignaðist sína fyrstu tölvu. „Stafræna byltingin hefur haft mikil áhrif á líf mitt. Þegar ég eignaðist mína fyrstu tölvu sá ég hana fyrir mér sem góðan skjalaskáp og teikniborð og fór að teikna í tölvurýmið hugmynd-ir og minni. Fyrir mér var þetta eins og að ég væri að teikna sjón-ræna orðabók mína. Þetta áhuga-mál varð einfaldlega að áráttu, eina vikuna stúderaði ég kannski hunda en aðra plöntuhluta. Eftir því sem ég teiknaði meira stækk-aði þessi sjónræna orðabók og ég fór að raða myndbrotunum saman og búa til „setningar“ úr þeim. Með tímanum urðu setningarnar að tungumáli og þetta hef ég verið að vinna við að þróa æ síðan.“

Náttúran er Katrínu endalaus uppspretta hugmynda. „Að upplifa

> *„Draumurinn og fantasían eru elds-neytið sem drífur ímyndunaraflið áfram og ímyndunaraflið er það sem gerir okkur mennsk.“*



**Náttúrubarn** Náttúran er Katrínu endalaus uppspretta nýrra hugmynda. Hún er viss um að náttúruöflin hafi djúp áhrif á Íslendinga, hverjir þeir eru og hvernig þeir hugsa.

## * bak við tjöldin

**Hvaða listamaður er í uppá-haldi hjá þér?**
Þeir eru of margir til að telja upp hér. Listamenn úr ýmsum grein-um frá öllum tímabilum sem sýna mér tilveruna í nýju ljósi.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?**
Að vera í mómentinu.

**Hver er þín uppáhaldsborg?**
Tókýó, af því að hún er svo allt annar heimur … en allar borgir eru frábærar á sinn hátt.

**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig?**
Ég hlusta mikið á klassíska tón-list og raftónlist en að sjálfsögðu allt hitt líka.

**Hver er þín helsta fyrirmynd?**
Áreiðanlega foreldr-ar mínir.

# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • OKTÓBER 2009

## SARA MARÍA
BARNSMÓÐIR DANÍELS ÚR FANGA-VAKTINNI FÓR ÚR LÍFFRÆÐI Í LEIKLIST

## EMMSJÉ GAUTI
FORSETI KLÁM-KYNSLÓÐARINNAR VILL BANNA INGÓ OG VEÐURGUÐINA

## BOBBINN
Á PÖBB Í GRAFARVOGI

## HOLLYWOOD
OG KYNLÍFSMYNDBÖNDIN

## THE INFORMANT!
MATT DAMON ER FRÁBÆR

## LEIKIR, TÓNLIST & 5 GÓÐ RÁÐ FRÁ STEINDA JR.

HEIMILISTÆKI
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
Lindum - Skeifunni - Vefverslun
sími 544 4000 - símsala 575 8115

Sigurður hefur leikið í fjölmörgum auglýsingum í gegnum tíðina. Hann var til dæmis í frægri 1x2 auglýsingu þar sem hann lék mann sem rak heiftarlega við í návist annarra.

Í dag er 30. október. Airwaves er búið og þú ætlaðir að meika það með hljómsveitinni þinni. Þú sást fram á að næsta ár yrði samfelld rútuferð um Evrópu þar sem stútfullir tónleikastaðir og lauslátir aðdáendur myndu bíða ykkar í hverjum bæ. En nei. Kraftaverk yrði varla nógu öflugt til að láta þessa tálsýn verða að veruleika. Það er samt ekki of seint að gera eitthvað annað.

# ÞAÐ ER EKKI ORÐIÐ OF SEINT AÐ...

**...FARA Á MCDONALDS** McDonalds breytist í **Metro** 1. nóvember, þannig að nú er síðasti séns að skófla í sig erfðabreyttum borgurum, stútfullum af há-klassa amerískum rotvarnarefnum og frönskum kartöflum sem myndu ekki mygla þó að þær stæðu á heitum ofni í þrjár vikur.



**...SJÁ ZOMBIELAND** **Woody Harrelson** ætti auðvitað að vera nægt tilefni til að fara í bíó og það er ekki verra að hann sé í jafn skemmtilegri mynd og Zombieland. Zombieland er ógeðslega fyndin og viðbjóðslega frábær.

**...TAKA MYNTKÖRFULÁN** Eða jú, það er orðið **of seint**.

**...HLUSTA Á GRUGG** Gruggþörungarnir í **Alice in Chains** og **Pearl Jam** voru að senda frá sér nýjar plötur. Hljómsveitirnar eiga það sameiginlegt að hafa náð sköpunarlegum hápunkti snemma á tíunda áratugnum og mega svo sannarlega muna sinn fífil fegri. Þær reyna samt og eru að minnsta kosti að gera betri hluti en hinir ævafornu og uppþornuðu U2 og Rolling Stones

**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.

**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason
**Sölustjóri auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411

- Alhliða fríðindakreditkort fyrir námsmenn
- Engin færslugjöld
- Fyrsta árgjaldið frítt
- Góðar tryggingar

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 46783 08/09

Kaupþing námsmenn
- þegar námið skiptir höfuðmáli

NÝI KAUPÞING BANKI

# BOBBINN Á PÖBB Í GRAFARVOGI

„Bobbinn er svolítið bældur og segir ekki neitt. Hann er mjög einfaldur og nær alltaf að klúðra málunum í þessari auglýsingu," segir Sigurður Þorkelsson sem túlkar Bobbann í auglýsingum Steinda Jr. fyrir Sjóvá.

Sigurður á pöbbinn Gullöldina í Grafarvogi og stýrir honum milli þess sem hann bregður sér í hlutverk Bobbans. Margir muna eftir Bobbanum frá því í sumar, en hann kom fyrst fram í atriði Steinda Jr. í Monitor-þættinum á Skjá einum.

En hver er fyrirmynd Bobbans?

„Ég veit það ekki. Steindi og Ágúst bjuggu til þennan karakter," segir Sigurður, sem er hæstánægður við samstarfið. „Steindi er snillingur og ég tala nú ekki um Ágúst Bent. Þetta eru alvörugrínarar."

Bent hefur skrifað grínið með Steinda ásamt því að taka upp og klippa. Þetta breyttist ekki þrátt fyrir að þeir væru að gera auglýsingu fyrir

**BOBBINN!** Þegar Steindi Jr. lendir í bobba er það yfirleitt Bobban að kenna.

stórfyrirtæki á borð við Sjóvá, en auglýsingarnar voru unnar á svipaðan hátt og það sem félagarnir hafa sent frá sér.

Auglýsingar Sjóvá eru fjórar talsins, en óvíst er hvort við fáum að sjá Bobbann í fleiri atriðum.

Ertu opinn fyrir að túlka hann aftur?

„Já, Bobbinn er kominn til að vera," segir Sigurður.

*- afb*

# POPP PUNKTAR

## • KYNLÍFSSPÓLA EKKI ÁVÍSUN Á FRAMA

**Kynlífsspólur gera ekki alla að stjörnum. Kynlífsmyndbandi með Idol-keppandanum Jessicu Sierra var dreift af klámframleiðanda í fyrra, en það virðist ekki hafa hjálpað henni að verða stjarna í Hollywood. Þá „lak" myndband á Netið sem sýndi Survivor-keppandann Jennu Lewis í villtum kynlífsathöfnum með eiginmanni sínum á brúðkaupsnótt þeirra. Talið er að hún, eiginmaður hennar og umboðsmaður þeirra hafi verið á bak við lekann og fengið 70% af hagnaði myndbandsins.**

## • LINDSAY LOHAN Í VÆNTANLEGU KYNLÍFSMYNDBANDI?

**Lindsay Lohan hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið. Stöðugt partístand hefur einkennt líf hennar upp á síðkastið og ferill hennar virðist á leið í hundana. Samkvæmt slúðursíðunni WWTDD.com hefur klámframleiðandi boðið Lohan umtalsverðar fjárhæðir fyrir að framleiða klámmyndband, sem yrði svo „stolið" frá henni og deilur í kjölfarið settar á svið. Það sem rennir stoðum undir þessa kenningu er að hún hefur sést rúnta um á Maserati-lúxusbíl þekkts klámframleiðanda.**

## POPPSKÝRING: KYNLÍFSSPÓLUR Í HOLLYWOOD

**SHAUNA SAND** Kynlífsmyndband hennar og kærasta hennar var gefið út af klámframleiðandanum Vivid.

# STJÖRNUR LEKA EIGIN SPÓLUM

**Enn eitt kynlífsspólumálið er komið upp í Hollywood. Í þetta skipti er það smástirnið Shauna Sand sem er í aðalhlutverki og er hún grunuð um að hafa komið spólunni í dreifingu.**

Leikkonan Shauna Sand fól lögfræðingi sínum að koma í veg fyrir að klámframleiðandinn Vivid gæfi út myndband sem sýnir hana stunda óbeislað kynlíf með kærastanum sínum. Með öðrum orðum: Enn eitt kynlífsspóluhneykslismálið er komið upp í Hollywood. Sand hætti í vikunni við að fara í mál og telja margir að það sé hluti af markaðssetningu á spólunni.

Það þekkja ekki margir nafn Shaunu Sand. Hún hefur ekki vaðið í bitastæðum hlutverkum um árin og er þekktust fyrir að hafa setið fyrir í Playboy á tíunda áratugnum. Kynlífsspólan gæti þó breytt því, en lætin sem hafa skapast í kringum hana kallast á við það sem kynlífsspólur hafa skilað stjörnum á borð við Paris Hilton og Kim Kardashian.

Þrátt fyrir digurbarkalegar yfirlýsingar frá lögfræðingi Sand, sem töfðu útgáfu spólunnar, er talið að deilurnar séu settar á svið til að vekja athygli. Sand er grunuð um að hafa sjálf komið spólunni til klámframleiðandans, sem hafi greitt henni væna fúlgu fyrir.

Þetta er ekki einsdæmi því kynlífsspólur Paris Hilton og Kim Kardashian skutu þeim upp á stjörnuhiminn og það má velta fyrir sér hvort þær hafi sjálfar staðið á bak við útgáfurnar – enda fengu þær báðar vel greitt fyrir og stöðvuðu ekki dreifinguna.

Það sem er sérstakt við kynlífsspólu Shaunu Sand, er að hún virðist vera framleidd af atvinnumönnum. Lýsingin er fagmannleg og þriðji aðili virðist halda myndbandsupptökuvélinni í nokkrum tilvikum. Þá þykir tímasetning útgáfunnar „heppileg" þar sem fyrstu fréttir af henni bárust degi eftir að raunveruleikaþáttur Lorenzo Lamar, fyrrverandi eiginmanns hennar, var frumsýndur, en Lamar-fjölskyldan hefur lýst yfir að hún telji Sand standa á bak við útgáfuna.

### NOKKRAR KYNLÍFSSPÓLUR SEM LEKIÐ HAFA Á NETIÐ



# Tónfæði

ÍSLENSKA SÍA ST/NAT 4724 69 69 69 69

## TVÍFARAR FRÆGA FÓLKSINS

Átt þú vin sem líkist einhverjum frægum? Er bróðir þinn alveg eins og Nicolas Cage eða er besta vinkona þín sláandi lík Katy Perry? Sendu okkur mynd á popp@frettabladid.is eða sms í síma 696 POPP (696 7677) og hún gæti birst í næsta tölublaði.

**David Robertsson** rekur hjólaverkstæðið Kría Cycles á Hólmaslóð. Einn sem þekkir hann sendi okkur mynd af honum og benti okkur á að hann sé sláandi líkur stórleikaranum **Edward Norton**. Ekki leiðum að líkjast, og getur David stoltur gengið (eða hjólað) um götur borgarinnar og þakkað þeim sem hrósa honum fyrir stórkostlega frammistöðu í American History X.

## POPP PUNKTAR

**• LEIKUR TVÍBURA Í NÆSTU MYND**

Þegar við sáum tvífara Edward Norton hérna til hliðar fórum við að velta fyrir okkur afdrifum leikarans. Í næstu mynd hans, Leaves of Grass, leikur hann tvíburabræðurna Bill og Brady Kincaid. Annar er virtur prófessor sem er lokkaður í heimabæ sinn þar sem hinn, sem ræktar marijúana, áformar að hjóla í eiturlyfjabarón bæjarins. Myndin kemur út í Bandaríkjunum um jólin, en lyktar eins og beint-á-dvd-mynd hér heima. Hefði David átt að fá hlutverk í myndinni?

**POPPPRÓFIÐ:** BRÚNKA OG GERVIBRJÓST

# ER KÆRASTAN ÞÍN SKINKA?

**1. Hvar kynntust þið?**
A Á heitu sumarkvöldi á Apótekinu. **(2 stig)**
B Ég hélt hárinu hennar á meðan hún ældi á Dillon. **(1 stig)**
C Í vinnunni á Þjóðarbókhlöðunni. **(0 stig)**

**2. Hver er meginuppstaðan í fataskápnum hennar?**
A Motörhead-bolir, svartar gallabuxur og annað svart. **(1)**
B Efnislitlar og þröngar flíkur. Hvítar, bleikar og með hlébarðamunstri. **(2)**
C Mussur og annað þægilegt. **(0)**

**3. Hvað gerir hún eftir skóla eða vinnu?**
A Fer í brúnkusprautun. Nema það sé farið að sjást í rótina, þá fer hún í aðra aflitun. **(2)**
B Reykir sígarettur og hlustar á þungarokk frá upphafi tíunda áratugarins. **(1)**
C Lærir eða les sér til skemmtunar og yndisauka. **(0)**

**4. Hversu mikill aldursmunur er á þér og henni?**
A Við erum jafn gömul. **(1)**
B Hún er þremur árum eldri og hagar sér samkvæmt því. **(0)**
C Hún er sex árum yngri en ég – en foreldrar hennar eru sáttir þó mamman hafi verið með eitthvert vesen fyrst. **(2)**

**5. Hvaða persóna í Fangavaktinni er líkust karlkynsútgáfu af henni?**
A Daníel **(1)**
B Ólafur Ragnar **(2)**
C Georg Bjarnfreðarson **(0)**

**6. Á hvaða útvarpsstöð vill hún hlusta á þegar þið eruð saman í bíl?**
A Xið og hún er alltaf að hringja inn í Harmageddon. **(1)**
B Hún hlustar ekki á útvarp. **(0)**
C Flass FM og ekkert annað. **(2)**

**7. Hefur hún fengið hjálp frá sérfræðingum með útlit sitt?**
A Já, heldur betur. Hún er með aflitað hár, silíkonbrjóst, brúnku úr dollu, gervineglur og hún hefur aldrei litið betur út! **(2)**
B Hún dekkir á sér hárið og fjarlægir hár, en er að öðru leyti lítið breytt. **(1)**
C Nei, hún er eins og náttúran ætlast til að hún sé. **(0)**

**8. Hefur þú séð hana án farða?**
A Já, og ég þekkti hana ekki. Ég hefði hringt á lögregluna ef hún hefði ekki sýnt mér skilríki. **(2)**
B Já, oft. Það er yfirleitt á virkum dögum. **(1)**
C Á hverjum degi. Hún notar ekki farða. **(0)**

**9. Ef þú pantar handa henni drykk á barnum, hvað biður hún um?**
A Jack í kók, stóran bjór og skot af brennsa! **(1)**
B Breezer með einhvers konar berjabragði og skot með kynferðislegu nafni. **(2)**
C Stóran bjór. **(0)**

**10. Hvaða slangur er vinsælast hjá henni og vinkonum hennar?**
A Þær nota „LOL“ í daglegu tali og um sig í þriðju persónu. **(2)**
B „Fokk“ er sígilt. **(1)**
C Ekkert. Hún er á móti erlendum áhrifum á íslenska tungu. **(0)**

**NIÐURSTÖÐUR**

16-20 stig
**OFURSKINKA**
Kærastan þín er svo mikil skinka að það liggur við að hún vakni á næturnar til að maka á sig brúnkukremi. Tónlistin sem hún hlustar á er taktföst og bassadrifin og hún þekkir gaur sem á frænda sem þekkir Ásgeir Kolbeins.

10-15 stig
**GÆTI ORÐIÐ SKINKA**
Þó að kærastan þín sé ekki skinka í dag er hún í áhættuhópi. Hún gæti byrjað að fela fyrir þér Breezer-drykkjuna og ekki láta það koma þér á óvart að finna tóma dollu af brúnkukremi innst í skápnum inni á baðherbergi.

0-9 stig
**EKKI SKINKA**
Ef þú ert barn náttúrunnar ertu sannarlega dottinn í lukkupottinn. Kærastan þín er ekki fyrir óþarfa hégóma eins og líkamshársnyrtingu og hárlit. Hún er eins og náttúran skapaði hana og þú vilt örugglega halda því þannig.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


## HVERNIG Á AÐ...

# GERAST PÓSTKRÖFUBRÚÐGUMI

**ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT:**
Stafræn myndavél
Tölva

**#1**
Skrifaðu niður góða lýsingu á sjálfum þér og ákjósanlegum maka. Ekki fara út í smáatriði þegar þú lýsir óskamakanum, það getur reynst fráhrindandi. Lýstu hverju þú leitar að og búðu þér til eiginleika sem þú telur að konur kunni að meta.

**#2**
Fáðu vin eða ljósmyndara til að taka góða mynd af þér. Vertu vel snyrtur, töff í tauinu og gættu þess að vera brosandi á myndunum. Passaðu að brosið sé ekki þvingað og/eða tilgerðarlegt, heldur fullkomlega náttúrulegt og sjarmerandi.

**#3**
Notaðu upplýsingarnar úr skrefi eitt og myndirnar úr skrefi tvö og skráðu þig á póstkröfubrúðgumasíðu á Netinu. Vefsíðan www.bridesagency.com er til dæmis mjög stór. Mundu að svara verðandi brúði á heiðarlegan hátt.

# POPP MOLAR

**Bloodgroup** vinnur nú hörðum höndum að annarri breiðskífu sinni, sem ætti að koma út áður en árið er á enda. Hljómsveitin sendi frá sér lagið My Arms um miðjan október og lofar það mjög góðu. Hljómsveitin virðist vera að feta sig í átt að drungapopptónlist níunda áratugarins sem ætti að vera gleðiefni fyrir hina fjölmörgu aðdáendur hljóðgervla og tölvutromma. Bloodgroup er nýkomin heim úr velheppnaðri ferð til New York og meðlimir hljómsveitarinnar voru vafalaust varla búnir að ganga frá ferðatöskunum þegar þeir héldu aftur í hljóðverið.

Hljómsveitin **Cliff Clavin,** sem var í forsíðuviðtali í síðasta tölublaði POPPS, situr í efsta sæti vinsældalista Xins 977 þessa vikuna. Skýtur hljómsveitin þar með risum á borð við Muse, Alice in Chains og Weezer ref fyrir rass og ekki óverðskuldað. Lagið Midnight Getaways er frábært og gefur gríðarlega góð fyrirheit um plötuna sem Cliff Clavin vinnur að.

**Hjaltalín** kom fram ásamt **Páli Óskari** á mögnuðum tónleikum á Iceland Airwaves-hátíðinni um miðjan október. Hljómsveitin flutti lög Palla og öfugt og viðstaddir voru gríðarlega vel með á nótunum. Sú saga gekk um bæinn að Páll Óskar myndi syngja lag á nýju Hjaltalín-plötunni, en hún er ekki á rökum reist. Samkvæmt heimildum POPPS má þó búast við að Hjaltalín og Páll Óskar spili aftur saman á tónleikum, en ekki fyrr en á næsta ári.



Annars er það að frétta af **Hjaltalín** að nýja platan er langt komin. Óvíst er hvenær hún kemur út, en ljóst er að gríðarleg spenna er fyrir henni þar sem fyrsta smáskífulagið, Stay by You, lofar virkilega góðu. *- afb*

# DÆMIR BANDARÍSKA FEGURÐARSAMKEPPNI

**Áður en Ingibjörg Ragnheiður flutti til New York í leit að frama í fyrirsætubransanum stundaði hún nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Hún er sem sagt ekki bara fallegt andlit.**

„Keppnin er að fá mjög mikla umfjöllun vegna þess að hún er haldin til styrktar baráttunni gegn brjóstakrabbameini," segir fegurðardrottningin Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir.

Ingibjörg verður dómari í fegurðarsamkeppninni Miss Sinergy sem fer fram í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna, í nóvember. Ingibjörg var fulltrúi Íslendinga í Miss Universe-keppninni fyrr á þessu ári, en þar tóku aðstandendur Miss Sinergy eftir henni.

Ingibjörg segir marga úr tísku- og módelbransanum verða á svæðinu og er mjög spennt fyrir að setjast í dómarasætið. „Þetta verður meiri háttar." Spurð hvort sérstök fríðindi fylgi virðulegu dómarastarfinu segir Ingibjörg svo vera. „Þau bókuðu fyrir mig flug og ég verð á lúxushóteli eins og drottning," segir hún hress. „Ég þarf ekki einu sinni að koma með kjól."

Aðstandendur keppninnar leggja mikla áherslu á góðgerðarmál og sigurstúlkan verður nokkurs konar sendifrú ýmissa góðra málefna. „Mér er mikill heiður sýndur að fá að vera hluti af keppninni þar sem hún styrkir gott málefni," segir Ingibjörg. *- afb*

**SEST Í DÓMARASÆTIÐ** Ingibjörg heldur til Washington í nóvember til að dæma fegurðarsamkeppni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**POPPGÚRÚINN:** HERMIGERVILL ER ANALOG-GRÆJU-FETISH-FRÍK

**FJÖLSKYLDUMYND**
Hermigervill ásamt börnunum sínum.

# GÆTI BORGAÐ ICESAVE MEÐ GRÆJUNUM

**Sveinbjörn Thoraren-sen, best þekktur sem Hermigervill, segist vera analog-græju-fetish-frík. Það þýðir í stuttu máli að áhugi hans á hliðrænum græjum er nánast af-brigðilegur.**

*Þú ert analog-græju-fetish-frík, not-astu eingöngu við hliðrænan búnað eða notarðu stafrænt sem líkir eftir hinu hliðræna?*

„Ég er gjörsamlega veikur fyrir ana-log synthum frá sirka 1975-1985. Þessi ár voru án efa gullöld hljóðgervlanna. Ég nota nær eingöngu analog í stúd-íóinu. Hins vegar er mér illa við að taka þessar viðkvæmu og sjaldgæfu græjur á tónleikaferðalög, þannig að ég er með sértónleika-uppstillingu sem samanstendur mest af ódýrum stafrænum synthum sem auðvelt er að ferðast með og skipta út ef þeir brotna eða bila. Auk synthanna er ég með slatta af öðru analog-dóti, til dæmis teipvélar, rafmagnspíanó, trommuheila og effekta. Munurinn á hljóðtöf (e. delay/echo) sem byggist á tölvukubbi annars vegar og segul-bandi hins vegar er stjarnfræðilegur. Auðvitað hefur hvor tæknin sitt notagildi, og það væri vitleysa að einskorða sig við annað hvort.

*Hvað er sérstakt við analog?*

„Analog er eins og Mick Jagger – alvöru ósvikinn karakter, rokkað, hrátt, óhlýðið, kynþokkafullt. Þannig á tónlist líka að vera.“

*Ertu með einhverjar sérstakar vinnuaðferðir þegar þú tekur upp plötu, gerirðu allt í sérstakri röð eða flæðir þetta hjá þér á tilviljanakennd-an hátt?*

**DÓTAKASSINN**
Roland Jupiter-6, Korg MS-20, SCI Pro-One, Moog Prod-igy, Fender Rhodes, Roland Juno-60, Korg Polysix, Roland SH-101, Teisco SX-400, Yamaha CS10, Moog Theremin.

**NÝJA GRÆJAN:**
„Ég er í bindindi þessa dagana. Nýjasta græjan er því lítil míní-blokk-flauta sem ég fékk gefins nýlega. Ég nota hana aðallega til þess eins að vera óbærilega pirrandi.“

**VERK HERMIGERVILS:**
– Þrjár Hermigervilsplöt-ur: Lausnin, Sleepwork og Hermigervill leikur vinsæl íslenzk lög.
– Ógrynni remixa, meðal annars fyrir GusGus, Quarashi, Sometime, Worm is Green, Reykja-vík! og fleiri. Var að klára skemmtilegt remix fyrir FM Belfast í síðustu viku.

**VERKEFNIÐ:**
„Ég er að leggja loka-hönd á sólóplötuna hans Davíðs Berndsen sem heitir Lover in the Dark. Platan varð til vegna ástar okkar beggja á 80‘s synthapoppi. Þess má til gamans geta að mæður okkar heita báðar Eydís eins og „eighties“. Ég held að það sé merki. Það mætti segja að þessi plata sé Hermigervils-plata í dulargervi. Svo er ég með tvær aðrar plötur á leiðinni en þær eru enn leyndó.“

„Ég veit nákvæmlega hvað það er sem ég vil alveg frá upphafi. Það mætti segja að ég heyri plötuna í heild sinni í hausnum á mér áður en ég byrja að taka upp. Þá er það bara að útsetja og taka upp part fyrir part, rás fyrir rás. Algjör þrælavinna í rauninni. Þetta er eins og risavaxið púsluspil sem maður vinnur að jafnt og þétt. Maður byrjar yfirleitt á köntunum og vinnur sig inn þangað til maður er farinn að sjá heildarmyndina.“

*Hvað ertu búinn að eyða miklum peningum í græjur?*

„Ég gæti næstum borgað upp Icesa-ve fyrir andvirðið. Á móti kemur að ég hef lítið borðað síðustu árin.“

*Hvar finnurðu græjur?*

„Hér í Belgíu og Hollandi er auðvelt að finna hluti í gegnum Netið. Ég hef ferðast til alls konar krummaskuða til að sækja græjur og hef í leiðinni kynnst mörgum furðufuglum sem eru á svipaðri bylgjulengd.“

*Ertu svo mikið græjufrík að áhug-inn er orðinn kynferðislegur?*

„Nei, en svokallaðir „objectosexuals“ eru til í alvörunni og þeir eiga við alvarlegt vandamál að stríða. Til dæmis er vitað um konu sem varð ástfangin af parísarhjóli og stundaði við það kynmök í skjóli nætur. Ef ég væri þannig hneigður, þá myndi ég án efa leggjast í rekkju með Rhodes-rafmagnspíanóinu mínu.“

atlifannar@frettabladid.is

**POPPGRÆJUR:** DÓT FRAMTÍÐARINNAR Í DAG!

# SLEFANDI FLOTTAR GRÆJUR

**Tæknin æðir áfram á ógnarhraða, en til hvers að horfa til framtíðar þegar við lifum nú þegar á hátækniöld? POPP tók saman nokkrar slefandi flottar græjur sem gaman væri að geyma á rykföllnum hillum heimilisins.**

Fyrsta PlayStation-tölvan kom á markað í desember árið 1994. Sony hætti ekki að framleiða hana fyrr en í mars árið 2006 og í dag hefur hún selst í meira en 100 milljón eintökum.

## LOGITECH SQUEEZEBOX RADIO

Hérna erum við komin með útvarp framtíðarinnar, hvorki meira né minna. Þessi kassi tengist þráðlaust við Netið og hefur aðgang að milljónum útvarpsstöðva um allan heim. Hvort sem þú ætlar að halda partí með Bollywood- eða handboltarokkþema finnur framtíðarútvarpið réttu stöðina. Svo er að sjálfsögðu hægt að tengja MP3-spilarana við græjuna og hún hljómar einnig vel.

## XIVA MUSICM8 ENTERTAINMENT SERVER

Þetta er svakalega sniðug græja. Hún geymir öll gögnin þín, tónlist, kvikmyndir, þætti og myndir á risavöxnum 1.000 gígabæta disknum. Svo geturðu spilað allt úr græjunni í hljómflutningstækjunum þínum og sjónvarpinu á einfaldan hátt. Þegar þú setur geisladisk í tækið tekur hún lögin á disknum og setur sjálfkrafa í geymslu. Svo talar græjan við hinar græjurnar þráðlaust og þannig geta þær notað gögnin úr geymslunni.

## PS3

Playstation 3 heitir núna PS3 og er orðinn minni, hljóðlátari og miklu flottari. Svo er minni hávaði í henni og hún notar minni orku en áður. Þeir sem biðu með að fá sér PlayStation 3 vegna þess að hún var svo mikill hlunkur geta skellt sér á græjuna núna og falið hana bak við hátalarana sem voru keyptir fyrir hrun.

# NAKTI APINN FLYTUR SIG UM SET

Tískuverslunin Nakti apinn verður opnuð á nýjum stað við Klapparstíg á morgun. Eigandi verslunarinnar, hönnuðurinn Sara María Júlíudóttir, stendur í ströngu við að standsetja nýja húsnæðið fyrir opnunina. „Okkur bauðst nýtt húsnæði mjög skyndilega og við ákváðum að stökkva á þetta. Við erum búin að vera í sama húsnæðinu í fimm ár en þar sem við erum með breyttar áherslur langaði okkur að breyta ímynd búðarinnar svolítið og verða þroskaðari og fullorðnari," segir Sara María.

Nýja verslunin verður með svipuðu fyrirkomulagi og sú eldri þar sem verslun verður á efri hæðinni og vinnustofa á þeirri neðri. „Nýja verslunin er rosalega flott og verður með svipuðu fyrirkomulagi og sú fyrri. Gamla verslunin var í rauninni allt of stór og kaotísk og mér fannst þetta orðið of mikið; þessi verður aftur á móti alveg passleg."

Opnunarteiti verður haldið á laugardaginn í tilefni af nýju versluninni og hefst gamanið klukkan 14. „Við verðum með einhverjar veitingar, tónlist og skemmtiatriði, en hvað það verður er ekki enn komið á hreint því við höfum verið of upptekin við að pakka og mála síðustu daga. En það verður stuð, því get ég lofað," segir Sara María að lokum.

*- sm*

NÓG AÐ GERA Sara María og starfsfólk hennar hafa haft í nógu að snúast síðustu daga við að undirbúa nýja verslun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ÚR LÍFFRÆÐI Í LEIKLIST

**Sara Margrét Nordahl fer með hlutverk Ylfu í Vaktaþáttunum sem hafa vakið verðskuldaða athygli allt frá því að fyrsta vaktin, Næturvakin, fór í loftið. Sara McMahon hitti nöfnu sína í stuttu spjalli.**

**ORÐ:** Sara McMahon
**MYND:** Valgarður Gíslason

*Ef við byrjum bara á byrjuninni, hver er Sara Margrét?*
„Ég er 22 ára gömul, á danskan pabba og íslenska mömmu. Ég fæddist í Danmörku og bjó þar þar til ég var fjögurra ára gömul, þá fluttum við hingað til Íslands í nokkur ár. Níu ára flutti ég aftur til Danmerkur og bjó þar þangað til í maí í fyrra, en þá flutti ég heim og hóf stuttu seinna nám í leiklist.“

*Af hverju ákvaðstu að flytja aftur til Íslands í nám?*
„Frá því að ég man eftir mér hefur leiklist verið draumur minn, en ég hafði líka mikinn áhuga á líffræði og var í rúmt ár í líffræði í Háskólanum í Kaupmannahöfn. Ég var samt ekki að fíla mig þar og áttaði mig á því að leiklistin væri málið. Ég ákvað að sækja um í leiklistina hér á Íslandi af því að mér leist best á skólann hér og ég saknaði Íslands. Mér til mikillar ánægju komst ég inn í skólann.“

Sara Margrét hefur vakið athygli fyrir hlutverk sitt sem hin barnslega einfalda kærasta Daníels í Vaktarþáttunum. Þetta er stærsta hlutverk hennar til þessa en þrátt fyrir það er hún leiklistinni ekki alveg ókunn. Sem barn tók hún þátt í uppsetningu Borgarleikhússins á Línu Langsokk auk þess að hafa farið með hlutverk í kvikmyndinni Englum alheimsins.

*Hvað var það við leiklistina sem heillaði þig?*
„Amma mín, Margrét Helga Jóhannesdóttir, er leikkona og þess vegna var ég mikið í kringum leiklist þegar ég var yngri. Ég heillaðist strax sem barn af leikhúsheiminum og vissi að þarna ætti ég heima. Ég gat þó lítið sinnt þessu áhugamáli í Danmörku því ég bjó í pínulitlum bæ þar sem tækifærin voru fá. Eftir að hafa leikið í Næturvaktinni blossaði þessi áhugi aftur upp og í kjölfarið sótti ég um í LHÍ.“

## Ylfa þróast stöðugt

*Hvernig varð persónan Ylfa til? Á hún sér einhverja fyrirmynd í raunveruleikanum?*
„Ég lagðist í mikla rannsóknarvinnu fyrir hlutverkið og var dugleg að fylgjast með fólki í kringum mig til að fá hugmyndir að týpunni. Ég reyndi að búa til heilt líf í kringum Ylfu því þeim mun meira sem þú veist um karakterinn þinn því auðveldara áttu með að ímynda þér hvernig hann bregst við í mismunandi aðstæðum. Þegar ég er í karakter reyni ég að slökkva á heilanum, ætli það sé ekki auðveldast að útskýra það þannig, það er að segja, slökkva á Söru og kveikja á Ylfu. Þó það sé kannski ekki mikið til að kveikja á í hennar tilfelli. Ylfa hefur þróast mjög mikið í þáttunum. Hún fór frá því að vera afgreiðslustúlka í sjoppu, yfir í að vera tveggja barna móðir og hún breytist enn meira í kvikmyndinni.“

Sara Margrét er á öðru ári í leiklistinni og segir námið vera bæði krefjandi og skemmtilegt.

„Maður þarf að vera viljugur til að kafa djúpt ofan í sjálfan sig í þessu námi og kanna alla króka og kima sálarinnar. Námið er líka nokkuð fjölbreytt og fyrir utan mismunandi leiktækninámskeið lærum við radd-, söng- og líkamsþjálfun.“

*Sat námið á hakanum meðan tökur á þáttunum fóru fram?*
„Nei, ég var svo heppin að allar tökurnar, nema tökurnar fyrir Næturvaktina, fóru fram að sumri til, þannig að þetta var eins og hver önnur sumarvinna ... bara skemmtilegri. Þegar tökur á Næturvaktinni fóru fram þá var ég ekki byrjuð í náminu, þannig að þetta gekk allt fullkomlega upp.“

## Erfitt að horfa á sig

*Mörgum þykir Fangavaktin vera fyndnasta vaktin til þessa. Ertu sammála því?*
„Já, mér finnst Fangavaktin mjög fyndin. En það sem er svo skemmtilegt við allar Vaktirnar er að þær eru svo ólíkar, persónurnar eru alltaf að takast á við lífið, en í gjörólíkum kringumstæðum. Ég held að það sé nauðsynlegt að svona framhaldsþættir séu ekki of líkir, því þá er hætta á að þeir missi sjarmann og verði ekki fyndnir.“

*Hvernig var að vinna með Ragnari Bragasyni og hinum leikurunum í Vaktinni?*
„Það var mjög gaman og mikill heiður að vinna með þessu fólki og allt vinnuumhverfið var mjög þægilegt. Þegar tökum á Næturvaktinni lauk lá við að ég færi að gráta, þá var ekki komið á hreint að þættirnir yrðu fleiri.“

*Fannst þér erfitt að horfa á sjálfa þig í fyrsta sinn í sjónvarpinu?*
„Já, mér fannst það pínu erfitt og ég held að það muni aldrei venjast. Það er eitthvað skrítið við að horfa svona á sjálfan sig og manni finnst oft að maður hefði getað gert eitthvað betur eða öðruvísi. Ég fæ alltaf smá kjánahroll en finn líka til meðaumkunar með Ylfu því mér þykir mjög vænt um hana. En í heildina litið þá er ég bara ánægð með frammistöðu mína og mjög sátt við útkomuna.“

*Hefur þú meiri áhuga á sviðsleik eða kvikmyndaleik?*
„Ég get ekki gert upp á milli því þetta eru svo ólík listform. Í kvikmyndaleik eru það smáatriðin sem skipta máli, það er næstum hægt að greina hverja hugsun í augnaráði leikarans og galdrarnir gerast á staðnum. Á sviði verður maður aftur á móti að stækka sig og tala hátt og skýrt svo allir heyra, en samt láta það hljóma eðlilega, sem er mikil list. Það er mikil vinna fólgin í að halda lífi í endurtekningunum á sviði. Fyrir gestunum er hver sýning sem frumsýning og galdrarnir verða að gerast á hverju kvöldi. Einhver sagði mér eitt sinn að í kvikmynd leikur maður inn og á sviði leikur maður út, það gæti vel verið einhver sannleikur í því. En ég er náttúrulega enn nemi og á margt eftir ólært” “

## Eins og að hefja nýtt líf

*Þú hefur alið manninn lengst af í Danmörku, finnst þér þú meira dönsk en íslensk?*
„Mér finnst ég vera bæði. Mér finnst

## MISSKILINN GRÓUSÖGUÓTTI

Sara Margrét segist hafa orðið vör auknar vinsældir sínar í kjölfar þáttanna. „Já, það er eitthvað um það að fólk stoppi mann og spyrji út í þættina. Mér brá dálítið fyrst þegar það gerðist, enda var maður lítið búinn að pæla í þessu sjálfur. Oft var fólk að spyrja mig hvað ég væri komin langt á leið, fyrst skildi ég ekkert hvað fólk átti við og var hrædd um að einhver gróusaga væri komin á flakk. En svo áttaði ég mig fljótlega á því að þetta var setning úr þáttunum,“ segir Sara Margrét og hlær. „Hvað ertu komin langt á leið“-brandarinn varð til í spuna milli Söru Margrétar og Jörunds, en þar spurði persóna Jörunds persónu Söru hvað hún væri komin langt á leið. „Þar sem ég er hálfur Dani þá misskil ég stundum fólk og ég svaraði bara um hæl „Frá Blönduósi“ enda var karakterinn minn fæddur og uppalinn á Blönduósi. Ég skildi svo ekkert í því af hverju Ragnar og Jörundur stóðu og hlógu að mér,“ segir Sara Margrét.

**„ÞEGAR ÉG ER Í KARAKTER REYNI ÉG AÐ SLÖKKVA Á HEILANUM, ÆTLI ÞAÐ SÉ EKKI AUÐVELDAST AÐ ÚTSKÝRA ÞAÐ ÞANNIG, ÞAÐ ER AÐ SEGJA, SLÖKKVA Á SÖRU OG KVEIKJA Á YLFU. ÞÓ ÞAÐ SÉ KANNSKI EKKI MIKIÐ TIL AÐ KVEIKJA Á Í HENNAR TILFELLI.“**

ég alltaf vera á leið heim þegar ég heimsæki Danmörku og mér líður nákvæmlega eins þegar ég kem aftur hingað. Ég ber mjög sterkar taugar til beggja landa.“

*Hvernig fannst þér að flytja til Íslands og setjast hér að eftir svona langa fjarveru?*

„Þetta var svolítið eins og að hefja nýtt líf og það var auðvitað erfitt að kveðja vini sína og fjölskyldu úti. En sem betur fer eru þetta það góðir vinir að þeir eru enn til staðar þegar maður kemur í heimsókn. Ég var hrædd við að missa tengslin fyrst þegar ég flutti hingað, en sem betur fer skjátlaðist mér. Ég hef líka kynnst mörgu frábæru fólki hér á Íslandi og bekkurinn minn í Listaháskólanum er æðislegur, sem auðvitað gerir ákvörðunina um að hafa flutt auðveldari.“

*Eru önnur verkefni í bígerð?*

„Nei, ekki eins og er. Núna ætla ég bara að einbeita mér að náminu og skólanum. Það er líka alveg nóg.“

# FORSETI KLÁM-KYNSLÓÐARINNAR

**Hann er einn af fáum Íslendingum sem hefur lent í opinberu kynlífshneyksli og var í kjölfarið kallaður forseti klámkynslóðarinnar af Erpi Eyvindarsyni. Svar hans við því var einfalt: „Nei, þú“ en Emmsjé Gauti á fleiri góð svör við fávísum fullyrðingum og spurningum POPPS. Hann var að senda frá sér lag, ætlar að spila eins og brjálæðingur á næstunni og er ekki aðdáandi Ingós i Veðurguðunum – svo vægt sé til orða tekið. Emmsjé Gauti, gjörið svo vel.**

**ORÐ:** Atli Fannar Bjarkason
**MYNDIR:** Anton Brink

Á ökuskírteini Emmsjé Gauta stendur Gauti Þeyr Másson. Þegar við hittumst er hann mjög stísaður. Miklu stísaðri en ég – en útskýringuna á orðinu er að finna í myndatextanum.

### Nýja sándið heillar

Gauti er tvítugur barþjónn í Reykjavík. Hann stefnir á plötu í byrjun næsta árs, sendi nýlega frá sér lagið Bara ég og vinnur að því að koma því í spilun. Þangað til geta æstir lesendur hlustað á lagið á Youtube. Lagið er poppað – tekur mið af því sem er að gerast í hipp hopp-senunni í Bandaríkjunum og Gauti viðurkennir það. Fáviska mín um hipp hopp er ærandi. Ég hoppa út í djúpu laugina og nefni tónlist eins manns sem gæti hugsanlega fallið undir sama hatt – eða sama sirkustjald og Emmsjé Gauti: Lil‘ Wayne.

„Ég hlusta mikið á Lil‘ Wayne, þó að hann sé ekki besti textahöfundurinn í heiminum, né besti rapparinn eða söngvarinn. Það er eitthvað við þetta nýja sánd sem nær mér.“

*Eins og Kanye West? Eða er hann búinn að missa það?*

„Mér finnst gamla stöffið hans betra en nýja. Svo hefur eitthvað farið í hausnum á honum, eins og kastið sem hann tók á MTV-verðlaununum. Ég er að pæla í að púlla þetta á Eddunni! Hrifsa mikrófóninn af Erni Árnasyni …“

### Blastaði Rottweiler með syni Jónínu Bjartmarz

Við skeggræðum um popptónlist og erum sammála um að popp sé töff í dag, en fyrir nokkrum árum var það nánast eins og lítillækkandi bannorð.

„Mér finnst pjúra hipp hopp, bara rapp, ekki skemmtilegt. Ég er ekki að segja að öndergránd rapp sé lélegt – Atmosphere er uppáhaldshljómsveitin mín. En mér finnst þurfa að

### KYNLÍFSHNEYKSLIÐ

Þegar Gauti gaf út sína fyrstu plötu fyrir þremur árum birtist frétt um hana í DV undir fyrirsögninni: „Gefur út plötu í kjölfar kynlífshneykslis.“ Grófum myndir af sumarbústaðarferð vinahóps var lekið á Netið og Gauti var í eldlínunni. „Við vorum í sumarbústað og allir voru fullir og vitlausir og naktir,“ segir Gauti. „Það trúir mér enginn, en það sem lítur út fyrir að vera í gangi á myndinni var ekki í gangi. Þetta lítur út eins og eitthvað úr Hustler.“

Myndin fór víða um Netið, en Gauti gerði reginmistök þegar hann sendi myndirnar sjálfur til frænda síns og vinnufélaga. „Mamma sagðist ekki geta klippt þessa grein út og hengt upp við hliðina á öðrum greinum.“

vera einhverjar melódíur og eitthvað sem nær manni.“

Þegar maður spjallar um íslenskt hipp hopp kemur hljómsveitin XXX Rottweiler ósjálfrátt upp. Hún ýtti á að Gauti byrjaði að semja rapptónlist á sínum tíma og hann man vel eftir fjaðrafokinu sem skapaðist í kjölfar útgáfu fyrstu plötunnar. Jónína Bjartmarz, þáverandi alþingismaður Framsóknarflokksins, barðist gegn plötunni með kjafti og klóm, en Gauti, þá tólf ára, lét sér fátt um finnast og rifjar upp góða sögu:

„Þegar Jónína var í viðtölum að reyna að láta banna plötuna sat ég með syni hennar að blasta Rottweiler, með hana á mjút í sjónvarpinu.“

### Abbó út í Rottweiler

Rottweilerhundarnir troðfylltu Nasa á dögunum ásamt Ultra Mega Technobandinu Stefáni. Stemningin á meðan hundarnir spiluðu var jafnsveitt og á skólaballi á Borg í Grímsnesi 2001, sem er sveitt áminning um að hipp hopp lifir góðu lífi á Íslandi.

*Dreymir þá sem eru að gera hipp hopp um að ná sama árangri og Rottweiler náði á sínum tíma?*

„Veistu, þeir fengu mig og Dabba T upp á svið í síðasta laginu og ég var svo abbó. Mig langaði að rífa mækinn af þeim. Þetta var ógeðslega gaman. Það er ekkert skemmtilegra en að standa upp á sviði þegar það er góð stemning í salnum.“

Þegar talið berst að grúppíum segist Gauti hafa séð að Rottweilerhundarnir hafi verið segull á þær. Sjálfur er hann á föstu og ég var búinn að heyra að sú heppna væri dóttir útvarpsmannsins Óla Palla á Rás 2. Tengdapabbar geta verið harðir í horn að taka og Gauti vill lítið ræða um hann, enda auðvelt að misstíga sig þegar umræðuefnið er jafneldfimt og maðurinn sem ber ábyrgð á tilvist kærustunnar.

„Ef maður segir eitthvað rangt um U2 sem dæmi, þá verður ekki aftur snúið. (hlær) En Óli er góður gaur.“

### Ingó ekki í náðinni

Lítil læti hafa verið í hipp hopp-senunni á Íslandi undanfarið. Þeir sem standa fyrir utan senuna heyra ekki lög þar sem rapparar keppast við að rakka niður hver annan og Prikið er í dag friðsæll staður þar sem menn slaka á með einn íííískaldan. Gauti segir að vesenið virki ekki.

„Maður er í liði með einum gaur og svo er vinur manns í liði með hinum gaurnum. Þeir eru vinir og þetta er ekki hægt – það er betra að vera vinir og hata í laumi.“

En það eru ekki allir í náðinni hjá Gauta. Hann kann til dæmis ekki að meta það sem hinn sykursæti Ingó er að gera með hljómsveit sinni Veðurguðunum.

„Ég vil skila til Ingós að mér finnst að það ætti að banna hann í útvarpi, sjónvarpi og úti á götu! Þetta er bara horbjóður. Sorrí með mig, ég þekki manninn ekki persónulega. Þessi tónlist sem hann er að gera – Guð minn almáttugur.“

*Er þetta ekki bara það eina sem virkar á Íslandi?*

„Jú, þetta virkar. En ég hef aldrei verið jafn nálægt því að hengja mig og þegar ég fékk Bahama-lagið á heilann... Bahama... eeeyja. Þetta er rugl.“

Fram undan hjá Gauta er mikil spilamennska („reyna að taka sem mest af því, það er langskemmtilegast), meðal annars með rapparanum Didda Felix úr Forgotten Lores, og vinna enn frekar að plötunni. Hann er kominn með sjö lög og ætlar að halda áfram að bæta í sarpinn. Þá rappar hann í lagi á plötu Erps Eyvindarsonar, sem ætti að vera væntanleg fyrir jól.

**POPPPLATA:** BLESSUNARLEG TÍMASKEKKJA

# STALEY SAKNAÐ

## ALICE IN CHAINS
### BLACK GIVES WAY TO BLUE

**DÁNLÓDAÐU:** Check My Brain, Lesson Learned, A Looking in View

Ég var gríðarlega fordómafullur í garð plötunnar Black Gives Way to Blue með hinni goðsagnakenndu Alice in Chains. Ég er harður aðdáandi hljómsveitarinnar og var yfirbugaður af sorg þegar söngvarinn Layne Staley lést. Það var því ekki auðvelt að taka nýja söngvaranum vel.

En fordómar heita fordómar vegna þess að maður dæmir eitthvað fyrir fram og það á aldrei að gera. Black Gives Way to Blue er góð rokkplata, full af slögurum sem gefa fyrri verkum hljómsveitarinnar lítið eftir. Nýi söngvarinn stendur sig vel og þegar Jerry Cantrell gítarleikari raddar finnst manni stundum eins og Staley sé mættur aftur. Check My Brain, Lesson Learned og A Looking View eru aðeins nokkur af lögunum þeirra sem geta talist frábær, en það er eitt sem plötuna skortir tilfinnanlega; texta Laynes Stayle. Það er ósanngjarnt að gera einhvers konar kröfu um að eftirlifandi meðlimir feti í hans fótspor, en þetta er engu að síður eitt af því sem dregur plötuna niður – enda heitir hljómsveitin enn þá Alice in Chains.

Black Gives Away er samt góð plata og blessunarlega mikil tímaskekkja. Hún hefði getað komið út árið 1995 og það er ánægjulegt að þeir hafi ekki fengið Timbaland til að pródúsera og Justin Timberlake sem sérstakan gest. Alice in Chains gerir eins gott og hægt er eftir blóðtökuna sem dauði Layne Stayle var. *- afb*

**POPPPLATA:** TÓNLISTARLEG KAMELLJÓN

# EDITORS TEKUR U-BEYGJU

## EDITORS
### IN THIS LIGHT AND ON THIS EVENING

**DÁNLÓDAÐU:** Bricks and Mortar, The Big Exit

Editors virðist vera óákveðin hljómsveit. Fyrsta platan var eins og C-útgáfa Interpol, á þeirri annarri var búið að bæta skvettu af U2 og Coldplay í grautinn og á þeirri nýjustu, In This Light and on This Evening, virðist hljómsveitin ætla að fara í allt aðra átt.

Editors er sem sagt orðin synthapopphljómsveit í dag. Vissulega óvænt útspil, þar sem síðasta plata náði talsverðum vinsældum. Editors fær sem sagt prik fyrir að stíga út fyrir kassann og taka smá áhættu.

Áhættan er vel þess virði þar sem platan er nokkuð góð. Lög eins og Bricks and Mortar og The Big Exit eru góð, en af einhverjum ástæðum er erfitt að treysta hljómsveitinni. U-beygjan er harkaleg og tilgerð er eitt af fyrstu orðunum sem kemur upp í hugann. En Editors virðist vera tónlistarlegt kamelljón, bregður sér í ýmis gervi - semur fína tónlist - en er þó aldrei jafngóð og upprunalega útgáfan. *- afb*


**Topp 5 ástæður fyrir því að velja Lucky Records!**

**1.** Yfir 20 þúsund vínilplötur á 300 kr./st

**2.** Allir notaðir cd/dvd á 500 kr./st

**3.** Veggspjöld/Posters

**4.** Stærsta úrvalið af sjaldgæfum jazz, rock, soul, regga, hiphop, 80's etc á vínil

**5.** Frítt kaffi og chillhorn

LUCKY RECORDS
Hverfisgötu 82, s. 551 1195
Opið frá kl.11–19 virka daga
Lau. frá kl. 11–18

SMASH HETTUPEYSA 7.990

SMASH SKYRTA 6.990

SMASH HNEPPT PEYSA 8.990

SMASH HETTUPEYSA 7.990

SMASH SKYRTA 7.990

SMASH SKYRTA 6.990

SMASH

kringlunni s. 512 1737 | smáralind s. 512 7737 | www.ntc.is

## STAKK LÖGGUNA AF

Annar skoskur leikari, **Ewan McGregor,** hefur játað að hafa stungið lögregluna af eftir að hafa verið stöðvaður fyrir umferðarlagabrot. Notaði hann tækifærið um leið og löggan sneri í hann bakinu og brunaði í burtu. McGregor vildi ekkert gefa upp um hvar eða hvenær þetta gerðist. „Ég fékk engan sektarmiða. Ég stakk hann bara af á mótorhjólinu mínu," sagði hann í spjalli við Jay Leno.



## LÖGFRÆÐINGAR SLÁ EKKI Í GEGN

Skoski leikarinn **Gerard Butler** er ánægður með að hafa ekki orðið lögfræðingur þegar hann var yngri. Annars hefði hann aldrei slegið í gegn í Hollywood. Butler lauk lagaprófi í Glasgow og gerðist síðan lærlingur til að öðlast full réttindi sem lögmaður. „Ég var rekinn viku áður en ég átti að fá lögmannsréttindin. Það var versti dagurinn í lífi mínu en núna er hann sá besti."

## FRUMSÝND Í KVÖLD: THE INFORMANT!

Matt Damon þurfti að þyngja sig um rúm þrettán kíló til að túlka hinn þybbna Mark Whitacre. Hann vakti mikla athygli á meðan á framleiðslu myndarinnar stóð og slúðurpressan taldi hann vera búinn að missa það.

# GEÐÞEKKUR BRJÁLÆÐINGUR

**The Informant! segir frá Mark Whitacre, sem er á hraðri leið á toppinn hjá stórfyrirtæki í matvælabransanum sem hann starfar hjá. Það er ekki allt skrúfað fast í hausnum á honum, sem verður til þess að hann flækist í atburðarás sem hefur stórvægilegar afleiðingar. Myndin er byggð á sannri sögu sem POPP mælir með að fólk kynni sér á gömlu góðu Wikipediu.**

### LEIKSTJÓRINN

Steven Soderbergh, leikstjóri The Informant!, vann Óskarsverðlaunin árið 2000 fyrir stórmyndina Traffic. Síðustu ár hefur hann sent frá sér myndir á borð við Erin Brockovich og Ocean's-þríleikinn sem skartar mörgum af helstu stórstjörnum stjörnuborgarinnar í dag.

## POPPDÓMNEFNDIN

### MAMMA

„Þessi mynd er alveg æðislega skemmtileg. Ég man ekki hvað aðalleikarinn heitir, en hann er yndislegur í hlutverki geðþekka brjálæðingsins. Ég man nú eftir þessu máli þegar það kom upp, þess vegna er gaman að horfa á svona skemmtilega mynd um það. Hún er bæði fyndin og spennandi."

### BÍÓNÖRDINN

„Virkilega vel gerð og skemmtileg mynd. Matt Damon stendur sig vel og er nánast óþekkjanlegur í hlutverki Marks Whitacre. Steven Soderbergh er mjög skemmtilegur leikstjóri og er í miklu stuði í mynd sem minnir örlítið á Burn After Reading eftir Coen-bræðurna. Ég mæli hiklaust með þessari."

### VINURINN

„Gaur. Mjög skemmtileg! Hún var samt ekki eins fyndin og Zombieland en ég efast reyndar um að hún hafi átt að vera það. Staðreyndamolarnir sem aðalpersónan les inn í gegnum myndina eru algjört gull og það er gaman að sjá stelpuna sem leikur stalkerinn í Two and a Half Men í alvöruhlutverki."

### STELPAN

„Æi, mér finnst þessi mynd ekkert spes. Ég var hálf ringluð þegar hún var búin og áttaði mig ekki alveg á hvað vakti fyrir aðalpersónunni. Matt Damon hefur líka oft, eða bara alltaf, verið sætari. Ég myndi frekar fara á Couples Retreat. Ég gat samt alveg hlegið stundum þó að ég hafi ekki beinlínis grenjað."

breakbeat.is

## Topp 10 listi október mánaðar

1. Ýmsir – 5 (Hyperdub)
2. Alix Perez – 1984 (Shogun Audio)
3. Joy Orbison – Hyph Mngo (Hotflush)
4. Spectrasoul feat. Mike Knight – Melodies (Exit)
5. Break – Aftershower (Shogun Audio)
6. Terror Danjah – Gremlinz: The Instrumentals 2003–2009 (Planet Mu)
7. Kryptic Minds – 768 (Tectonic)
8. Randomer – Rough Sex (FreeP3)
9. Fever Ray – Seven (Martyn remix) (Rabid)
10. Chromeo – Night By Night (Skream Remix)

Topp 10 listinn er í boði Mohawks

Mohawks
Kringlan | 534-2951
www.mohawks.is | facebook.com/mohawksiceland

**POPPLEIKUR:** FIFA 10

**ERFITT AÐ HAFNA** Aðdáendur FIFA verða lengi að sleppa þessum.

# MEIRA AÐ SEGJA LÍNUVÖRÐURINN

Við fyrstu sýn væri mjög eðlilegt að draga þá ályktun að munurinn á Fifa 09 og Fifa 10 væri lítill sem enginn. En Fifa 10 er virkilega góð viðbót við fyrri Fifa-leiki og er gleðilegt að sjá að endurreisn þessarar fornfrægu leikjaseríu haldi áfram. Mikilvægustu breytingarnar eru þær sem snúa að grafík leiksins. Leikmenn á vellinum hreyfa sig nú á mun trúverðugri máta, þeir hoppa upp úr tæklingum og stundum hitta þeir ekki boltann í upplögðu færi. Dómararnir eru nú einnig orðnir meira áberandi, meira að segja línuverðir fá að vera í mynd, sem er afar sjaldgæft.

Þessar breytingar hafa það í för með sér að spilun leiksins verður enn raunverulegri og hreinlega skemmtilegri. Bætum við þetta endurbættum spilunarmöguleikum, uppfærðum liðum og þeim möguleika að geta sett sitt eigið smetti inn í leikinn og þá er kominn pakki sem er býsna erfitt að hafna, sérstaklega ekki fyrir aðdáendur fyrri Fifa-leikja.

*- vij*

| SPILUN | GRAFÍK | HLJÓÐ | ENDING | NIÐURSTAÐA |
|---|---|---|---|---|
| 5/5 | 4/5 | 4/5 | 5/5 | |

**POPPLEIKUR:** UNCHARTED 2: AMONG THIEVES

**EINS OG HASARMYND** Leikjadómari POPPS vildi gefa leiknum 6 af 5 mögulegum.

# INDY HVER?

Uncharted 2: Among Thieves er án nokkurs vafa einn af allra bestu leikjum ársins.

Öll grafík leiksins er til fyrirmyndar og er í raun ekki hægt að taka út neitt sérstakt borð sem sýnikennslu í hvernig eigi að gera tölvuleikjagrafík. Þau eru öll hreint gullfalleg, hvort sem það eru íshellar í Himalajafjöllum eða iðandi frumskógar.

Í leiknum er vart hægt að finna daufan punkt, leikurinn er rússíbanareið frá upphafi til enda og ber sérstaklega að nefna lestarhluta leiksins sem skólabókardæmi um hvernig eigi að heilla unnendur tölvuleikja.

Það sem Uncharted 2 gerir svo vel er að bjóða leikmönnum upp á afþreyingu sem jafnast á við að horfa á góða hasarmynd. Ímyndum okkur Indiana Jones aður en hann varð farlama gamalmenni, nema Uncharted 2 státar af meiri hasar, meiri húmor og meiri spennu. Þeir sem finna ekki gleði í hjarta sér við að spila Uncharted 2 eru hreinlega dauðir að innan og sálarlausir.

*- vij*

| SPILUN | GRAFÍK | HLJÓÐ | ENDING | NIÐURSTAÐA |
|---|---|---|---|---|
| 5/5 | 5/5 | 5/5 | 4/5 | |

HVERNIG Á AÐ...

# ÚTBÚA BESTU HAMBORGARA HEIMS

**ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT:**
**Plasthanskar, nautahakk, jalapeño, cayenne-pipar, egg, matarolía, gráðaostur, hvítlaukur, salt.**

## #1

Settu eina pakkningu af nautahakki í skál og hnoðaðu eins og deig. Bættu egginu og olíunni saman við og blandaðu vel. Gott er að klæðast plasthönskum, þar sem þetta er subbuleg aðgerð. Mikilvægt er að hnoða hakkið til svo að það verði deigkennt og haldist vel saman.

## #2

Saxaðu niður jalapeño og settu út í ásamt piparnum, hvítlauk eftir smekk og salt. Hnoðaðu enn á ný buffið vel saman og mótaðu svo nokkra um 200 gramma eðalborgara. Þeir eru mjög þykkir, en þannig á það að vera. Nú er gott að byrja að hita pönnuna nokkuð hæfilega.

## #3

Loks steikirðu borgarann. Passaðu að vera ekki með of háan hita á pönnunni svo að þú brennir hann ekki að utan áður en hann steikist að innan. Taktu svo brauð, beikon, grænmeti og hvað sem þú lætur á borgara og raðaðu saman. Besti hamborgari heims er tilbúinn!

# POPP MOLAR

Söngkonan **Lily Allen** ætlar að setja á fót sitt eigið útgáfufyrirtæki, þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar um að hún ætli ekki að gefa út aðra plötu. Svo virðist sem hún vilji vera meira á bak við tjöldin í tónlistarbransanum en hún hefur verið. „Ég er ekki að hætta í tónlistinni. Kannski hætti ég að syngja um tíma. Ég væri til í að taka mér smá pásu og prófa eitthvað annað," sagði hún.

**Julian Casablancas** kom í fyrsta sinn fram í sjónvarpi með sólóverkefni sitt í kvöldþætti Conans O'Brien fyrir skömmu. Strokes-söngvarinn flutti þar nýja lagið 11th Dimension sem verður á fyrstu sólóplötu hans, Phrazes for the Young, sem kemur út í næstu viku. Eftir brösuga byrjun í þættinum komust Casablancas og félagar á flug og skiluðu sínu óaðfinnanlega. Helst þóttu danshæfileikar kappans stirðbusalegir og þarf hann líklega að lagfæra það áður en hann fer í tónleikaferðalag.

**Billy Corgan,** forsprakki Smashing Pumpkins, ætlar ekki að láta bólusetja sig gegn svínaflensunni. Hann segist ekki treysta þeim sem búa til bóluefnið og telur að yfirvöld séu að hræða almenning að óþörfu með yfirlýsingum sínum. „Vírusinn er ekki orðinn að faraldri. Það er fáránlegt að forsetinn okkar Obama hafi lýst yfir neyðarástandi," skrifaði hann á heimasíðu sína. „Ég hef lesið skýrslur um að það séu sönnunargögn fyrir því að vírusinn hafi verið búinn til af mönnum."

Þrátt fyrir að vera moldríkur sér **50 Cent** eftir því að hafa ekki farið í viðskiptanám þegar hann var yngri. Hann segist mundu hafa viljað læra allt um viðskipti í skóla frekar en úti á götu með eiturlyfjasölu. „Fólk í gamla hverfinu mínu hikaði ekki við að drepa til að útrýma samkeppninni. Núna starfa ég með viðskiptajöfrum sem vilja líka útiloka samkeppnina en gera það á annan hátt. Þetta eru tvær mismunandi leiðir að sama markmiðinu. Ef ég hefði haft val hefði ég farið í hina áttina og stundað viðskiptanám," sagði 50 Cent.

SKÓLALÍFIÐ ER Á VISIR.IS

Fréttavefur framhaldsskólanna

Skólalíf er fyrsti fréttavefur sinnar tegundar á Íslandi þar sem framhaldsskólanemar birta fréttir og myndir frá félagslífi skólanna, auglýsa viðburði og þú getur nálgast vefútgáfur skólablaðanna.
Við viljum bjóða þinn skóla velkominn á fréttavef framhaldskólanna á visir.is.

visir.is
...ég sá það á visir.is


# TAKTU SÍMAMYND!

Um fjörutíu myndir bárust í myndakeppnina að þessu sinni og næst viljum við sjá enn þá fleiri. Þessar myndir eru fínar, en við bíðum eftir snilldarmyndunum.

Taktu mynd með símanum og sendu okkur. Við birtum bestu myndirnar og höfundur langbestu myndarinnar fær tvo kassa af Doritos. Myndirnar geta verið af hverju sem er, atburði, Sveppa, Michael Jackson, Jóhönnu Guðrúnu eða bara góðu flippi.

**FRÁBÆRT TILBOÐ** Við getum ekki beðið eftir útsölunni.

**A!** Ég ætla að fá það sem hann fékk.

**SEGÐU A** Þessi er ansi ófrýnilegur. Og fiskurinn líka.

**EKKI HORFA NIÐUR** Of seint.

**ALGJÖR SVEPPI** Við báðum um mynd af Sveppa og fengum hana.

**ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO KASSA AF DORITOS**

**SENDU OKKUR ÞÍNA SÍMAMYND Í SÍMA 696 7677 EÐA Á POPP@FRETTABLADID.IS OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO KASSA AF DORITOS!**

vodafone

# BERBRJÓSTA PLÖTUSNÚÐUR

Rússneski plötusnúðurinn DJ Mari Ferrari kemur fram í hrekkjavökupartíi á Broadway á morgun, laugardag. Ferrari þessi er þekktust fyrir að þeyta skífum ber að ofan og aðeins með litlar bætur til að hylja allra heilagasta hluta brjóstanna – dælur lífsins; geirvörturnar.

DJ Mari Ferrari hefur komið víða við og meðal annars spilað í Bandaríkjunum, Finnlandi, Frakklandi, Spáni og miklu víðar.

Verðlaun verða veitt fyrir besta búninginn í partíinu og frítt er inn milli klukkan 23 og hálf eitt. Íslensku plötusnúðarnir Digital Hustler, Frigore, Jay Arr og Deemex koma einnig fram og forsala fer fram í Kiss, Kringlunni og Partýbúðinni í Skeifunni. Miðaverð er 1.500 krónur.

**BERSKJÖLDUÐ** DJ Mari Ferrari er ekki feimin.

Brakandi fersk og holl nýjung á Nings

# JAPANSKT Wakame SALAT

*Frábær blanda af salati, grilluðum kjúklingaspjótum, ristuðum cashew hnetum og sesam dressingu.*

Nýtt

Kynningarverð **995** krónur

*Wakame salatið er einnig afgreitt í hentugum skálum fyrir þá sem eru á ferðinni.*

***-alltaf eitthvað nýtt!***

# NINGS

Suðurlandsbr. 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • **Sími: 588 9899**

**www.nings.is**

# POPP

## ÉG HATA ÞEGAR...

„Fólk telur mig sig.“

HALLDÓR HALLDÓRSSON,
GÚMMELAÐIBÓNDI

# 5 GÓÐ RÁÐ

## GÓÐAR GJAFIR HANDA ÓVINUM

**Grínistinn Steindi Jr. er vinur vina sinna og líka óvinur óvina sinna.**

1

**Þýfi** Gott er að gefa óvini sínum stolnar vörur. Helst eitthvað sjaldgæft, þar sem eigandinn hefur heitið fundarlaunum. Svo bara einn vindill, þrír perlandi og símtal í lögregluna í Reykjavík.

2

**Gjafabréf á Apótekið** Fyrir utan að eiga á hættu að vera laminn, nauðgað eða stunginn held ég að það sé skemmtilegra að hanga í apóteki með einn perlandi heldur en á Apótekinu.

**Megrunarbók/eitur** Allt um Atkins-kúrinn, alveg tilvalin afmælisgjöf handa fyrrverandi kærustu. Eitur er líka góð gjöf, svona fyndið eitur sem fær menn til að pissa í sig eða breytir tönnunum á þeim í tyggigúmmí.



3

4

**Morðvopn** Það getur verið virkilega sniðugt að gefa óvini sínum morðvopn í afmælisgjöf. Sérstaklega ef þú vilt koma fingraförum hans á vopnið.

5

**Kústur** Það er alveg ömurlegt að fá kúst í afmælisgjöf! Ef þú vilt skemma fyrir einhverjum afmælisveisluna og jafnvel alla vikuna þá er kústur, eða jafnvel sópur, klárlega rétta gjöfin.

POPP Auglýsingasími 512 5411

# NÁTTÚRU

og skoða náttúruna hefur kennt mér margt. Náttúran er skapandi og óútreiknanleg og fer fram á að við séum sveigjanleg. Hér á Íslandi er náttúran alltumlykjandi og umhverfið er ekki manngert á sama hátt og á mörgum öðrum stöðum. Við Íslendingar höfum þurft að aðlaga okkur að þessum náttúruöflum sem hér eru að verki og það hefur djúp áhrif á hver við erum og hvernig við hugsum.“

**Stafræn náttúra** Eitt af veggspjöldunum Katrínar úr sýningunni „Illustrated Reminders“.

### TEIKNAÐAR MINNINGAR

Nýlega setti Katrín upp sýningu í Stokkhólmi sem hún kallaði „Illustrated Reminders“. Á sýningunni voru stór veggspjöld af stafrænni náttúru Katrínar en auk þess sýndi hún glefsur úr heimi sínum í handteikningum. Þeim lýsir Katrín sem teiknuðum minningum eða minni. „Hugmyndin var sú að gerast landkönnuður og teiknari náttúruvísinda í eigin náttúru. Hingað til hef ég leyft þessum heimi að flæða og vaxa af sjálfu sér, en núna er ég að einbeita mér að því að greina náttúruna betur og skoða hvernig hlutirnir tengjast. Þessi náttúra er í sífelldri þróun, plöntur og dýr umbreyta sér og þróast hiklaust úr takti við Darwinkenninguna. Það þarf sérstaklega að fylgjast með þessu. Margar af verunum í þessari náttúru hafa auk þess orðið áhuga á að tjá sig og eru farnar að banka upp á hjá mér svo ófriður er af.“

Katrín hefur tekið þátt í fleiri sýningum á árinu. Í haust var hún meðal annars gestalistamaður á Nordisk Panorama og hannaði plakat og allt útlit hátíðarinnar, sem meðal annars fól í sér lukkudýr. „Þessi gaur með eyrun er vísun í unga kvikmyndagerðarmanninn með kraftadelluna, unga ofurhuginn sem eru allir vegir færir og hefur óþrjótandi orku.“

### LÍFIÐ Á 21. ÖLDINNI

Kostir þess að lifa og starfa á 21. öldinni eru að Katrínar mati ótvíræðir. Hún hefur búið víðs vegar um heim, nú síðast um nokkurra ára skeið í Taívan og Hong Kong. „Við lifum á spennandi tímum sem gera okkur kleift að vera opin og kynnast heiminum sem aldrei fyrr. Veraldarvefurinn er eitt af undrum veraldar, í gegnum hann höfum við aðgang að stærsta bókasafni heims og getum verið í beinni tengingu við fólk alls staðar í heiminum. Og við höfum tækifæri til að ferðast sem aldrei fyrr. Ég lít á mig sem ferðalang sem ferðast hið innra og hið ytra. Að vinna sem hönnuður í umhverfi 21. aldar kefst þess að við séum opin, sveigjanleg og teygjanleg. Til að mynda er skrifstofa mín að einhverjum hluta til í sýndarveruleikanum sem partur af þessu stóra Neti sem heimurinn er núna.“

### JAÐARSAMFÉLAGIÐ ÍSLAND

Flakkið um heimsbyggðina hefur síður en svo útþynnt aðdáun og trú Katrínar á fósturjörðinni, heldur þvert á móti. Hún telur sérstöðu Íslands mikla í alþjóðasamfélaginu. „Við lifum á breytingatímum. Nú eru nýjar áherslur í því hvernig við göngum um jörðina og umhverfið og hugsum um okkur í samhengi við aðra á jörðinni. Mér sýnist áherslan alls staðar í heiminum vera í auknum mæli á ræturnar og að virkja sérstöðu. Sérstaða okkar hér á landi felst í því að við erum nútímasamfélag en jafnframt jaðarsamfélag. Náttúran, víðáttan og tómið hér er öflug uppspretta ímyndunaraflsins, eins og við sjáum glögglega ef litið er til þess hvernig bankastarfsemin og útrásin voru virkjuð en einnig ef litið er til sagnahefðar okkar og tónlistar. Það er mikilvægt að leyfa skapandi greinum að þróast í næði ef góðir hlutir eiga að gerast, því þeir gerast hægt. Dálítið eins og með akurinn, þú þarft að rækta hann og sinna og gefa honum tíma, til að búast við góðri uppskeru.“



**Handteikningar** Nýlega setti Katrín upp sýningu í Stokkhólmi sem hún kallaði „Illustrated Reminders“. Þar sýndi hún stór veggspjöld af stafrænni náttúru auk handteikninga sem hún lýsir sem teiknuðum minningum eða minni.


Mundu mig

**SagaMemo** inniheldur virk efni úr ætihvönn og blágresi.
SagaMemo er fyrir þá sem vilja viðhalda góðu minni.

**SagaMemo fyrir gott minni!**

Helgartilboð Heilsuhússins

heilsuhúsið

Þegar þú kaupir glas af SagaMemo
færðu annað á hálfvirði.
Tilboðið gildir 29. október - 1. nóvember 2009.

Heilsuhúsið Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Selfossi og Akureyri

úr íslenskum Náttúruvara lækningajurtum

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

Arnar, Aníka og Matti
bjóða ykkur velkomin

Opið virka daga
9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardag
9⁰⁰-13⁰⁰

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5

# tíðin

## Hrekkjavökutískan

**SVARTAR NEGLUR** – Alison Mosshart úr Kills er daglega með svartar neglur og það passar líka fullkomlega við hrekkjavökubúninginn. Þetta fallega lakk er frá Yves Saint Laurent.

**Blúndur** Gamaldags blúnda virkar alltaf til að framkalla vampíruáhrifin – þessi er frá Givenchy.

**Gamaldags „goth“** Viktoríönsk blúnduskyrta við frakka frá Givenchy.

Sýndu þínar myrku hliðar

# Drungalegt og sexý

Hvernig er flott að líta út á hrekkjavökunni? Ef maður vill ekki fara alla leið í grímubúninginn og mæta sem Frankenstein eða brúður Drakúla eru margar frábærar leiðir til að umvefja sig myrku hliðunum um helgina. Það eru margar skemmtilegar leiðir að „goth“-útlitinu. Hvernig væri að lita einn hárlokkinn fjólubláan, fara í viktoríanska blúnduskyrtu eða kynþokkafullar leðurbuxur í anda Lestat-vampíru? Hér eru nokkur flott dæmi sem hægt er að sækja innblástur í.

*- amb*

**Kvenlegt** Skemmtileg samsetning af fínni blúndu við latex-buxur frá Givenchy.

**Svart** Síður „gothara“-kjóll frá Christopher Kane.



Seiðandi augu og dimmrauðar varir:

# HEILLANDI Á HREKKJAVÖKU

*Make Up:* **Margrét með MAKE UP STORE**
*Módel:* **Indíana Nanna Jóhannsdóttir**

**Á morgun er allrasálnamessa, hátíð hinna dauðu – öðru nafni hrekkjavaka (Halloween á ensku). Þessi hátíð er að festa sig í sessi hér á Íslandi og mörg hrekkjavökupartí haldin á heimilum og skemmtistöðum landsins. Búningar tengdir hrekkjavöku eiga allir að vera í drungalegri kantinum – vampírur, nornir, seiðkarlar, draugar og forynjur. Föstudagur fékk Margréti Rögnu Jónasdóttur, förðunarfræðing og eiganda Make Up Store, til að sýna sér hvernig er hægt að framkalla frábært „gotneskt“ útlit: ljósa húð, dökk augu og varir og vera um leið sexý og seiðandi.**

**UNDIRBÚNINGUR Undirbúið húðina með Face Mist rakaspreyi og Skin Serum. Berið örlítið af farða eða hyljara á augnlok og undir augu til að augnskugginn festist og endist betur.**

**AUGUN Mótið augun með því að bera mjúkan svartan augnblýant í kringum augun. Dreifið með litlum bursta og berið blýantinn líka á vatnslínuna. Brettið augnhárin og berið á svartan maskara. Veljið lengd augnhára eftir því hversu dramatísk augun eiga að vera.**

**SMOKEY AUGU Byrjið á því að bera á Pink Metal augnskugga létt undir augabrún. Dökkur Nightfall augnskuggi er settur yfir allt augnlokið. Að lokum er Devil Dust duftskuggi borinn á augnlokið og undir augun. Örlítið af glæru Blend & Fix kremi er penslað í augnhvarmana til að gefa gljáa. Einnig er því dúppað á nefbein og kinnbein.**

**HÚÐ Þrífið undan augunum ef eitthvað hefur sest þaraf augnskuggaduftinu. Berið síðan á húðina léttan farða. Reflex Cover er sett undir augun til að endurkasta ljósinu og gefa birtu í kringum augnsvæðið. Dustið síðan lausu púðri yfir til að festa farðann.**

**KINNAR Rennið kinnalit eingöngu undir kinnbeinin til að móta þau. Varist að setja fremst í kinnar ef útlitið á að vera dramatískt. Sand eða Caramel eru flottir í skyggingu.**

**BRÚNIR Snyrtar með ljósum blýanti og formaðar með Stay in Shape vaxi.**

**VARIR Berið örlítinn hyljara yfir útlínurnar á vörunum og mýkið inn á við. Berið rauðan Pout varalit á varir og formið útlínur með bursta. Rennið síðan dökkum varablýanti eins og Passionate Glory meðfram útlínum varanna þannig að dökki blýanturinn blandist við varalitinn. Að lokum er dökkum varalit dúppað yfir varirnar. Byrjið við útlínurnar og skyggið inn á við. Black Orchid eða Dawn eru flottir litir í þetta.**

*- amb*


**Frábærar og enn betri fréttir**

**til þeirra þúsunda Íslendinga sem nota Pro-Gastro8**

50% meira af góðgerlum í hylkjunum sem þýðir að sumir þurfa bara að taka inn 1 hylki á dag.

Pro-Gastro8 góðgerlanir vinna gegn erfiðri meltingu.

*Pro-gastro8 fæst í APÓTEKUM, HEILSUBÚÐUM OG HEILSUHILLUM STÓRMARKAÐANNA!*

Æskan er í genum þínum. Virkjaðu þau.
Uppgötvaðu húðina eins og hún ætti að vera

Uppfinning Lancôme:

# GÉNIFIQUE

ÆSKUVAKI

NÝTT
Æskuvaki dagkrem

10 ÁRA RANNSÓKNIR

Lancôme uppgötvar fyrsta ÆSKUVAKANN GÉNIFIQUE.
Auktu* virkni genanna og örvaðu** framleiðslu æskupróteina.

Sjáanlega unglegri húð á aðeins 7 dögum***.
Húðin öðlast aftur eiginleika ungrar húðar: hún verður þétt og silkimjúk við snertingu – ótrúlegur ljómi.

LANCÔME
PARIS

* in vitro prófanir á virk efni
** Klínískar rannsóknir á „skin protein dosage" – 24 konur
***„Cosmetoclinic" sjálfsmat – 34 konur

# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Hörður Kristbjörnsson, grafískur hönnuður og lífskúnstner.**



1 Vakna af værum blundi, helst um hádegi, við að kreppan kyssi á manni upphandlegginn.

2 La Primavera í hádegismat með Don Draper.

3 Forsíðumyndataka Reykjavík Grapevine skotin af Ryan McGinley með Dorrit Moussaieff sem í kjölfarið býður okkur í kjötsúpu lagaða af Ólafi á Bessastöðum.

4 TaTaTa á Bessastöðum.

5 Síðnætursnúningur á The Dubliner sem endar í morgunverðarhlaðborði á Hótel Holti.

Jólahlaðborð á Silfurs

Leyfðu okkur að elda fyrir þig og þína

Veitingastaðurinn Silfur
blæs til veglegrar jólaveislu frá 27. nóvember til jóla.
Á fjórða tug spennandi rétta.
Hádegi: 3.500,-
Fim. - lau. kvöld: 6.900,-
Sun. - mið. kvöld: 5.900,-
Taktu þér hlé frá hversdagnum.

Silfur
restaurant
Pósthússtræti 11

Pantaðu tímanlega
Sími: 578 2008
info@silfur.is

Kemur þú langt að?
Spurðu okkur um sérkjör á gistingu á Hótel Borg.

Dugur ehf - 551 4285

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Suzuki Grand Vitara 2002, Verð 1.250.000kr. Snyrtilegur bíll aukadekk. Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi. s. 567-1800 www.bbv.is Raðnúmer # 211786

Ertu að leita að bíl, þarftu að selja bíl?

Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi sími 567-1800 www.bbv.is opið 10:00-18:30 laugardaga 11:00-16:00

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

NISSAN PATROL GR 37 „. Árgerð 2005, ekinn 79 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.242301.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar. WWW.BÍLALÍF.IS

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**

Hyundai Starex 7 manna Diesel 4x4 Árgerð 02/2006, ekinn 91þ.km, mjög gott eintak, verð 2.950.000kr., rnr 150329. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar.

Ford Focus Ambiente Station 1.4 Árgerð 08/1999, ekinn 131þ.km, búið að skipta um tímareim, snyrtilegur bíll. Verð 490.000kr, rnr 150288. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

TOYOTA YARIS LUNA. 12/1999, ekinn 122 þ.km, 1,3L, 5 gíra. Verð 579.000. #280609 Bíllinn er á staðnum, kíktu við!

TOYOTA YARIS SOL 01/2005, ekinn 85 þ.km, 1,3L, 5 gíra. Verð 1.090.000. #280748 Bíllinn er á staðnum, kíktu við!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**http://www.bilalind.is**
**Óskum eftir bílum og vélsleðum á skrá og**

TILBOÐSDAGAR á VESPUM verð frá 195.000 kr. með skráningu full búð af frábærum og góðum Vespum sjáið fleyri tegundir á www.sportx.is

**Sport-X**
**Draupnisgötu 7, 600 Akureyri**
**Sími: 5642323 / 8976040**
**Verslun og viðgerðaþjónusta á staðnum**
**www.sportx.is**

TOYOTA COROLLA H/B SOL. Árgerð 2004, ekinn 125 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**SKOÐAR ÖLL SKIPTI**
LAND ROVER RANGE ROVER HSE. Árgerð 2006, ekinn 135 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 7.900.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

CITROEN C4 SX SJÁLFSKIPTUR. Árgerð 2008, ekinn 10 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Bílabankinn S. 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

LAND ROVER DISCOVERY II S. Árg. 2003, ek. 108þ.km, BENSíN, Skjálfskiptur. Verð 3.450 þús. 7 manna bíll. Möguleiki á láni. Rnr. 128496

NISSAN NAVARA DOUBLE CAB 35“ Árg. 2009, ek. 240 km, DÍSEL, Sjálfskiptur Verð 6.990þ. Skoðar ýmiss skipti. Glæsilegur bíll. Rnr.128719. Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar. WWW.HOFDABILAR.IS

FORD MONDEO CLX. Árg 1998, ek 174 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 350Þ TILBOÐ 290Þ Rnr.170195 Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar. WWW.HOFDABILAR.IS

LAND ROVER DISCOVERY LR3. Árg 2006, ek 18 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur Tilboðsverð: 4.290þ stgr. ATH. listaverð er 5.900þ. Rnr.170119 Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar. WWW.HOFDABILAR.IS

POLARIS 700 RMK DRAGON 155“. Árg 2007, ek 1650 km Verð 1.390þ Rnr.129390 Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar. WWW.HOFDABILAR.IS

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu

Hyundai Starex ‘05, ek. 95þús., dísel, fallegur, sk.ódýrari/dýrari. Verð 2.290þús. s. 899-3332.

M. Benz Vaneo árg. ‘03 ek. 78þ. í toppstandi. Verð 1200þ. Skipti hugsanleg á ód. bíl. S. 892 6113.

Toyota, Dodge, Ford með stórútsölur í USA. Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum á lægra verði. Eigum heima Toyota Highlander Hybrid jeppa og Tacoma pallbíll sýningabíla á frábæru verði. islandus.com - Sími 552 2000.

Infiniti QX56, 2005, 90þús.km, sóllúga, dvd, rafmagn í öllu, leður, 8manna etc. Ásett 4.690 en gott stgr.verð. S: 843 3011.

Hyundai Tucson diesel. Árg. ‘05 ekinn 80þús. Sjálfsk. Dráttarkrókur. Heilsársdekk. Ásett verð 2.390.000 tilboð 2.050.000.Möguleiki á allt að 100% láni. Uppl. í S. 660 1334.

Peugeot 406, árg. ‘97. Skoðaður ‘10. Uppl. í 663 1236.

M.Benz 300 DT 4matic ‘91 ek. 375þ. skoðaður ‘09. Uppl. í s. 825 1218.

## 0-250 þús.

**SJÁLFSKIPTUR GÓÐUR BÍLL Á 250 ÞÚS!**
MERCURY MYSTIQUE 2.0 ssk.árgerð ‘98 ek.110 þús km.skoðaður 2010,eyðsla 9ltr/100 að meðaltali,góður og heill bíll ásett verð 390 þús. TILBOÐ 250 ÞÚS! s. 841 8955.

## 250-499 þús.

**!! Góður bíll !!**
Peugot 406 stadion, árg. ‘00, ekinn aðeins 132þús. ný skoðaður, cd, bsk. bíllinn er á vetrardekkjum, gott eintak. Tilboðsverð aðeins 390þús. uppl. í s: 659-9696.

**35“ breyttur jeppi á 280 ÞÚS!!**
hilux ‘91 v6 35“ dekk,ek.143 þús m. skoðaður 2010,með warn spil að framan,lofdælu í húddinu,loft driflæsingar að aftan og lokur að framan dráttarkrókur,talstöð ofl. ásett verð 390 þús. TILBOÐ 280 ÞÚS. stgr. s. 841 8955.

**Tilboð 399þ.**
MMC Lancer ‘99 1.3 5g., ek. 178þ. Sk. ‘10. Bíll í toppstandi. S. 899 4275.

## 1-2 milljónir

Honda HR-V Smart sj.sk. árg.2005 ek.57.000 s+v dekk á felgum. Reyklaus og Glæsilegur bíll. uppl. í 898-5507.

## Bílar óskast

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Bílar óskast jeppar fólksbílar sendibílar ljótir sætir ónytir kaupi bíla sem þarfnast lagfæringa til uppgerðar eða í parta skoða allt. Verð 20-200 þús. ps. úrvislusjóður borgar bara 15 þús. ég borga að lámarki 20 þús. 770 6400.

Óska e. að kaupa gamla bíla til niðurrifs. Nán.uppl. í síma 661-2222.

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

**Fyrstur kemur fyrstur fær !!!**
Isuzu Tropper 3,0 Turbo Diesel árg. 99 ekinn 259 þ. km, 5 gíra, 7 manna, 35“ breyttur, CB, talstöð, NMT sími, GPS tengi, kaastarar+grind, þakbogar, gluggavindhlífar, krókur, ný tímareim, skoðaður 2010, vél tekin upp í ca 170 þ km, góður bíll, mikið endurnýjaður, verð 1.090.000- TILBOÐ nú aðeins 690.000stgr. - uppl. í síma 842-6605.

## Vörubílar

Volvo FL220 ‘05 fullbúinn bíll ek.140þ. stöðvarleyfi, verð 5,5m. +vsk. Uppl. 895 9446.

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Hjólhýsi

Hjólhýsi m/kojum og Alde hitak. óskast. árg06-09. Staðgr. uppl. 893-2550, dorib@hive.is

## Vinnuvélar

KRAFTVÉLAR

Höfum til sölu úrval notaðra tækja. Kíktu á www.kraftvelar.is

## Til sölu

**Láttu ekki veturinn koma þér á óvart!**

**Er rafgeymirinn í lagi?**

Láttu sérfræðinga okkar skipta um rafgeymi fyrir veturinn. Eigum rafgeyma í nær allar gerðir bíla.

**Renndu við, þú færð góðar móttökur alla virka daga frá kl. 8 til 18.**

N1 HJÓLBARÐA- OG SMURÞJÓNUSTA SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

## Hjólbarðar

SPARAÐU!! Einn dekkjagangur allt árið, næstu ár, engar umfelganir. Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í bleytu og hálku. Söluaðili; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122.

## Varahlutir

er að rifa ford f2-350 árg 99-07,musso 98 2,3 volvo s60 01-04 turbo, civic 98,bmwe46 99 sí 8220350

**VW, Skoda, Audi.**
**S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Til sölu notuð dísel vél úr Mazda 6. uppl. í s. 693 9493.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

**Þú finnur allar helstu bílapartasölur landsins á www.partasolur.is**

**www.netpartar.is**
**Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Partabílar 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, Peugot 306 '98. Kaupum bíla í niðurrif.

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

## Garðyrkja

**Trjáfellingar!**
Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

## Til sölu

## Tapað / Fundið

**BÁT STOLIÐ!**

Þessum bát ZODIAL PRO- 7 með 40 HP mercury mótor var stolið frá Akraseli í Reykjavík 26. október 2009. Báturinn var með gráa yfirbreiðslu og á rauðri kerru.
**Fundarlaun í boði fyrir þann sem vísar á hann.**

**Upplýsingar í s. 896 5986 Sigurður.**

**Er bílaplanið orðið gamalt og mosagróið?**
**Tökum að okkur að sýruþvo og hreinsa hellulögð og steypt plön. Ótrúlegur árangur.**
**S. 691 8907**

Jólaskreytingar, trjáklippingar og fellingar, laufa og lóðahreinsanir, stéttahreinsun, þökulagnir, jarðvegsvinna, smíðar og margt fleira. Garðar Best ehf s. 698 9334 www.garðarbest.is

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald, uppgjör, ársreikningar, launavinnslur. Mjög öflugur bókhalds- og uppgjörsaðili getur bætt við sig verkefnum. S. 772 55 33 Info@betrabokhald.com

Býð bókhaldsþjónustu, uppgjör VSK og launa, ráðgjöf ásamt uppgjöri ársreikninga fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Uppl veittar í síma 896 2245 eða bse@mi.is Björn.

## Málarar

**Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890**

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málarar geta bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

**Húsaviðgerðir**
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712.

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð.**
**Upplýsingar í síma 899 2420**
**Steingæði ehf.**




Óska eftir steinsögunargræjum, glussasagir og glussajunited. uppl. s. 896 7579.

**Krs. Múrverktakar**
Stofnað 1987. Flísalagnir, flotun, sprunguviðgerðir, tröppuviðgerðir. Vönduð vinna. S. 899 4254.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598. .

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Rafvirki**
Lögg. rafverktaki getur bætt við sig verkefnum og viðhaldsvinnu. Föst verð eða tilboð. Sumarbústaðir og töfluskipti. S. 693 7141.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 502.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

## Spádómar

**Steinunn 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.**
**Opið 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

## Múrarar

**Viðgerðir**
Allt almennt húsaviðhald, utan sem innan. Múrverk, flísar og margt fl. S. 847 2209.

## Rafvirkjun

## Önnur þjónusta

## KEYPT & SELT

## Til sölu

Öryggis- og peningaskápar.

**Þvottavélar, varahlutir**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar, 3, 5 og 10 kg. og þurrkarar. Tökum bilaðar upp í. Einnig mjög ódýrir VARAHLUTIR í þvottavélar. Opið um helgina. S. 847 5545.

**Tveir mjög gamlir öryggisskápar til sölu**
a) h.180 b. 127, d. 80cm b) h. 169 b. 90, d. 69cm Til sýnis hjá Optima ehf. Vinlandsleið 6-8 s. 588-9000

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr.**
**Spörum gjaldeyri.**
**Heiðarleg viðskipti.**
**Aðeins í verslun okkar**
**Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**

**Verið velkomin**

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Hljóðfæri

**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

**Staflari til sölu.**
Handstaflari til sölu. Lyftigeta 1,5m. Burðargeta 1000kg. Sama sem nýr. Uppl. í s. 864 4030

## Til bygginga

**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

Framleiðum setrusviðarklæðningar með bandsagaðri áferð í þeim prófíl sem þú óskar. Timbursmiðjan 8996778.

## Verslun

# 1TB
## HDMI EDITION 1080i

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

**34.900**

500GB AÐEINS KR. 29.900

# 1TB
## UPPTÖKUSPILARI 1080i

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Kvikmynda & tónlistar afspilun
- Tekur upp beint úr sjónvarpi
- Spilar efni beint yfir net
- Spilar af öðrum USB flökkurum
- HDMI, RCA, RGB, USB, LAN, ofl.

**44.900**

500GB ÚTGÁFA 39.900

# 25”LCD
## FULL HD LEIKJASKJÁR

- 25” Full HD 16:9 LCD skjár
- 15000:1 X-CONTRAST skerpa
- 2ms X-CELERATE fyrir leikina
- 1920x1080 Full HD 16:9 upplausn
- 2xHDMI 1.3, DVI og VGA kaplar
- Glæsileg glansandi svört áferð

**59.900**

HVERGI BETRA VERÐ!

# 1TB
## LACIE FLAKKARI

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Philippe Starck
- 3mm glæsilegt höggþolið álhús
- Forritanlegur LED snertiflötur
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- 1-Click afritunarhnappur

**21.900**

FLOTTASTI FLAKKARINN Í DAG

# 24”LCD
## BENQ FULL HD LCD SKJÁR

Stórglæsilegur 24” LCD FULL HD skjár frá Benq með 1920X1080 upplausn ásamt Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt á ótrúlegu tilboðsverði.

- 24” FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40000:1 skerpa og Senseye tækni
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**44.900**

MEÐ SENSEYE TÆKNI

# 320GB
## LACIE FLAKKARI

- 33% meiri hraði með USB boost
- Glansandi hönnun frá Sam Hecht
- Örsmár í lófa og aðeins 195gr.
- Útdraganleg USB snúra
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður

**17.900**

500GB AÐEINS KR. 24.900

# 20”LCD
## LCD SKJÁR

- 20” HD+ 16:9 Cinema skjár
- 40.000:1 DCR, Sensey tækni
- 5ms viðbragðstími í leikina
- 1600x900 HD+ upplausn
- VGA D-SUB tengi og kapall
- Senseye tryggir myndgæðin

**29.900**

HVERGI BETRA VERÐ!

# 22”LCD
## LCD SKJÁR

- 22” FULL HD 1080P skjár
- 40000:1 Dynamic Contrast
- 5ms viðbragðstími í leikina
- 1920x1080 Full HD upplausn
- VGA D-SUB tengi og kapall
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**36.900**

GLÆSILEGUR 22” SKJÁR

# LIVE!
## CAM VISTA

Vefmyndavél á frábæru verði, einstaklega einföld í notkun með innbyggðum hljóðnema og tengist í USB. Tekur bæði hreyfimyndir og ljósmyndir.

**3.490**

CREATIVE VEFMYNDAVÉL

# 7”
## MYNDARAMMI

7” WideScreen myndarammi sem birtir JPEG og BMP myndir. Innbyggður kortalesari og 128MB minni. USB tengi fyrir minnislykla og innbyggð hleðslurafhlaða

**12.900**

neovo 7” MYNDARAMMI

# VUTEK

• 563 6900 • www.tolvutek.is

4BLS BÆKLINGUR

ANC229

# DOT.m

## FISTÖLVA Á TILBOÐI

Fistölva með 11.6” HD LED 1366x768 skjá, stórum 250GB harðdisk, 2GB minni og öflugri 512MB ATI X1270 skjástýringu

- Athlon 64 L110 Single Core HT
- 2GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 11.6” HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI Radeon X1270 skjást.
- 54Mbps þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 5 tímar
- 0.3MP vefmyndavél og Digital MIC
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**99.900**

ÖFLUG FISTÖLVA • AÐEINS 1.3KG

HVERGI BETRA VERÐ

RB129

# LJ61

packard bell

- AMD Dual Core X2 QL65 2.1GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB diskur (pláss fyrir auka disk)
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3” HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD3200 skjást.
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

**119.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

packard bell

# TJ66

- Intel Dual Core T4300 2.1GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB GeForce G105M skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.900**

ÖFLUG WINDOWS 7 FARTÖLVA

15 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

SB122

# TJ61

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug og glæsileg fartölva með öflugu 512MB ATI HD4570 leikjaskjákorti, 15.6” HD LED skjá og alla nýjustu tækni

- AMD Dual Core X2 QL65 2.1GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

**129.900**

ÖFLUG FARTÖLVA Í LEIKINA

## LANDSINS MESTA ÚRVAL AF FARTÖLVUM

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

PARTÝBÚÐIN TVÖFALDAST: HEILHÆÐ AF HREKKJAVÖKUBÚNINGUM, VAMPÍRUSKIKKJUR FRÁ KR. 1,490, ALLIR BARNABÚNINGAR 2,500 KALL . PARTÝBÚÐIN, FAXAFENI 11


## HEILSA

### Heilsuvörur

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 wwww.lifsstill.is

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Nudd

**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Notalegt nudd! Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Gott nudd - good massage. S. 849 3484 & 892 9576.

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur, Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Lausir tímar. Guðrún 695 5480.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

dyrabaer.is
Vefverslun

Dverg Schnauzer hvolpar til sölu. Með HRFÍ ættbók. Undan meistara. Aðeins 1 eftir. Uppl. í s. 772 3993

Am.cocker hvolpar til sölu. HRFÍ ættb. www.morgundaggar.bloggar.is eða 865 7830.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Herbergi í 101!**
**Til leigu fullbúið herbergi með sérinngangi í miðbæ Rvk. Aðgangur að baði,eldhúsi, þvottahúsi og fríu interneti. Laus strax. Á Besta stað í bænum.**
**Upplýsingar í síma 661 7015 og 898 8685.**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

3ja herb. nýleg íbúð í Hraunbæ til leigu. Sérinng. Leiga kr. 125.000. S: 8983420

1-2 manna herb. í Hfj. Að. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Til leigu í hverageröi 3-4 herb íbúð á góðum stað leiga 85 pr mán með hita s 8972681

Til leigu ca 200 fm raðhús í Bryggjuhverfi 110 R. 175 þús. Uppl. s. 896-8030

Gott skrifstofuherbergi til leigu í Skipholti, uppl. í s. 575 8600.

Herbergi við Lokastíg 10 til 15 fermetrar kr 35.000. til 50.000. langtímaleiga 2 mánuðir fyrirfram sími 896 0242

**Íbúð til leigu**
2ja herbergja 76 fm. Mjög falleg íbúð til leigu í Birkiholti, Álftanesi. Leiguverð kr. 100,000,- (hiti-hússjóður innifalinn) Uppl. í síma 695 0786.

Einstaklingsíbúðir/ herbergi til leigu í hverfi 101. Uppl. í s. 694 6396 og 661 1247 á milli kl. 17-21 alla virka daga.

## Húsnæði óskast

Reglusöm og skilvís fjölskylda óskar eftir 4-5 herb. íbúð í Laugarnesi, frá áramótum. S: 847 4346, 665 8417.

Vantar æfingahúsnæði til tónlistarsköpunar. Helst í Reykjavík eða Kópavogi. Bílskúr myndi til dæmis henta vel. S 663 3141.

Óska eftir stúdíóíbúð á höfuðborgarsv. Er tilbúinn að borga einn mán. fyrirfram. Uppl. í s. 857 4279.

Eldri maður óskar eftir 2 herb. íbúð. Greiðslug. 60-80þ. Öruggum greiðslum heitið. S. 868 2466.

Hún systir mín sem hefur búið í Ameríku í 50 ár vill taka á leigu ca. 3 herbergja íbúð í Reykjavík til ca. 6 mánaða. Hún er reglusöm og reykir ekki. Hún getur borgað 6 mánuðina fyrirfram en er til í að skoða þegar fram í sækir að vera lengur. Laugarnes er í uppáhaldi hjá henni. Ef þig vantar frábæran leigjanda þá hafðu endilega samband í síma 897 4589 eða á, sola@xnet.is

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að taka á leigu fiskverkun eða húsnæði undir fiskvinnslu. Uppl. í S: 695 1095.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Er með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi - tjaldvagna - hjólhýsi - pallhýsi. S. 867 1282.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**Sparaðu þér sporin**
Sparaðu þér sporin Upphituð geymsla fyrir bíla, ferðavagna, mórorhjól og báta í pósnúmeri 105 Reykjavik. Uppl í síma 824-8425

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna Atvinna**
**Starfsmaður óskast á þjónustuborð í 100% stöðu.**
**Allar nánanir upplýsingar gefur Njáll í síma 820-8004 eða á staðnum.**
**Rúmfatalagerinn Smáratorgi.**

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

**Trésmiður**
Rótgróið verkstæði vantar trésmið, vanann verkstæðisvinnu. S. 660 3533.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakaríi.Vinnutími frá 07-13/13-18.30. Helena simi: 699-5423

Lítill veitingastaður í miðborginni óskar eftir árrisulum og röskum starfsmanni. Vinna ýmist í sal eða eldhúsi. Vaktavinna. Opnunartími 7.15-15.00 Uppl. graikotturinn97@gmail.com

**Vélstjóri óskast**
Óska eftir vélstjóra með 1000 hö í afleysingar í 3 vikur. Uppl. í s. 843 5640.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Guðspekifélagið**
**Í kvöld, föstudaginn 30. október kl. 20:30** heldur Eiríður Haraldsson erindi um Harald Nielsson og upphaf sálarrannsókna á Íslandi í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 31. október kl. 14:00** er hugleiðing, kl. **14:30** fræðsluefni Sigvalda í umsjá Birgis Bjarnasonar. **Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30** heldur Halldór Haraldsson erindi: 200 ár frá fæðingu Felix Mendelssohns. **Á fimmtudögum** kl. 16.30-18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.gudspekifelagid.is

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**okkur langar að heyra í þér !**

## Atvinna

**Veitingahúsið Einar Ben við Ingólfstorg auglýsir eftir yfirmatreiðslumeistara.**
Kær vinur okkar og yfirmatreiðslumeistari Nico Vergnauld hefur ákveðið að hverfa á heimaslóðir til Frakklands. Við leitum að metnaðarfullum og framsæknum matreiðslumanni til þess að taka við af honum og stjórna eldhúsi okkar. Framundan eru spennandi verkefni sem bíða þeim sem vill taka við.
Upplýsingar gefa Stefán veitingastjóri s. 693 6526 og Jóhann s. 770 4720
Einar Ben RESTAURANT
Veltusundi 1/Sími: 511 5090 www.einarben.is

## Skemmtanir

Cafe Catalina
**Í kvöld spilar**
**Hermann Ingi**
**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**
Hádegismatur alla virka daga
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð
Boltinn í beinni!
**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

## Tilkynningar

GARÐUR 100 ára 1908 - 2008

### Auglýsing um skipulagsmál í Garði

**Tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Garðs 1998-2018,**

Í samræmi við 1. mgr. 21 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingu á aðalskipulagi Garðs 1998-2018:

Breyting við Silfurtún. Breytingin fellst meðal annars í að íbúðarsvæði stækkar, verslun og þjónustusvæði minnkar.

Breyting við Gerðaskóla, breytingin fellst m.a. í að breytingu á stofnanasvæði og opnu svæði.

**Tillögur að Deiliskipulagi.**

Samkvæmt 25. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með auglýst tillögur að deiliskipulögum við:

Breyting á deiliskipulagi við Silfurtún, Breyting fellst m.a. í að lóðir í landi Borgar eru felldar út og bætt við lóðum við Silfurtún.

Deiliskipulag við Gerðaskóla skipulagið felur meðal annars í sér breytingu á lóðum við Gerðaskóla og íþróttahús og hringtorgi við Garðbraut.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Garðs að Sunnubraut 4 frá og með 30. október 2009 til 27. nóvember 2009.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 11. desember 2009.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Garðs að sunnubraut 4 Garði. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

**Bæjarstjóri**

## Fasteignir

Eignatorg Sími 510 3500
Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.
Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali

**Eignatorg kynnir:** Mikið endurnýjað og vel skipulagið 90 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli.
**Nánari lýsing:** Komið er inn í forstofuhol með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með náttúrusteini á gólfi, fallegri hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Sér svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi, flísum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og lengi hýsi þvottavél. Herbergi með plastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, glugginn til vesturs og hurð út á vesturvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús. **Verð 20,8**

Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is



Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is

;ALLT
Á FERÐINNI

†

*Systir okkar, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hákonía Jóhanna Gísladóttir**

síðast til heimilis á Hrafnistu við Laugarás,

lést mánudaginn 19. október. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Guðmundur Gíslason**
**Gunnar Gíslason**
**Gísli Gíslason**
**Gísli Karlsson**
**Kristjana Karlsdóttir** **Björn Pálsson**
**Sveinn Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kjartan I. Jónsson**

Sóleyjarrima 15, Reykjavík,

sem andaðist föstudaginn 23. október síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 30. október kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Ingibjörg Ámundadóttir**
**Árni Hrafnsson** **Birna Guðjónsdóttir**
**Jóhann Berg Kjartansson** **Lotte Munch**
**Margrét Björk Kjartansdóttir** **Stefán H. Birkisson**
**og afabörn**

†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hákon Bjarnason**

frá Ísafirði,

andaðist þriðjudaginn 27. október. Jarðsungið verður frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 7. nóvember kl. 14.00.

**Erna S. Hákonardóttir** **Herbein Fjallsbak**
**Hermann Hákonarson** **Sigurveig Gunnarsdóttir**
**Stefán Hákonarson** **Elín Árnadóttir**
**Konný Hákonardóttir** **Heiðar Jóhannesson**
**Bjarni Hákonarson** **Guðríður Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Guðlaug Guðjónsdóttir**

áður til heimilis Njörvasundi 14, Reykjavík,

lést á Hrafnistu, Reykjavík, mánudaginn 26. október. Jarðarför auglýst síðar.

**Þuríður V. Lárusdóttir** **Ari Leifsson**
**Þórdís Lárusdóttir** **Rúnar Lárusson**
**Erla Ósk Lárusdóttir**
**Jóhannes I. Lárusson** **Guðrún Reynisdóttir**
**Sveinbjörn Lárusson** **Arnfríður L. Guðnadóttir**
**Halla Jörundardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**

†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs frænda okkar,*

**Jóhannesar Þorbjarnarsonar**

(Jóa á veggjum), Borgarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilis aldraða Borgarnesi fyrir einstaklega góða umönnun.

**Systkinabörn og fjölskyldur.**

**KRISTÓFER KÓLUMBUS (1451-1506)**

*„Auðœfi gera manninn ekki ríkari, heldur aðeins upptekn-ari.“*

***Kristófer Kólumbus var landkönnuður og kaupmaður. Ferð hans til Nýja heimsins 1492 var fyrsta skjalfesta ferð Evrópubúa til Ameríku eftir að norrænir menn höfðu gefið landnám þar upp á bátinn.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. OKTÓBER 1941

## *Forsetarnir fjórir tilbúnir*

Á þessum degi árið 1941 lauk gerð höggmyndarinnar af fjórum forsetum Bandaríkjanna í Rushmore-fjalli. Fjallið er granítfjall nálægt Keystone í Suður-Dakóta. Höggmyndinni, sem sýnir forsetana George Washington (1732-1799), Thomas Jefferson (1743-1826), Theodore Roosevelt (1858-1919) og Abraham Lincoln (1809-1865), var ætlað að endurspegla 150 ára sögu Bandaríkjanna. Hvert andlit er um átján metra hátt. Verkið nær í heild yfir 5,17 ferkílómetra og er 1.745 metra yfir sjávarmáli. Hafist var handa við það árið 1927 og tók því fjórtán ár að ljúka því. Eitthvað var um slys en enginn lést.

Fjallið er umdeilt, ekki síst meðal indíána þar sem Bandaríkin tóku landið af Lakota-ættflokknum eftir Sioux-stríðið 1876-77. Lakota-ættflokkurinn taldi fjallið heilagt. Upphaflega hét það Lakota Sioux eða sex forfeður. Það var endurnefnt árið 1885.

Eitt af upphaflegum markmiðum með höggmyndinni var að auka ferðamennsku í Black Hills-fjallgarðinum. Það hefur tekist enda koma um tvær milljónir manna árlega til að virða undrið fyrir sér.

**VEÐURSTOFA ÍSLANDS:** STENDUR AÐ JARÐSKJÁLFTARÁÐSTEFNU Í DAG

# Framtíðardraumurinn að geta spáð fyrir um jarðskjálfta

„Ráðstefnan er helguð minningu starfsfélaga okkar, Sigurðar Th. Rögnvaldssonar jarðeðlisfræðings, sem lést í bílslysi fyrir tíu árum,“ segir Steinunn S. Jakobsdóttir, verkefnisstjóri jarðváreftirlits Veðurstofu Íslands sem heldur utan um alþjóðlega jarðskjálftaráðstefnu sem haldin er í dag. Sigurður var mjög virkur í jarðskjálftarannsóknum á Íslandi en á ráðstefnunni í dag verður sjónum beint sérstaklega að jarðskjálftaspárannsóknum.

Árið 2009 markar tímamót í jarðskjálftarannsóknum. „Í ár eru liðin hundrað ár frá því fyrsti jarðskjálftamælirinn var settur upp á Íslandi. Þá eru þrjátíu ár síðan þenslumælingar hófust á landinu, auk þess sem net samfelldra GPS-mælinga á Íslandi er tíu ára,“ segir Steinunn og bætir við að auk þess séu tuttugu ár síðan fyrsta stöðin var sett upp í sjálfvirka jarðskjálftakerfinu, sem kallast SIL.

Á ráðstefnunni verða yfirlitsfyrirlestrar um jarðskjálftafræði og þróun jarðskjálftaspárrannsókna. „Við byrjum daginn snemma enda verður þetta langur dagur. Fimmtán fyrirlestrar, innlendir og erlendir, verða fluttir og í hléum verður skoðaður fjöldi veggspjalda sem sett hafa verið upp,“ segir Steinunn og bætir við að margir þeirra sem komi að ráðstefnunni hafi unnið með Sigurði á sínum tíma.

En hvað er að gerast í jarðskjálftarannsóknum í dag? „Markmiðið er að skilja eðlisfræðina að baki jarðskjálftum og þau ferli sem leiða til stærri jarðskjálfta. Við vinnum einnig að því að koma þessari þekkingu inn í hugbúnað sem mun hjálpa okkur að fylgjast með jörðinni. Þannig getum við metið aðstæður og gert okkur grein fyrir því hvað er um að vera,“ segir Steinunn.

Innt eftir því hvernig hún sjái greinina fyrir sér í framtíðinni svarar Steinunn: „Eitt af framtíðarmarkmiðunum er að geta spáð fyrir um jarðskjálfta en það getum við almennt ekki í dag.“ Hún tekur þó fram að í einstaka tilfellum hafi verið hægt að segja til um jarðskjálfta og nefnir seinni Suðurlandsskjálftann árið 2000 sem dæmi.

„Við vonumst til að verða sífellt betri í spám með því að skilja ferlana,“ segir Steinunn. Hún telur það ekki fjarlægan draum enda megi draga lærdóm af veðurfræðinni. „Fyrir tuttugu árum voru veðurspár ekki mjög nákvæmar en þær eru mun betri í dag. Með því að vinna ötullega að því að skilja ferlana og eftir því sem tölvurnar verða betri aukast líkurnar á því að við getum sagt fyrir um skjálfta.“

Ráðstefnan sem Veðurstofa Íslands heldur í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík, Íslenskar orkurannsóknir, Uppsalaháskóla og fleiri er haldin í Víðgelmi í Orkugarði að Grensásvegi 9 í dag frá klukkan 8.30 til 18. Hún er öllum opin en þátttökugjald er 5.000 krónur. Nánari dagskrá má nálgast á vef Veðurstofunnar www.vedur.is

**solveig@frettabladid.is**

**VERKEFNISSTJÓRI JARÐVÁREFTIRLITS** Steinunn S. Stefánsdóttir jarðeðlisfræðingur setur í dag jarðskjálftaráðstefnu í Víðgelmi í Orkugarði á Grensásvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

†

*Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Halldóru Sigurlaugar Jónsdóttur**

Hverfisgötu 31, Siglufirði.

Þökkum starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar fyrir einstaka umönnun og vinum og vandamönnum fyrir trygga vináttu.

**Jóhannes Þórðarson**
**Soffía Guðbjörg Jóhannesdóttir** **Ólafur Kristinn Ólafs**
**Ólafía Margrét Guðmundsdóttir**
**Halldóra Sigurlaug Ólafs, Magnea Jónína Ólafs, Jóhannes Már Jónsson, Kjartan Orri Jónsson, Margrét Finney Jónsdóttir og Eydís Ósk.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

## 75 ára afmælí

**Jónína Stella Kristinsdóttir**

Stella tekur á móti gestum laugardaginn 31. 10. í Sjálfsbjargarhúsinu Hátúni 12 milli klukkan 15 og 16.

**Fyrirtækið verður LOKAÐ föstudaginn 30. október vegna útfarar okkar elskulegu**

**Ólafíu Ásbjarnardóttur (Lollýjar)**

Ásbjörn

**Ásbjörn Ólafsson ehf.**

Köllunarklettsvegi 6 104 Reykjavík S:4141100

skemmtilegri

## MÁNUDAGAR
GLEE
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
BIG LOVE

## ÞRIÐJUDAGAR
TWO & A HALF MEN
THE BIG BANG THEORY
CHUCK
BURN NOTICE

## MIÐVIKUDAGAR
GOSSIP GIRL
GREY'S ANATOMY
MEDIUM
TRUE BLOOD

## FIMMTUDAGAR
ELDSNÖGGT MEÐ JÓA FEL
NCIS
FRINGE

## FÖSTUDAGAR
AUDDI OG SVEPPI
LOGI Í BEINNI
LOVE GURU
MYSTERY MAN

## LAUGADAGAR
FJÖLSKYLDUBÍÓ
MADE OF HONOR
WORLD TRADE CENTER
NEXT

## SUNNUDAGAR
SJÁLFSTÆTT FÓLK
FANGAVAKTIN
MENTALIST
NUMBERS
MAD MEN

SJÁÐU RESTINA AF FANGAVAKTINNI, JÓLADAGSKRÁ STÖÐVAR 2 OG WIPEOUT
Á ADEINS 6.490 KR.
Á MÁNUÐI Í 3 MÁNUÐI FYRIR KREDITKORTHAFA VISA
VISA

# ÓGLEYMANLEG NÓVEMBERKVÖLD

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

BYLGJAN
Í FYRSTA
SÆTI

BYLGJAN ÞAKKAR
HLUSTENDUM
SAMFYLGDINA
Á HVERJUM DEGI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009.
Í viku 40 var hlustun á Bylgjuna, Létt Bylgjuna og Gull Bylgjuna 52%.
Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 967
GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadótti

# Til minningar

Í augum sumra virðist brotthvarf McDonalds jafnast á við brotthvarf bandaríska hersins á sínum tíma, og líkt og þá fagna sumir á meðan aðrir syrgja. Ég veit ekki hversu margir Facebook-hópar hafa verið stofnaðir þar sem fólk harmar brotthvarfið, fagnar því eða er alveg sama. Allir eru hóparnir jafn pirrandi. Það er hins vegar alveg rétt að brotthvarf skyndibitarisans er merkilegt, og margir af stærri fjölmiðlum heimsins hafa veitt því athygli af þeim sökum. Ef við leggjum allar pælingar, jákvæðar eða neikvæðar, um alþjóðavæðingu og kapítalisma til hliðar þá stendur það eftir í mínum huga að McDonalds er subbulega góður matur.

Áður en staðurinn opnaði hér á landi var það fastur liður í utanlandsferðum að fá að fara á McDonalds. Í minningunni voru staðirnir mikið ævintýraland, með leiktækjum og gefins blöðrum og öðru gúmmelaði, fyrir utan matinn. Þó að þetta þyki ekki merkilegt í dag var það stórbrotið á þeim tíma. Og tilhlökkunin var eftir því þegar staðurinn opnaði á Íslandi. Sjö ára gömul fékk ég að vaka lengur kvöldið sem fyrsti borgarinn var borðaður. Pabbi minn var nefnilega á meðal þeirra sem þangað var boðið, og hann hafði lofað að koma með sjeik heim handa spenntum börnunum. Með þessum hætti tengi ég McDonalds við ærsku mína, en síðan þetta gerðist fyrir sextán árum hef ég í ófá skipti farið þangað þó að minningarnar séu ekki alveg eins sterkar.

Sextán árum eftir opnunina verður McDonalds aftur að mat sem aðeins borðast í útlöndum, og utanlandsferðirnar jafn fátíðar og sérstakar og þær voru þá.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# AUÐAR SAGA DJÚPÚÐGU




**Hún var dóttir Ketils flatnefs og eiginkona Ólafs hvíta Dyflinnar-konungs en fyrst og fremst sjálfstæð og heillandi persóna.**

**Átakamikil uppvaxtarsaga eins þekktasta landnema Íslands.**

**Vilborg Davíðsdóttir er kunn fyrir vandaðar sögulegar skáldsögur. *Hrafninn* var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.**

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING 2005

„Vilborg Davíðsdóttir hefur ekki kastað til höndunum í sagnfræðilegri og landfræðilegri rannsóknarvinnu, og fyrir vikið er *Hrafninn* jarðbundin og vitsmunaleg saga, blönduð hóflegri spennu og fantasíu.“

*Hjalti Snær Ægisson / Víðsjá, RÚV*

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

**kl. 20.**
*Opnunarhátíð á Sequences 2009 og svo taka Taðskegglingar við með gjörning Magnúsar Pálssonar, heiðurslistamanns Sequences 2009. Með honum kemur fram Nýlókórinn undir stjórn Péturs Zars Bragasonar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Boðið til gítarveislu í Kópavogi

Það er í þriðja sinn um aðra helgi, eftir rétta viku, sem Björn Thoroddsen stórgítarleikari kallar á sína sveit, nokkra af bestu og reyndustu gítarleikurum landsins, bæði af elstu kynslóðinni, miðaldra mönnum og þeim yngri, í mikla strengjaorgíu.

Fyrst var veislan hluti af Jazzhátíð Kópavogs en nú er fagnaðarfundur þessi búinn að öðlast sjálfstætt líf. Á tónleikunum munu landsins fingrafimustu gítarhetjur flytja lög sem þær eru hvað þekktastar fyrir; hver og einn gítarleikari mun skarta sinni uppáhaldsskrautfjöður. Þetta er sögulegur og einstakur viðburður þar sem þessi hópur hefur aldrei áður komið saman.

Tryggvi Hübner, Villi Guðjóns, Óli Gaukur, Steini í Eik, Dóri Braga, Jón Páll, Sigurgeir Sigmunds, Sævar Árna, Gúi Ringsted, Eddi Lár, Hjörtur Steinars, Guitar Islancio, Þórður Árna og hljómsveit mæta og þar er enginn loftgítar þaninn. Samhliða verður sett upp gítarsýning í Tónlistarsafni Íslands í Kópavogi. Herlegheitin verða hinn 6. nóvember kl. 21. Miðasala er hafin í Salnum.

**- pbb**

**TÓNLIST** Björn Thoroddsen kallar til nokkra snjöllustu gítarleikara landsins, þeirra á meðal Jón Pál og Ólaf Gauk. FRÉTTABLAÐIÐ/

### > Ekki missa af

Fúlum á móti en sýningum er nú að fækka. Edda, Björk og Helga Braga verða í Loftkastalanum í kvöld og annað kvöld.

# Fröst mætir Víkingi

Í gærkvöldi heillaði staðarhljómlistarmaður Sinfóníunnar gesti í Háskólabíói upp úr skónum og á morgun leikur hann með Víkingi Heiðari í Salnum. Hver er maðurinn? Martin Fröst og hann leikur á klarínett. Víkingur fer ekki í grafgötur með hrifningu sína, segist fyrst hafa séð til hans í frábærum skotum á Youtube og þá nælt sér í allt sem hann gat fundið með þessum virtúós: „Hann er einn þeirra listamanna sem stækka rammann. Hann hefur í rauninni endurskilgreint hljóðfærið og nær úr því tónum sem við þekktum ekki. Hann er óhræddur við að fara nýjar leiðir og hefur unnið mikið með elektróník og í margmiðlun, með leikurum og dönsurum.“

Martin hefur fyrir löngu skipað sér í hóp fremstu tónlistarmanna Norðurlanda. Hann sigraði í Tvíæringi ungra norrænna hljóðfæraleikara árið 1991 og skaust upp á stjörnuhimininn í kjölfarið. Fröst hefur meðal annars komið fram á Proms-tónlistarhátíðinni í Lundúnum með Gustavo Dudamel og mun brátt leika einleik með Fílharmóníuhljómsveitinni í New York í Lincoln Center.

Martin Fröst er staðarlistamaður SÍ starfsárið 2009-2010 og mun hann hafa í nógu að snúast næstu daga. Auk þess að leika klarínettukonsert Mozarts á tónleikum SÍ leikur hann á framhaldsskólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrir nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð, heldur meistaranámskeið fyrir klarínettunemendur á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík og Klarínettuleikarafélags Íslands, og heldur tónleika í Salnum ásamt Víkingi.

„Það eru auðvitað ekki margir klarínettuleikarar sem ná að lifa af því að vera sólóistar en jafnvel í þeim fámenna hópi finnst mér Martin standa upp úr. Hann er sú týpa af listamanni sem flokkast helst sem landkönnuður, gerir sífellt óvænta hluti og nær tónum út úr hljóðfærinu sem mig hefði ekki órað fyrir að leyndust í klarínettu. Ég hef vitað af honum lengi en heyrði fyrst í honum á upptökum fyrir ári og missti eiginlega bara andlitið – hann er svo áræðinn, skemmtilega villtur en jafnframt svo framúrskarandi fágaður og næmur.“ Gátu þeir eitthvað æft? „Við töluðum eiginlega bara saman í tónum,“ segir Víkingur og er í skýjunum. Þeir sem mæta í Salinn kl. 17 á laugardag eiga von á spennandi stefnumóti tveggja afburðahljóðfæraleikara.

**pbb@frettabladid.is**

**TÓNLIST** Þegar Martin Fröst spilar leggja vanir menn við hlustir. MYND-SALURINN

**LEIKLSIT** Átakaatriði úr Fjölskyldunni: Hvað misbýður kvenleggnum í fjölskyldunni svo? Margrét Helga, Nína Dögg, Jóhanna Vigdís og Ellert. MYND/GRÍMUR/LR

# FJÖLSKYLDAN FRUMSÝND Í KVÖLD

**Í kvöld frumsýnir Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi nýlegt bandarískt leikverk, Ágúst í Osagessýslu eftir Tracy Letts, sem í sviðsetningu Hilmis Snæs Guðnasonar er kallað Fjölskyldan.**

Letts fetar í verkinu í spor eldri bandarískra höfunda og gerir stórfjölskylduna að yrkisefni rétt eins og Miller, Shepard og fleiri öndvegishöfundar vestanhafs gerðu á liðinni öld. Leikritið er fjölskyldusaga Weston-fjölskyldunnar, sem kemur saman þegar faðirinn hverfur. Þegar afkomendur og makar koma saman kynnumst við hinu flókna fyrirbæri fjölskyldunni á okkar tímum. Verkið er sett upp í húsi á þremur hæðum og vísar þannig beint í verk á borð við Sölumaður deyr eftir Miller. Börkur Jónsson gerir leikmynd. Þrettán leikarar taka þátt í verkinu. Tónlistarmaðurinn KK hefur samið tónlist við verkið en hann starfaði síðast hjá LR í Þrúgum reiðinnar. Tracy Letts (1965) settist á fremsta bekk bandarískra leikskálda með verkinu. Fjölskyldan hlaut þrenn eftirsóttustu leiklistarverðlaun Bandaríkjamanna: Drama Desk, Pulitzer og loks Tony-verðlaunin sem besta leikrit ársins 2008. Þýðandi er Sigurður Hróarsson, búninga gerir Margrét Einarsdóttir og lýsing er í höndum Björns Bergsteins Guðmundssonar. Leikarar í sýningunni eru Sigrún Edda Björnsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Pétur Einarsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Nína Dögg Filippusdóttir, Hanna María Karlsdóttir, Theodór Júlíusson, Hallgrímur Ólafsson, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Guðrún Bjarnadóttir, Ellert A. Ingimundarson og Rúnar Freyr Gíslason.

**pbb@frettabladid.is**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Dýrmæt bókmenntaperla

Í *Ummyndunum* endursegir skáldið Óvíd af stakri andagift fjölmargar goðsagnir Rómverja og Grikkja.

Nú er þetta meistaraverk heimsbókmenntanna fáanlegt í öndvegisþýðingu Kristjáns Árnasonar.

Sannkallaður brunnur skáldskapar og goðsagna, ómissandi fyrir alla unnendur bókmennta og lista.






**Einstaklega vönduð útgáfa prýdd myndum frá 18. öld**

# Mikilvæg og merk ævisaga

Bókmenntir ★★★★★

**Jón Leifs - líf í tónum**

Ævisaga eftir Árna Heimi Ingólfsson

**Mál og menning**

**BÓKMENNTIR** Árni Heimir hefur skilað afbragðsverki um merkilegt líf Jóns Leifs og hans örlagaríku tíma.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ




**TÓNLIST** Jón Leifs var brautryðjandi í tónsköpun á Íslandi og átti erindi við allan heiminn: nokkur verka hans eru enn óflutt og hafa ekki verið hljóðrituð.

Var nauðsynlegt að taka saman nýja ævisögu Jón Leifs? Það eru tíu ár síðan sænsk ævisaga kom hér út í íslenskri þýðingu. Samanburður á henni og nýrri ævisögu eftir Árna Heimi leiðir í ljós að sú sænska er vanbúið verk, meðan Árni Heimir er að skila ákaflega vönduðu verki, ítarlegra yfirliti með miklum samtímalegum heimildum, ítarlegum greiningum á helstu verkum Jóns sem eru settar fram á mannamáli og hljóta að opna öllum sem forvitnir eru að kynnast þessum merka íslenska tónsmið nýja gátt að verkum hans. Og þannig er ævisagan eftir Árna tímamótaverk.

Höfundurinn er ekkert að draga fjöður yfir þá stóru bresti sem voru í framagirni og metnaði Jóns. Hann klæddi óbilandi sjálfskröfu sína í undarlegt stórlæti fyrir hönd íslensku þjóðarinnar, einhverja mikilmennskubilun sem fylgdi okkur lengstaf síðustu öld og inn í þessa. Ímyndarnefndin sem Halldór Ásgrímsson skipaði og það sögulega plagg sem frá henni kom hlýtur að verðskulda sérstakan kafla þegar einhver tekur sig til og skilgreinir þetta mikillæti okkar smáu þjóðar, þar verður líka vænn kafli um Jón.

Ekki það að sú stóra hugmynd um mikilfengleik íslensku þjóðarinnar og mikilvægi norrænnar menningar sem hér var varðveitt hafi ekki orðið okkur að gagni: stórar hugmyndir Jóns fleyttu okkur fram í ýmsum efnum. Og þá er ekki það tekið til sem er þó mest: Jón er gríðarlega mikilvægur stólpi í tónbókmenntum Vesturlanda og verður það áfram.

Árni rekur samt hvað sá árangur kostaði hann og alla sem næst honum stóðu. Verkið er þannig öðrum þræði harmleikur og Árni er ekkert að skafa af mikilvægum niðurstöðum þó hann dæmi Jón af mikilli kurteisi og oft ríkulegum skilningi. Hann hefur í áralangri vinnu sinni með gögn um ævi Jóns lært að meta bæði kosti tónskáldsins og galla. En fórnirnar sem Jón verður að færa eru stórar. Örlög barna hans eru hörmuleg. Þær fórnir verða síðan hvati, krafa um sköpun sem við getum greint í verkum hans í dag.

Allur frágangur við verkið er til fyrirmyndar, heimildaskrár, athugasemdir við tilvitnanir, verkaskrá, nafnaskrá: það var helst að ég saknaði hljóðritaskrár. Bókin er vel myndskreytt þótt hugmyndir um veldi tengdafólks Jóns verði mun skýrari af mynd í sænsku ævisögunni sem sýnir verksmiðju fjölskyldu Annie, fyrstu eiginkonu hans.

Árni getur verið afar ánægður með sitt verk sem hlýtur að teljast eitt það merkilegasta sem komið er út á þessu ári og verður um langan aldur lykilverk um ævi þessa merkilega en breyska manns.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Ítarleg og vönduð ævisaga um jöfur í íslenskri tónsköpun.

# Kóramót á Selfossi

Á morgun koma sunnlenskir karlakórar saman í Íþróttahúsi Sólvallaskóla á Selfossi og halda samsöng og syngja einnig hver fyrir sig. Þetta eru Karlakór Selfoss, Karlakór Rangæinga og Karlakór Hreppamanna. Til stóð að Jöklar frá Höfn legðu í púkkið en þeir áttu ekki heimangengt. Verkefnaskráin er fjölbreytileg en öll lögin sem flutt verða eru eftir sunnlenska höfunda. Stjórnendur eru þau Edit Molnar sem stjórnar Hreppamönnum, Guðjón Halldór Óskarsson þeim Rangæingum og Loftur Erlingsson Selfyssingum. Með leika Miklos Dalmay, Stefán Þórhallsson, Hedi Maroti og Jörg Sonderman.

Dagskráin hefst kl. 16.

**KARLAKÓR SELFOSS** Tekur á móti gestum.


Ritþing Gerðubergs

Verið velkomin
á Ritþing með
Kristínu Marju
Baldursdóttur
laugardaginn 31. október kl. 13.30-16.00
Mætið tímanlega til að tryggja ykkur sæti!

Stjórnandi: Halldór Guðmundsson
Spyrlar: Ármann Jakobsson og Þórhildur Þorleifsdóttir

Tónlistaratriði: Bryndís Halla Gylfadóttir, sellóleikari og Steinunn Birna Ragnarsdóttir, píanóleikari
Upplestur úr verkum Kristínar: Silja Aðalsteinsdóttir

Að Ritþingi loknu, kl. 16 opnar sýningin:
Óreiðan söguheimur Karitasar
Sýningarstjóri: Þórunn Elísabet Sveinsdóttir

Boðið verður upp á léttar veitingar og Tríó Leifs Gunnarssonar leikur fyrir gesti

Nánari upplýsingar um dagskrána á www.gerduberg.is
Menningarmiðstöðin Gerðuberg • Gerðubergi 3-5
111 Reykjavík • Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is



Er skrímsli í klósettinu?

Kári litli er bara hræddur við eitt:
KLÓSETTSKRÍMSLIÐ!
Bráðsniðug saga fyrir alla krakka
sem þurfa stundum að fara á klósettið.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



Aftur vegna fjölda áskoranna verður
Áhöfnin á Halastjörnunni
Gylfi Ægisson, Hemmi Gunn og Ari Jónsson
ásamt ARIZONA - um helgina.
30. og 31. október.

Meira fjör og fíflagangur finnst ekki

Vorum að fá mikið
úrval af nýjum vörur



Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

Dömuverzlun simi 5526066, Herraverzlun simi 551 6811

www.andersenlauth.com

## > VILL EKKI GIFTAST

Söngkonan Shakira segist aldrei ætla að gifta sig, því hún myndi ekki þola það að fjölmiðlar færu að velta sér upp úr skilnaðinum ef hjónabandið entist ekki. Shakira hefur verið á föstu í níu ár og ætlar að fjölga mannkyninu á næstunni – en hjónaband kemur ekki til greina.

fólk

folk@frettabladid.is

# Bubbi Morthens í Eurovision

„Við ákváðum þetta í fyrradag: Ég og Bubbi Morthens ætlum að semja saman lag og texta í Eurovision-forkeppnina," segir Óskar Páll Sveinsson, höfundur „Is It True" sem Jóhanna Guðrún söng í annað sæti Eurovision í maí. Óskari var einum boðið að semja lag og fer það sjálfkrafa í forkeppnina með fjórtán lögum sem nú hafa verið valin úr 150 innsendum lögum.

„Við erum ekkert farnir að spá mikið í þetta. Ætlum bara að velja flytjanda fyrst og semja svo lag og texta með hann í huga. Bubbi ætlar ekki að syngja þetta sjálfur, hann er alveg ákveðinn í því."

Bubbi hefur hingað til ekki verið þekktur fyrir Eurovision-aðdáun sína. Þvert á móti: Hann hefur verið algjörlega á móti keppninni og fullyrti meðal annars í einum forvalsþættinum 2007 að hann myndi aldrei taka þátt í keppninni. Óskar Páll segir að gamli hafi snúist í vor. „Hann hringdi í mig daglega til að fá fréttir og sýna stuðning. Svo hélt hann Eurovision-partí þegar við lentum í öðru sæti í Rússlandi og gerðist einlægur aðdáandi keppninnar í kjölfarið."

Lögin fjórtán sem etja kappi við lag Bubba og Óskars Páls eru eftir Albert Guðmann Jónsson, Birgi Jóhann Birgisson, Bryndísi Sunnu Valdimarsdóttur og Daða Georgsson, Grétar Sigurbergsson, Halldór Guðjónsson, Harald G. Ásmundsson, Harald V. Sveinbjörnsson, Heru Björk Þórhallsdóttur og Örlyg Smára, Jóhannes Kára Kristinsson, Matthías Stefánsson, Rögnvald Rögnvaldsson, Sigurjón Brink og Steinarr Loga Nesheim.

Forkeppnin hefst 9. janúar og það kemur í ljós 6. febrúar hvaða lag keppir fyrir Íslands hönd í Noregi í maí á næsta ári. - drg

**NÁGRANNAR VIÐ MEÐALFELLSVATNIÐ** Óskar Páll og Eurovision-aðdáandinn Bubbi Morthens semja saman Eurovisionlag í keppnina á næsta ári.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 30. október 2009**

### Tónleikar

**12.15** **Margrét Árnadóttir** sellóleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari flytja verk eftir Mendelssohn og Beethoven á tónleikum í Gerðubergi . Enginn aðgangseyrir.

**22.00** Hljómsveitin The Viking Giant Show verður með tónleika á **Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.**

**22.30** Hljómsveitirnar **Nögl, Missing, Two Tickets To Japan og Dynamo Fog** verða á Sódómu Reykjavík.

### Sýningar

**Handverk og hönnun** stendur fyrir sýningu/kynningu á íslensku handverki, listiðnaði og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur. Opið fös. kl. 10-19, lau. og sun. kl. 12-18 og mán. kl. 10-19. Enginn aðgangseyrir.

### Gjörningar

Listasafn Reykjavíkur og Gjörningalistahátíðin **Sequences** standa fyrir dagskrá í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 30. okt.-7. nóv.

**20.00** **Opnunarmóttaka**

**20.30** Magnús Pálsson og Nýlókórinn flytja gjörninginn **Taðskegglingar.**

### Leikrit

**20.00** Víðir Guðmundsson flytur verkið „Brúðarræninginn" (21 manns saknað) í Landnámssetrinu við Brákarbraut í Borgarnesi.

**20.00** í Hafnarfjarðarleikhúsinu við Strandgötu verður sýnt verkið **„Fyrir framan annað fólk"** eftir Kristján Þórð Hrafnsson.

**20.00** Leikfélag Ölfuss sýnir gamanleikritið **„Maður í mislitum sokkum"** eftir Arnmund Backman. Sýningin fer fram í Versölum í Þorlákshöfn.

### Opnanir

**18.00** Í **Lost Horse** galleríi við Vitastíg 9a, verður opnuð sýning Anitu Wernstrom, Line Ellegaard, Malin Stahl, Pernille Leggat Ramfelt og Sofiu Dahlgren.

### Dansleikir

**Siggi Hlö og Valli Sport** verða á Spot við Bæjarlind í Kópavogi.

**Sixties** verða á Players í Kópavogi. Júlladisko spilar frá kl. 22.

**REMBINGSKOSS** Haukur Holm smellti rembingskossi á Sigga storm í útgáfuhófinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# FAGNAÐARFUNDIR Í ÚTGÁFUHÓFI

**Útgáfuhóf var haldið í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi til að fagna nýrri bók veðurfræðingsins Sigurðar Þ. Ragnarssonar og eiginkonu hans Hólmfríðar Þórisdóttur.**

Pétur Már Ólafsson og Bjarni Þorsteinsson hjá Veröld sem gefur Íslandsveður út.

Siggi ásamt eiginkonu sinni Hólmfríði Þórisdóttur sem vann bókina með honum.

Lilja Hrönn og Helga Guðrún, systurdætur Hólmfríðar Þórisdóttur, mættu í hófið.

Á meðal gesta var fyrrverandi samstarfsmaður Sigurðar hjá Stöð 2, fréttamaðurinn Haukur Holm, en báðum var þeim vikið úr starfi á dögunum. Einnig mætti í hófið Sævar Jóhannesson sem var sömuleiðis rekinn úr starfi yfirmanns grafíkdeildar hjá Stöð 2. „Þetta voru miklir fagnaðarfundir," segir Siggi. „Þetta var eins og fjölskyldan væri að hittast enda erum við búnir að vinna saman lengi."

Haukur notaði tækifærið og smellti vænum kossi á Sigga, sem hafði gaman af.

„Það var rembingskoss þegar við hittumst og af stærstu gerð en hann var þurr hins vegar," segir Siggi og hlær. Hann segist vera í skýjunum þessa dagana, enda hafa viðtökurnar við bókinni verið mjög góðar. „Ég get ekki annað en brosað framan í veröldina. Þetta er óvenjuleg bók og það þarf svolitla stund til að átta sig á henni. Ég er að reyna að auka læsi fólks á veður og kenna því að gera veðurathuganir án þess að hafa mikið af tækjum og tólum. Þarna er veður- og náttúruannáll og líka veðurdagbók. Þar treysti ég á að eldri kynslóðin kenni þeim sem eru yngri." freyr@frettabladid.is

# Bjóst við meiri sölu

Söngvarinn Bono segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með viðbrögðin við nýjustu plötu U2, No Line on the Horizon. Platan hefur selst í um 1,3 milljónum eintaka síðan hún kom út í mars, sem er lélegasti árangur U2-plötu í rúman áratug. Síðasta plata, How to Dismantle an Atomic Bomb, hefur selst í 3,2 milljónum eintaka og All That You Can't Leave Behind í 4,3 milljónum. Bono segir að ekki hafi verið lögð áhersla á að semja grípandi popplög fyrir plötuna. „Okkur fannst plötuformið eiginlega vera að deyja út. Við vildum leggja áherslu á heildina og skapa flott andrúmsloft með byrjun, miðju og endi. Kannski er of erfitt fyrir fólk að melta þetta sem hefur alist upp við eintómar poppstjörnur." Tónleikar U2 í Kaliforníu á sunnudagskvöld sem voru sendir út beint á Youtube-vefnum heppnuðust mjög vel. Sveitin hefur tilkynnt nýja tónleikaferð um Norður-Ameríku sem hefst í júní þar sem spilað verður í Miami, Toronto, New York og víðar.

**BONO** Nýjasta plata U2 hefur aðeins selst í 1,3 milljónum eintaka.

PIPAR • SÍA

UM HELGINA
30.10.09 - föstudagskvöld
SIGGI HLÖ OG VALLI SPORT
31.10.09 - laugardagskvöld
VINIR VORS OG BLÓMA

KYNNINGARTILBOÐ
Lambaréttur og desert
kr. 3.100
Fiskréttur og desert
kr. 2.600
BORÐAPANTANIR S: 544 4040

SPOT
BAR - BISTRO
BÆJARLIND - KÓPAVOGI
www.spot.is

Nú er rétti tíminn til að gera góð kaup!
Rýmum til fyrir jólavörunum í öllum deildum!
30%-40%
afsláttur af völdum vörum helgina
30. okt -1. nóv
next
Bráðum koma blessuð jólin!
Kringlunni · 551 3200

Tónlist ★★★

**Swordplay & Guitarslay**

Retrön

## Metalkanar 1983

Reykjavíkurtríóið Retrön hefur starfað síðan 2004 og þetta er fyrsta platan. Hljómsveitin hefur legið yfir henni og látið hana malla. Bandið er þétt og kraftmikið og spilar dýflissumetal sem stundum rennur út í átta-bita tölvuleikjahljóð. Hið frábæra umslag og nöfn laganna (dæmi: „Toll of forgotten temples“) bera þess merki að meðlimirnir hafa annaðhvort gaman af hlutverkaleikjum, eða þykir gaman að gera grín að þeim.

Þetta eru Íslendingar að þykjast vera Kanar sirka 1983 að spila metal úti í bílskúr og leika sér í tölvuleikjum í pásum. Þungarokki og tölvuhljóðum er þó að mestu haldið aðskildum, en sterkara og sérkennilegra samblandi hefði mátt ná með því að mixa þessu stífar saman.

Sveitin trukkast í gegnum sex ósungin lög af öryggi og festu og fer ekki að syngja fyrr en í lagi númer sjö, „Slow me“. Það er flottasta lagið og minnir á Dinosaur Jr. í gruggviðleitni sinni. Einnig er sungið í næsta lagi, „Helgrindur“, en svo er trukkast í mark í tveimur lögum enn.

Á köflum er þessi plata frábær, á öðrum köflum þreytandi hjakk, en allt í allt sýnir hún þétt band að gera það sem það fílar. Útkoman yrði eflaust geðveik ef þessir fagmenn myndu reyna að búa til tónlist sem skildi meira eftir sig, sterkari melódíur og skarpari riff. Kemur það ekki bara næst? **Dr. Gunni**

**Niðurstaða:** Kraftmikil plata sem skilur lítið eftir sig.

# Hafði ekki tíma til að sukka

**Ævisaga Vilhjálms Vilhjálmssonar söngvara eftir Jón Ólafsson kemur út um miðjan nóvember. Jón kann vel við sig í þessu hlutverki.**

„Ég get alveg hugsað mér að skrifa meira í nánustu framtíð. En það verður að vera eitthvað sem heillar mig. Ég er þó ekkert farinn að spá í framhaldið. Mér fannst þetta verkefni eiga vel við mig. Það er gaman að hitta fólk og spjalla,“ segir Jón Ólafsson, sem hefur skrifað ævisögu Vilhjálms Vilhjálmssonar, Söknuður. „En svo á auðvitað alveg eftir að koma í ljós hversu góður penni ég er. Ég hef búið mig andlega undir að verða slátrað af gagnrýnendum frá því ég byrjaði að skrifa bókina.“

Von er á ævisögunni um miðjan nóvember. Jón segist ekki hafa verið forfallinn aðdáandi Vilhjálms þegar ævisagnaritunin hófst. „Ég var samt hrifinn af mörgu, eins og Hana nú-plötunni til dæmis, en ég er orðinn mun meiri aðdáandi núna eftir bókaskrifin. Ég vissi takmarkað um hann í byrjun, enda er lítið til af rituðum heimildum, viðtölum og slíku. Svo bjó hann í Lúxemborg í fimm ár. Ævisagan er byggð upp á samtölum við fólk sem hann umgekkst. Mér telst til ég hafi talað við á þriðja hundruð manns. Flesta hitti ég augliti til auglitis en aðra stóð ég í bréfaskriftum við.“

Sú mynd af Vilhjálmi sem Jón hefur er að hann hafi verið „magnaður náungi sem lét sér fátt óviðkomandi“. „Það eru margar frábærar sögur í bókinni og hann átti mjög viðburðaríka ævi. Bókin er hátt í 300 blaðsíður þótt Vilhjálmur hafi ekki orðið nema 32 ára. Hann var mjög leitandi og forvitinn um flest. Hann var líka gömul sál.“

**GAMAN AÐ HITTA FÓLK OG KJAFTA VIÐ ÞAÐ** Jón Ólafsson segist hafa verið kominn með „duglegan vísi að alskeggi“ þegar hann skrifaði ævisöguna um Vilhjálm.

Margt athyglisvert kemur fram um söngvarann, meðal annars að hann var ákafur lesandi vísindaskáldsagna, var með próf í dáleiðslu, lagði stund á rússnesku og svahílí og tók virkan þátt í alþjóðlegri réttindabaráttu flugmanna. Jón grefur meira að segja upp „nýtt“ lag með Vilhjálmi, „Everybody‘s talking“ úr Midnight cowboy sungið á íslensku, lag sem kom út á hljómplötu Söngflokks Eiríks Árna árið 1976. „Maggi Kjartans stjórnaði upptökum á plötunni og fékk Vilhjálm til að koma í hljóðverið og syngja einsöng í laginu. En Vilhjálmur vildi einhverra hluta vegna ekki að nafn sitt kæmi fram á plötunni.“

Jón segir Vilhjálm ekki hafa verið óreglumann og því sé lítið um sukksögur í bókinni. „En hann var auðvitað í þessum músikbransa og flugmaður þar að auki, svo það hefur örugglega oft verið til bjór í ísskápnum hjá honum. Hann kom ótrúlega miklu í verk á skammri ævi auk þess að vera sífellt í háloftunum. Tími til sukks var því af skornum skammti. En hann var svo sem enginn Jesús Kristur,“ segir höfundurinn. **drgunni@frettabladid.is**

## Kyssir aðeins kærastann

**Breska X-Factor stjarnan Leona Lewis neitaði Chace Crawford, úr þáttunum Gossip Girl, um koss í nýju tónlistarmyndbandi sínu. Lewis segist ekki vilja kyssa aðra karlmenn af tillitssemi við kærasta sinn, Lou Al-Chamaa. „Leikstjórinn vildi kossasenu í myndbandinu en ég þvertók fyrir það. Það hefði einfaldlega orðið of vandræðalegt því við erum vinir. Hann er mjög myndarlegur, lítið bara á hann! En ég hef engan áhuga á honum þannig. Og það væri ekki réttlátt gagnvart Lou ef ég væri að kyssa aðra karlmenn,“ sagði söngkonan.**

**Myndbandið sem um ræðir er fyrir smáskífulagið I Will Be af nýrri plötu söngkonunnar.**

**KYNÞOKKAFULL** Megan Fox segir kynþokka vera lykilinn að velgengni.

## Kynþokki er lykillinn

**Samkvæmt tímaritinu Skymag finnst leikkonunni Megan Fox ekkert að því að nota vöxt sinn sér til framdráttar. „Ég hef alltaf hlegið að leikkonum sem kvarta undan því að þurfa að spila með kynþokka sinn fyrst á meðan þær eru að reyna að skapa sér nafn. Hvern eru þær að reyna að blekkja? Kynþokki er lykillinn að því að fá fjölmiðlaathygli og geta í kjölfarið valið betri hlutverk næst,“ sagði kynbomban, sem hefur svo sannarlega nýtt kynþokka sinn til að verða sér úti um athygli.**

# Náttfatadagar

# 20% afsláttur

af náttfötum, sloppum og inniskóm í öllum deildum

Presence hlýrabolir
Tveir í pakka
Verð áður kr. 2.790
**Verð nú kr. 2.232**

Presence náttbuxur
Verð áður kr. 2.990
**Verð nú kr. 2.392**

## VERÐDÆMI

Presence dömunáttsloppur
Margir Litir
Verð áður kr. 8.990
**Verð nú kr. 7.192**

Blue Zoo náttsloppur
Fæst í bláu og bleiku
Verð áður kr. 3.790
**Verð nú kr. 3.032**

Blue Zoo náttföt
Tvenn í pakka
Verð áður kr. 3.790
**Verð nú kr. 3.032**

Presence dömuinniskór
Verð áður kr. 1.990
**Verð nú kr. 1.592**

Maine herrasloppur
Verð áður kr. 6.990
**Verð nú kr. 5.592**

Gildir til mánudags.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fókus

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT - POWER | kl.3.30, 5.40, 8 og 10.15 | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 4 og 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |

matt damon is The Informant!

★★★★

HILARIOUS, GRIPPING AND RIDICULOUSLY ENTERTAINING. ONE OF THE YEAR'S BEST FILMS." STEPHEN REBELLO, PLAYBOY

TOM CARSON, GQ "MATT DAMON IS A JOY TO WATCH."

LEONARD MALTIN, ENTERTAINMENT TONIGHT "CLEVER, ORIGINAL AND VERY FUNNY."









ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE INFORMANT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ísl. Tali | kl. 4(3D) - 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GAMER | kl. 4 - 6 | VIP |
| FAME | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 - 6 | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 10 | 12 |
| UPP M/ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| G-FORCE M/ísl. Tali | kl. 4 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE INFORMANT | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| TOY STORY 1 M/ísl. Tali | kl. 4:15(3D) - 6:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| SKELLIBJALLA M/ísl. Tali | kl. 4:15D | L |
| FAME | kl. 6:15 | L |
| ORPHAN | kl. 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8:30 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6:15D | L |
| UPP M/ísl. Tali | kl. 4:15 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | kl 6 | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 - 10:20 | L |
| SKELLIBJALLA | kl 6 | L |
| FAME | kl. 8 | L |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |

já NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ 118

NÝTT Í BÍÓ!






SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THIS IS IT LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| 9 | kl. 4 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| CAPITALISM | kl. 6 - 9 | 7 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 5.45 | L |

facebook.com/smarabio ÁSKRIFENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR OMFL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 5.40 - 8 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.40 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY FORSÝNING | kl. 10 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| WANTED AND DESIRED | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| ZOMBIELAND | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 6 - 9 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |


# Forsala á Svörtuloftum í Iðu

„Ég hef nú ekki miklar áhyggjur af fyllibyttunum, við verðum lítið vör við þær hér í Lækjargötunni. Ætli birtan hjálpi okkur ekki, þær leita ekki mikið hingað," segir Arndís Sigurgeirsdóttir, verslunarstjóri í bókaversluninni Iðu. Sérstök forsala verður á nýjustu bók Arnaldar Indriðasonar, Svörtuloftum, á miðnætti á laugardagskvöld. Á sömu stundu er einmitt að renna mesta brennivínsæðið á Íslendinga í miðborginni. „Við höfum gert þetta áður með Harry Potter. Það var að vísu að sumarlagi, en 7-9-13, þetta mun ganga vel," segir Arndís.

Talsverð eftirvænting er jafnan eftir bókum Arnaldar. Í þeirri nýjustu er lögregluforinginn Erlendur aftur orðinn aðalpersónan og því fagna margir aðdáendur rithöfundarins. Fréttablaðið greindi frá því fyrr í vikunni að starfsfólk Eymundsson hygðist keyra bókina út á sunnudagsmorgni til þeirra sem keyptu hana í forsölu. Iðufólk býður betur. „Já, við opnum á miðnætti og bjóðum upp á rjúkandi kaffi. Svo ætlum við að gefa fólki Harðskafa með. Stefnan er að loka aftur klukkan eitt, en ég rek ekki viðskiptavini út úr búðinni ef það er mikið að gera," segir Arndís.

- hdm

**VINSÆLL** Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar heitir Svörtuloft. Forsala verður á bókinni í Iðu á miðnætti á laugardagskvöld.

**ÓHRÆDD** Arndís í Iðu óttast ekki að fyllibyttur fari að ráfa um búðina.

# ERPUR ÓSÁTTUR VIÐ SENU

**Fyrsta plata XXX Rottweiler kemst aðeins í 102. sæti á nýlegum lista yfir bestu plötur Íslandssögunnar. Aðeins ein rappplata komst á lista yfir þær hundrað bestu, eða Jinx með Quarashi sem er í 54. sæti.**

„Þessi listi er bara djók. Ég er ekki að segja að fullt af hljómsveitum eigi ekki að vera þarna en það er alveg út í hött að við séum ekki þarna," segir rapparinn Erpur Eyvindarson.

Rás 2, Félag hljómplötuframleiðenda og Tónlist.is stóðu fyrir valinu og birtist listinn í bókinni 100 bestu plötur Íslandssögunnar sem blaðamennirnir Jónatan Garðarsson og Arnar Eggert Thoroddsen skrifuðu. Alls stóð valið um 485 plötur frá 21 útgefanda. Almenningur, eða 1.990 manns, valdi úr þeim hópi hundrað bestu plöturnar ásamt hundrað manna dómnefnd valinna sérfræðinga, meðal annars frá félagsmönnum Félags hljómplötuframleiðenda, tónlistarblaðamönnum og fulltrúum útvarpsstöðva. Eftir að þær höfðu verið valdar tóku 2.400 manns þátt í að raða plötunum í sæti ásamt sjötíu manna dómnefnd. Atkvæði almennings giltu til helminga á móti atkvæðum dómnefndarfólks. Plata Sigur Rósar, Ágætis byrjun, hafnaði í efsta sæti og Lifun með Trúbroti í öðru.

Erpur vill meina að Sena hafi farið af stað með listann í von um að selja fleiri plötur. Þess vegna sé fyllt upp í listann með plötum úr herbúðum Senu á meðan plata Rottweiler-hundanna komist ekki að. Hún sé ekki til á lager hjá Senu og því ekki þörf á að selja hana. „Listinn inniheldur óvéfengjanlega klassík en svo er fyllt upp í restina með Senu-plötum mestmegnis," segir Erpur. „Í kjölfarið á honum fer af stað herferð um að allar hundrað plöturnar séu seldar í búðum Skífunnar." Hann bætir við að Tónlist.is sé í eigu Senu og það veki hjá sér grunsemdir því val almennings fór fram á síðunni.

Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu, vísar þessum ásökunum Erps á bug og segir þær varla svara verðar. „Sena stóð ekki fyrir þessu vali heldur voru það Rás 2, Félag hljómplötuframleiðenda og Tónlist.is. Sena á sextíu plötur af þessum hundrað, sem þeir sem þekkja tónlistarbransann hefðu getað giskað á fyrir fram. Jafnvægið á milli útgefenda á þessum lista er fyrirsjáanlegt."

Eiður viðurkennir að markmiðið með listanum hafi verið að auka plötusölu en einnig að beina kastljósinu að góðum íslenskum plötum. „Þetta er fyrirbæri sem er mjög eðlilegt að gera á nokkurra ára fresti." Hvað varðar plötu Rottweiler-hundanna segir Eiður að almenningur hafi kosið hana í kringum 50. sætið en dómnefndin hafi valið hana í kringum 150. sætið. Svipað sé hægt að segja um nokkrar aðrar plötur. Eiður játar að Rottweiler-platan sé uppseld á lager hjá Skífunni en það hafi ekkert með valið að gera. „Ég held að síðustu hundrað eintökin af henni hafi selst á svona tveimur árum. Hún var algjörlega hætt að seljast eins og vill vera með plötur sem eru gríðarlega sterkar á ákveðnum tímapunkti. En ég held að þú finnir ekki þann lifandi mann sem er hundrað prósent sáttur með svona lista, það liggur í hlutarins eðli." Bætir hann við að aðrar plötuútgáfur hafi nýtt sér listann í söluskyni, rétt eins og Sena, og endurútgefið gamlar plötur, þar á meðal Smekkleysa.

Arnar Eggert Thoroddsen segir að listinn endurspegli að miklu leyti smekk fólksins í landinu. „Þess vegna er mikið af Emilíönu Torrini, Hjálmum og hljómsveitum sem hafa víða skírskotun. Rottweiler-platan er söguleg plata og hún hefði pottþétt verið á listanum ef könnunin hefði verið gerð skömmu eftir 2000," segir Arnar Eggert. Einnig kemur það honum spánskt fyrir sjónir að hljómsveitin múm kemst ekki á topp 100-listann, sem sýni fyrst og fremst hversu vinsældavænn listinn sé.

freyr@frettabladid.is

**ROTTWEILER** Erpur Eyvindarson telur að listinn yfir hundrað bestu plötur Íslandssögunnar sé ekki marktækur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Heilsubælið í Gervahverfi

Heilsubælið loksins á DVD fáanlegt í verslunum Hagkaups

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## > Viktor Unnar áfram hjá Val

Framherjinn Viktor Unnar Illugason verður að öllum líkindum áfram í herbúðum Vals. Viktor skrifaði í fyrra undir tveggja ára samning við Val sem stendur enn. Viktor sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði rætt við Gunnlaug Jónsson, þjálfara Vals, sem hefur lýst yfir áhuga á að halda Viktori. Hann hefur verið orðaður við sitt uppeldisfélag, Breiðablik, og Viktor sagði að sér þætti það nú ekkert leiðinlegt að spila aftur fyrir félagið.

**sport**
sport@frettabladid.is

**AUÐUN HELGASON:** SAMDI VIÐ GRINDAVÍK TIL NÆSTU TVEGGJA ÁRA

# *Tilbúinn í nýtt ævintýri með nýju félagi*

Auðun Helgason kom mörgum knattspyrnuáhugamönnum í opna skjöldu í gær er hann skrifaði undir tveggja ára samning við Grindavík. Hann hefur undanfarin tvö ár verið á mála hjá Fram og hafði lýst því yfir að hann hefði áhuga á að vera áfram hjá félaginu. Auðun viðurkenndi að Fram hefði verið sinn fyrsti kostur en að viðræður um nýjan samning hefðu siglt í strand.

„Við ræddum saman síðast í morgun og við skiljum sáttir," sagði Auðun við Fréttablaðið. „En úr því að við náðum ekki saman fannst mér það spennandi að skoða hvað Grindvíkingar hefðu upp á að bjóða. Ég ræddi lengi við Luka [Kostic, þjálfara Grindavíkur] og hann lagði gríðarlega mikla áherslu á að fá mig, sem og stjórn félagsins. Þá þurfti ekki mikið til að freista mín."

Hann sagði að viðræður hefðu gengið fljótt og vel. „Við höfum rætt saman í nokkra daga en þetta fór allt á fullt í gær. Ég tel að ég hafi ekki verið með ósanngjarnar kröfur og við náðum vel saman."

Auðun segir að það hafi einnig komið mörgum á óvart þegar hann gekk í raðir Fram á sínum tíma og margt sé svipað með Frömurum þá og liði Grindavíkur nú.

„Hér er mikið af ungum strákum en það hefur verið þörf fyrir að bæta varnarleikinn. Ég vona innilega að það takist jafn vel til nú og það hefur gert í Safamýrinni undanfarin tvö ár."

Grindavík varð í níunda sæti Pepsi-deildar karla í haust og segir Auðun ljóst að stefnan sé tekin mun hærra á næsta ári. „Stefnan er að komast í Evrópukeppnina. Hér ætla menn að klífa upp stöðutöfluna ansi hratt á næstu árum, það er greinilegt á því sem bæði þjálfari og stjórnin hafa sagt mér."

Hann á von á því að Grindavík muni styrkja sig enn frekar á næstu dögum. „Ég tel að með 1-2 leikmönnum til viðbótar verði Grindavík komin með mjög samkeppnishæft lið. Það er stefnan og vona ég að það takist á allra næstu dögum."

FRÉTTABLAÐIÐ
Helgarblað
alla laugardaga

Helgarblað:
Flosa Ólafssonar leikara minnst.
- Áður óbirt viðtal við Flosa Ólafsson

Fjölskylda:
Öddubækurnar endurútgefnar.
- Hafa verið lesnar upp til agna á íslenskum heimilum

Skelfilegt að sjá soninn verða fyrir einelti.
- Móðir segir frá hvernig gripið var í taumana og einelti stöðvað

Allt sem þú þarft

# Nýr samningur á borðinu

**Teiti Þórðarsyni stendur til boða að skrifa undir nýjan samning við Vancouver Whitecaps eftir tvö farsæl ár við stjórnvölinn. Teitur er ánægður í Vancouver.**

**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn Teitur Þórðarson stýrði kanadíska liðinu Vancouver Whitecaps til úrslitaeinvígis norður-amerísku USL-1 deildarinnar annað árið í röð á dögunum. Whitecaps vann meistaratitilinn á fyrsta ári Teits með liðið en varð nú að sætta sig við tap gegn Montreal Impact í tveggja leikja úrslitarimmu sem var spiluð heima og að heiman, 2-3 og 3-1, og því samanlagt 6-3. Fréttablaðið ræddi við Teit um nýafstaðið tímabil og spennandi tíma sem eru fram undan hjá Whitecaps.

„Menn eru svona smátt og smátt að jafna sig á því að hafa tapað þessum úrslitaleikjum en það situr óneitanlega í mönnum að við fengum rautt spjald í báðum leikjunum fyrir litlar sakir og spiluðum því manni færri í samanlagt níutíu mínútur í leikjunum tveimur. Ef dómarnir hefðu verið réttlátir hefði ekkert verið hægt að segja við því en þetta var eins óréttlátt og hugsast getur," segir Teitur, sem er að öðru leyti mjög ánægður með tímabilið. Whitecaps átti erfitt uppdráttar framan af tímabili og endaði í sjöunda sæti í deildarkeppninni en átta efstu lið deildarinnar komast í úrslitakeppni ár hvert. Á leið sinni í úrslitaleikina þurfti Whitecaps því að komast í gegnum tveggja leikja rimmur við tvö efstu liðin í deildarkeppninni, Portland Timbers og Carolina RailHawks, sem það og gerði án þess að tapa leik.

„Við lentum í smá vandræðum vegna meiðsla framan af tímabili auk þess sem miklar breytingar voru gerðar á leikmannahópnum fyrir tímabilið þar sem við vorum að yngja upp. Hlutirnir fóru að smella saman hjá okkur þegar úrslitakeppnin færðist nær og hún er auðvitað það sem skiptir mestu máli. Það tekur á að spila leiki í úrslitakeppni en þetta er líka mjög skemmtilegt og það var yfirleitt vel mætt á þessa leiki. Við vorum að spila fyrir framan fimmtán þúsund manns í leikjunum á móti Timbers og Impact þannig að þetta var mjög góð reynsla fyrir okkar unga lið," segir Teitur.

**TEITUR** Hefur náð frábærum árangri með Vancouver Whitecaps og skilað liðinu í úrslitarimmu USL-1 deildarinnar bæði tímabilin sem hann hefur stýrt liðinu. Whitecaps varð meistari í fyrra en varð að sætta sig við silfrið í ár. MYND/VANCOUVER WHITECAPS

„Það hefur verið hugsunin að byggja upp lið sem er tilbúið að taka stökkið árið 2011 upp í MLS-deildina, sem Whitecaps hefur fengið inngöngu í, og ég hef fengið að móta þann leikmannahóp dálítið eftir mínu höfði. Við eigum ennþá eitt tímabil eftir í USL-1 deildinni og við þurfum að nota það vel til þess að gera allt klárt innan vallar sem utan hjá félaginu. Þá er til að mynda gert ráð fyrir því að nýr leikvangur sem tekur 65 þúsund manns í sæti verði að fullu klár sem heimavöllur Whitecaps," segir Teitur.

Tveggja ára samningur Teits við Whitecaps sem var undirritaður í desember árið 2007 er að renna út á næstunni en áhugi er fyrir hendi hjá báðum aðilum að halda samstarfinu áfram og því raunar aðeins formsatriði að gengið verði frá málum á næstu dögum.

„Forráðamenn Whitecaps hafa boðið mér að vera áfram með liðið og þó svo að við eigum eftir að hittast og ræða betur saman tel ég mjög líklegt að ég taki þessu boði. Samningurinn yrði út næsta tímabil því MLS-deildin er allt annað dæmi; deildin sjálf á samninga leikmanna og þjálfara félaga deildarinnar og það yrði því bara skoðað þegar þar að kemur. Ég er alla vega ánægður í Vancouver og eins og ég segi mun ég að öllu óbreyttu vera þar áfram," segir Teitur að lokum.

omar@frettabladid.is

# ALLTAF BETRA VERÐ

HELGAR TILBOÐ
3.000 kr. AFSLÁTTUR

## LCD BREIÐSKJÁR

**22 Philips 220SW9FB**
22" svartur LCD breiðskjár með 1680 x 1050 dpi, 10000:1 í dýnamískri skerpu, 5ms og 16,7 milljón liti.

**32.990**

FULLT VERÐ KR. 35.990

MÚSAR TILBOÐ
3.000 kr. AFSLÁTTUR

## LEIKJAMÚS

**Logitech G500**
Laser leikjamús. Innbyggt minni. 10 forritanlegir takkar. Stillanleg þyngd

**9.990**

FULLT VERÐ KR. 12.990

## ÍSLENSKT LYKLABORÐ

**Logitech Media 600**
Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og USB tengi. fjöldi flýtihnappa. Svart.

**4.990**

## LEIKJATÓL

**MSI SyrenePhone Gaming**
Neodymium Magnet heyrnatól með Clear Voice hljóðnema. Frábær fyrir leikina. Afar þægilegir eyrnapúðar. Leðurtaska fylgir ofl.

**9.990**

## VEFMYNDAVÉL

**Logitech WebCam C250**
Vefmyndavél með hljóðnema. Smellur létt á skjái og fartölvur.

**6.990**

## FJÖLNOTATÆKI

**Epson Stylus BX300F**
Prentari, skanni og fax. Prentar A4 í 5760 x 1440p og skannar í 1200 x 2400p. Prentar allt að 31 bls. á mín sv/hv og 15 í lit. Windows og Mac.

**19.990**

## BLEKSPRAUTU PRENTARI

**Epson S21**
A4 blekspraututprentari með 5760x1440 punkta upplausn og USB. Prentar allt að 26 bls. á mín sv/hv og 14 í lit. Windows og Mac.

**8.990**

## REC HD FLAKKARI

**DViCO TViX M-6600A**
Fullkomin H.264 HD spilari frá TViX með upptökumöguleika, 1080P háskerpu, LED skjá og fjarstýringu. Spilar alla staðla.

**59.990**

***BLEK OG DUFT FYRIR PRENTARA - MIKIÐ ÚRVAL - GOTT VERÐ***

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
|---|---|---|---|---|---|
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 |

20%
Afsláttur
til 7. nóv

adidas
körfuboltaskór

Adidas Speed Cut
Verð Kr. 19.990.-
**Nú kr. 15.990.-**

Adidas Pro Model
Verð Kr. 18.990.-
**Nú kr. 15.190.-**

Adidas Commander LT
Verð Kr. 24.990.-
**Nú kr. 19.990.-**

Adidas Attack Feather
Verð Kr. 16.990.-
**Nú kr. 13.590.-**

Adidas 3 series barna
Verð Kr. 10.990.-
**Nú kr. 8.790.-**

Jói útherji síðan 1999
Ármúli 36, s. 588 1560
www.joiutherji.is

Rakel Dögg Bragadóttir að ganga til liðs við Levanger í Noregi sem Ágúst Þór Jóhannsson þjálfar:

# Án efa rétta skrefið fyrir minn feril

**HANDBOLTI** Rakel Dögg Bragadóttir, landsliðskona í handbolta, hefur ákveðið að söðla um og ganga í raðir norska úrvalsdeildarfélagsins Levanger sem Ágúst Þór Jóhannsson þjálfar. Rakel hefur undanfarið eitt og hálft ár leikið með Vejen í Danmörku en afar fá tækifæri fengið með liðinu í haust. Því ákvað hún að finna sér nýtt félag.

„Ég hef verið í samningaviðræðum við Levanger og í raun er ekkert annað eftir en að skrifa undir. Ég fer þangað um helgina og er mjög spennt fyrir þessu," sagði Rakel Dögg við Fréttablaðið í gær.

„Ég þekki Gústa vel en hann þjálfaði mig lengi í unglingalandsliðunum og ég kann mjög vel við hann sem þjálfara. Ég veit alveg hvað ég er að fara út í – hvernig handbolti verður spilaður og hvert mitt hlutverk verður. Mér líst því afar vel á framhaldið."

**RAKEL DÖGG** Hér í leik með íslenska landsliðinu gegn Sviss fyrr á þessu ári.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rakel Dögg rifbeinsbrotnaði í landsleik Íslands og Frakklands fyrr í mánuðinum og hefur ekkert getað æft síðan þá. Hún missti til að mynda af landsleiknum gegn Austurríki nokkrum dögum eftir leikinn gegn Frökkum.

„Ég er fyrst í þessari viku byrjuð að hreyfa mig á ný og ég verð ekki orðin klár fyrir næsta leik Levanger sem verður í næstu viku. En það gefur mér á móti tækifæri til að koma mér almennilega inn í málin hjá nýju félagi."

Levanger er sem stendur í níunda sæti norsku úrvalsdeildarinnar með fjögur stig eftir sex leiki. Rakel segir að tvö félög – Larvik og Byåsen – beri höfuð og herðar yfir önnur lið í deildinni en hin liðin séu nokkuð jöfn.

„Þetta er án efa rétta skrefið fyrir mig og minn feril. Ég hef einnig mikinn metnað fyrir landsliðinu og ef ég ætla að gera það gott þar þarf ég að vera í liði þar sem ég fæ nóg að spila." **- esá**

# Höldum okkur á jörðinni

**Guðmundur Guðmundsson skorar á landsliðsmenn að hugsa vel um sig fram að EM og mæta í toppformi til móts við landsliðið í janúar. Hann segir nauðsynlegt fyrir alla að halda sér á jörðinni og ekki spenna væntingabogann of hátt.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handknattleik lenti aldrei í verulegum vandræðum með Pressuliðið er liðin mættust í æfingaleik í gær. Lokatölur 38-25 eftir að landsliðið hafði reyndar aðeins leitt með fimm mörkum í leikhléi, 19-14.

„Þetta gekk ágætlega. Varnarleikurinn var reyndar ekki nógu góður í fyrri hálfleik. Þetta kom í seinni hálfeik en strákarnir í Pressuliðinu stóðu sig vel," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.

Eftir að Pressuliðið hafði staðið í landsliðinu í fyrri hálfleik tók landsliðið til sinna ráða í upphafi síðari hálfleiks. Hreiðar skellti í lás í markinu og landsliðið skoraði sex mörk úr hraðaupphlaupum í röð og kláraði leikinn.

„Það sem er mikilvægast er að koma saman og rifja upp. Strákarnir voru sumir búnir að gleyma hvað leikkerfin hétu. Við lentum í erfiðri stöðu eftir Ólympíuleikana og urðum að nýta tímann vel núna til að fara í gegnum hlutina," sagði Guðmundur en hann segir undirbúninginn fyrir EM í janúar núna hafinn.

„Við þurfum að vinna svolítið á móti sögunni núna enda hefur liðinu ekki gengið vel að spila vel á tveimur mótum í röð. Við vitum vel að væntingarnar verða miklar í okkar garð. Það verða allir að halda sér á jörðinni, leikmenn, þjálfarar, blaðamenn og þjóðin. Við erum í geysilega sterkum riðli og það þurfa allir að halda fókus og gera sér grein fyrir því að það gerist ekkert af sjálfu sér," sagði Guðmundur ákveðinn.

„Núna fara leikmenn í burtu og skilaboðin mín til þeirra er að þeir hugsi mjög vel um sig og skili sér til baka í toppformi í janúar. Ég get ekki komið þeim í form þá. Þetta er mitt ákall til þeirra og ég vil ekki að neinn skorist undan þessari ábyrgð. Þetta er nefnilega lykillinn að því að við getum mætt með topplið á mótið í janúar," sagði Guðmundur sem veit vel að væntingarnar til liðsins verða miklar eftir ævintýrið í Peking.

**ENDURKOMA ÓLAFS** Ólafur Stefánsson lék í gær sinn fyrsta landsleik síðan á Ólympíuleikunum í Peking og skoraði tvö mörk.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Fólk verður að gera sér grein fyrir því að þetta er bara annað mót þar sem við byrjum á núlli," sagði þjálfarinn sem fagnar endurkomu manna eins og Ólafs, Snorra og Arnórs í liðið.

„Það er bara stórkostlegt að fá þessa stráka til baka. Breiddin er sífellt að verða meiri og það verður vonandi ekki auðvelt að velja liðið þegar þar að kemur," sagði Guðmundur og glotti við tönn.

**henry@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### *Pressuleikur landsliðsins*

**Landsliðið - Pressuliðið 38-25**

**Mörk landsliðsins**: Þórir Ólafsson 8 (9), Arnór Atlason 4 (8), Guðjón Valur Sigurðsson 4 (6), Vignir Svavarsson 3 (4), Alexander Petersson 3 (4), Ólafur Guðmundsson 3 (3), Bjarni Fritzson 2/1 (3/1), Snorri Steinn Guðjónsson 2/1 (4/2), Ólafur Stefánsson 2 (3), Sturla Ásgeirsson 2 (3), Aron Pálmarsson 2 (5), Heiðmar Felixson 1 (1), Róbert Gunnarsson 1 (1), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Sigurbergur Sveinsson (1).
**Varin skot**: Hreiðar Levý Guðmundsson 10 (21/2) 45%, Björgvin Gústavsson 6 (20/2) 30%.
**Hraðaupphlaup**: 18 (Vignir 3, Þórir 3, Guðjón 2, Alexander 2, Sturla 2, Arnór 2, Ólafur, Ingimundur, Snorri, Aron).
**Fiskuð víti**: 2 (Ólafur, Snorri).
**Utan vallar**: 4 mín.
**Mörk pressuliðsins**: Arnór Þór Gunnarsson 6/4 (8/4), Haraldur Þorvarðarson 5 (7), Björgvin Þór Hólmgeirsson 3 (7), Oddur Grétarsson 3 (5), Ragnar Þór Jóhannsson 3 (7), Valdimar Þórsson 2 (7), Freyr Brynjarsson 1 (1), Fannar Friðgeirsson 1 (4), Ólafur Gústafsson 1 (6).
**Varin skot**: Birkir Ívar Guðmundsson 4 (23/1) 17%, Pálmar Pétursson 3 (22/1) 13%.
**Hraðaupphlaup**: 7 (Oddur 2, Freyr, Ragnar, Haraldur, Arnór, Ólafur).
**Fiskuð víti**: 4 (Orri, Haraldur, Fannar, Ragnar Hjalt.)
**Utan vallar**: 0 mínútur.

### *Iceland Express deild karla*

**Fjölnir - Njarðvík 64-73**
**Stig Fjölnis**: Christopher Smith 23, Ægir Þór Steinarsson 13, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 12, Arnþór Freyr Guðmundsson 9, Níels Dungal 5, Sverrir Karlsson 2.
**Stig Njarðvíkur**: Magnús Þór Gunnarsson 20, Guðmundur Jónsson 17, Friðrik Stefánsson 12, Páll Kristinsson 8, Jóhann Árni Ólafsson 8, Rúnar Ingi Erlingsson 4, Hjörtur Hrafn Einarsson 4.
**Stjarnan - FSu 95-70**
**Stig Stjörnunnar**: Justin Shouse 26, Jovan Zdravevski 19, Birkir Guðlaugsson 18, Kjartan Atli Kjartansson 11, Magnús Helgason 10, Ólafur Aron Ingvason 6, Hilmar Geirsson 3, Eyjólfur Jónsson 2.
**Stig FSu**: Christopher Caird 21, Alexander Stewart 13, Hilmar Guðjónsson 10, Corey Lewis 8, Ari Gylfason 8, Jake Wyatt 6, Orri Jónsson 4.
**Breiðablik - ÍR 84-107**
**Stig Breiðabliks**: Daníel Guðmundsson 18, Þorsteinn Gunnlaugsson 14, John Davis 13, Hjalti Friðriksson 13, Ágúst Angantýnsson 8, Rúnar Pálmarsson 7, Arnar Pétursson 6, Gylfi Geirsson 5
**Stig ÍR**: Nemanja Sovic 28, Steinar Arason 23, Hreggviður Magnússon 19, Gunnlaugur Elsuson 12, Vilhjálmur Steinarsson 7, Elvar Guðmundsson 6, Kristinn Jónasson 6, Ólafur Þórisson 5, Davíð Þór Fritzson 1.

KARFAN
KR - GRINDAVÍK
FÖSTUDAG KL. 19:15
BBQ FRÁ KL. 17:30

Njarðvíkingar unnu sinn fjórða sigur í röð í Iceland Express-deild karla:

# Fjölnismenn stóðu í Njarðvíkingum

**KÖRFUBOLTI** Fjölnir tók á móti Njarðvík í Grafarvogi í kvöld. Fyrir leik hefði mátt búast við einstefnu gestanna en annað kom á daginn. Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik og heimamenn lengi yfir.

Njarðvíkingar voru lengi í gang og virkuðu áhugalausir í hálfleiknum. Heimamenn sýndu baráttu í vörninni og grimmd í fráköstunum sem skiluðu þeim stigum. Gestirnir komust á bragðið undir lok hálfleiksins og leiddu í hléinu, 30-34.

Í þriðja leikhluta var jafnræði með liðunum en þó voru gestirnir skrefinu á undan og sýndu loks sitt rétta andlit. Munurinn fyrir síðasta leikhlutann var fjögur stig.

Í lokahlutanum spilaði Njarðvík hins vegar mjög yfirvegaðan og góðan leik og keyrði hægt og sígandi yfir Fjölnismenn sem gáfust þó aldrei upp, lokatölur 64-73 fyrir Njarðvík.

Stjarnan vann öruggan sigur á FSu í gær og er á toppi deildarinnar ásamt Njarðvíkingum. Bæði lið eru með fullt hús stiga eftir fyrstu fjórar umferðirnar. KR er einnig taplaust til þessa en liðið mætir Grindavík í kvöld. **- rv**

**ÖFLUGUR** Friðrik Stefánsson skoraði tólf stig og tók níu fráköst í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# STÆRSTA OUTLET LANDSINS

# MERKJA OUTLET

## KORPUTORGI

Reebok · VIKING · Brandtex · Tamaris · ICHI · hummel · DIDRIKSONS 1913 · arena · RUGBY JEANS CO. · ZARA

# TAX-FREE DAGAR

## ALLAR VÖRUR VERSLUNARINNAR ÁN VSK!*

## FRÁ FÖSTUDEGI TIL SUNNUDAGS!

**Dömufatnaður | Herrafatnaður | Barnafatnaður**
**Íþróttafatnaður | Sundfatnaður | Töskur | Skór**

# NÝJAR VÖRUR

**Vertu vinur MerkjaOutlet á Facebook. Kíktu á myndirnar og skoðaðu vöruúrvalið!**

Gildir ekki af DVD-diskum, hlaupahjólum og málverkum. Ríkissjóður fær virðisaukaskatt af öllum seldum vörum. Afslátturinn er alfarið á kostnað MerkjaOutlet.

**Opið: Mán.-lau. 11 til 18 - Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400**

# dagskrá

> **Robert De Niro**

„Það er ekkert eins kaldhæðnislegt og mótsagnakennt og lífið sjálft.“

***De Niro fer með eitt aðalhlutverkið í kvikmyndinni Showtime sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.10.***

## VIÐ TÆKIÐ: SARA MCMAHON LÍTUR YFIR FARINN SJÓNVARPSVEG

## *Það var einu sinni þáttur ...*

Þegar ég var búsett í Danmörku fannst mér ég hafa dottið óvænt í lukkupottinn þegar ein kunningjakona mín lánaði mér þrjár seríur af sjónvarpsþættinum vinsæla Beðmál í borginni. Kvöld eftir kvöld sat ég inni í leiguherberginu mínu og horfði á þættina í lítilli fartölvu, því engan átti ég DVD-spilarann á þeim tíma. Þetta voru í raun mín fyrstu kynni af vinkonunum fjórum.

Fram að þessu hafði ég aðeins séð einstaka þátt á stangli á mismunandi sjónvarpsstöðvum, ég hafði meira að segja séð nokkra þætti með þýsku tali. Mér þótti á þeim tíma mikill sannleikur í þessu öllu og þótti þættirnir fanga hinn kvenlæga heim nokkuð vel. Svona erum við kvenfólkið skrýtið. Á sama tíma saknaði ég vinkvenna minna heima á Fróni afskaplega mikið og ég þráði ekkert heitar en að hitta þær í morgunverði og slúðra alveg eins og Carrie og vinkonur hennar gerðu.

Nú er Stöð 2 Extra að endursýna þessa þætti sem mér þóttu eitt sinn heilagur sannleikur. Ætli það sé ekki sökum aldurs sem mig brestur ávallt minnið og ég gleymi að horfa á þá, en hingað til hef ég aðeins séð einn einasta þátt úr þessum endursýningum.

Mér leikur forvitni á að sjá hvort mér þykir þessi þáttaröð geyma jafnmikinn sannleik nú og mér þótti hún gera fyrir sjö árum. Ætli hún muni aftur vekja upp löngun mína til að hitta vinkonur yfir léttum hádegisverði og spjalla um daginn og veginn?

## FÖSTUDAGUR

▶ **18.15 Modern Toss** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.00 Superman Returns** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.15 Stóra planið** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.30 Skemmtigarðurinn** SKJÁREINN

▶ **20.45 Stelpurnar** STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**15.35 Leiðarljós** (e)
**17.00 Táknmálsfréttir**
**17.10 Bjargvætturinn** (13:26)
**17.35 Bangsímon og vinir hans**
**18.00 Hanna Montana** (53:56)
**18.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Stóra planið** (5:5) Íslensk gamanþáttaröð með harmrænu ívafi. Aðalhlutverk: Pétur Jóhann Sigfússon, Ingvar Sigurðsson, Hilmir Snær Guðnason, Eggert Þorleifsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir og Michael Imperioli.
**20.55 Tengdasonurinn** (Son in Law) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1993. Sveitastelpa sem stundar nám í Los Angeles tekur villtan kærasta með sér heim í frí. Aðalhlutverk: Pauly Shore og Carla Gugino.
**22.30 Lewis - Líf af eldi fætt** (Lewis - Life Born of Fire) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis, áður aðstoðarmaður Morse sáluga, lögreglufulltrúa í Oxford, glímir við dularfullt sakamál. Aðalhlutverk: Kevin Whately, Laurence Fox, Ian McNeice, Chiké Okonkwo og Rachael Stirling.
**00.05 Stóri skellurinn** (The Big Bounce) Bandarísk bíómynd frá 2004. Prakkarinn Jack fer til Havaí og vafasamur dómari fær hann til að reyna að fletta ofan af glæpamönnum. Aðalhlutverk: Owen Wilson, Charlie Sheen, Morgan Freeman, Willie Nelson, Sara Foster og Gary Sinise. (e)
**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.30 Martian Child**
**10.15 Home Alone**
**12.00 Zoom**
**14.00 Martian Child**
**16.00 Home Alone**
**18.00 Zoom**
▶**20.00 Superman Returns** Nýjasta myndin um hið eina sanna Ofurmenni. Aðalhlutverk: Brandon Walsh, Kate Bosworth og Kevin Spacey.
**22.30 Sin City**
**00.30 Rush Hour 3**
**02.00 The Deal**
**04.00 Sin City**
**06.00 Eragon**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Jamie's Eat to Save Your Life**
**11.05 Extreme Makeover. Home Edition** (20:25)
**11.50 America's Got Talent** (5:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (58:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (59:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (60:300)
**15.25 You Are What You Eat** (18:18)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli kanína og vinir og Stuðboltastelpurnar.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur með þátt þar sem allt er leyfilegt.
**20.00 Logi í beinni** Skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmanns.
▶**20.45 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.
**21.10 Showtime** Gamansöm spennumynd þar sem Robert De Niro og Eddie Murphy leika ólíka félaga sem vinna saman að sjónvarpsþætti sem á að sýna lögreglustarfið eins og það er í raun og veru.
**22.45 Havoc** Áhrifamikil og spennandi mynd með ungstirninu Anne Hathaway um tvær vinkonur úr vel stæðum úthverfafjölskyldum. Þær falla fyrir hipphopptískunni en dragast um leið óafvitandi inn í lífshættulega klíkumenningu.
**00.10 A Scanner Darkly**
**01.45 Ultraviolet**
**03.10 Erin Brockovich**
**05.15 Stelpurnar**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**18.10 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
**18.40 Frys. com Open** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
**19.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.30 F1: æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Dubai.
**21.00 Meistaradeild Evrópur: Fréttaþáttur**
**21.30 Ultimate Fighter - Season 1** Margir af bestu bardagamönnum heims mættu til leiks.
**22.15 UFC: Machida vs Shogun** Útsending frá bardaga Lyoto Machida og Mauricio Shogun.
**23.35 Main Event. Day 3** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**00.30 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Tottenham - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Hull - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.20 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**20.50 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Athyglisverðar viðureignir skoðaðar og viðtöl tekin við þjálfara og leikmenn.
**21.50 PL Classic Matches** Newcastle - Man United, 1995.
**22.20 PL Classic** Matches Everton - Manchester United, 1995.
**22.50 Premier League Preview**
**23.20 Bolton - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (7:14) (e)
**08.00 Dynasty** (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (7:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 America's Next Top Model** (e)
**17.30 Dynasty**
**18.20 Innlit/ Útlit** (1:10) (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.
**19.05 King of Queens** (12:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)
**19.30 Rules of Engagement** (5:15) Bandarísk gamansería um vinahóp sem samanstendur af hjónum, trúlofuðu pari og kvensömum piparsveini. (e)
**20.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** (7:12)
▶**20.30 Skemmtigarðurinn** (7:7) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti keppa tvær 5 manna fjölskyldur í skemmtilegum leik. Þær þurfa að leysa ýmsar þrautir og sú fjölskylda sem sigrar kemst áfram í keppninni.
**21.25 30 Rock** (4:22) (e)
**21.50 Fréttir** (e)
**22.05 Lipstick Jungle** (2:13) (e)
**22.55 Law & Order. Special Victims Unit** (7:19) (e)
**23.45 The Contender Muay Thai** (11:15)
**00.35 World Cup of Pool 2008** (22:31)
**01.25 The Jay Leno Show** (e)
**02.15 The Jay Leno Show** (e)
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Jón Kristinn Snæhólm, Guðlaugur Þór Þórðarson og Hallur Hallsson ásamt gestaráðherra, ræða um það sem er efst á baugi í stjórnmálunum.
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm fær til sín félaga úr Frjálshyggjufélaginu. Er frjálshyggjan dauð?
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


VÖNDUÐ HEILSURÚM OG FRÁBÆR TILBOÐ ÚT OKTÓBER

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Fallegt 160x200cm eikar rúmstæði m/botni og dýnum.

30% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ KR 179.828

Vönduðu DREAM rúmin okkar í öllum stærðum.

15% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ KR 71.060

Mjög falleg 120 x 200 cm acro unit unglingarúm með bólstruðum gafli. Margir litir í boði.

30% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ KR 99.000

RúmGott

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### Logi í beinni

Laufléttur skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmanns. Gestir Loga í kvöld verða Gunnar Hansson leikari, Friðrika Hjördís Geirsdóttir Wipeout-kynnir og Helgi Seljan sjónvarpsmaður. Maggi Eiríks og Buffið flytja síðan valin lög eftir Magga af nýútkominni plötu. Fullkomin uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

### ▶ STÖÐ 2 KL. 19.20

### Auddi og Sveppi

### Stöð 2 kl. 19.20

Strákarnir líta til baka og rifja upp suma af sínum bestu og verstu tímum úr þáttunum 70 mínútur en núna í nóvember eru níu ár síðan sá þáttur fór fyrst í loftið. Í tilefni af því munu Auddi og Sveppi taka nýrri og óþægilegri áskorun og dusta jafnvel rykið af blandaranum til að geta skellt í einn ógeðsdrykk.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Straumar
**15.03** Útvarpssagan: Á eigin vegum
**15.25** Boðorðin 10
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Pönk á Íslandi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngvarar blárrar sveiflu
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (22:26)
**17.00 Doctors** (23:26)
**17.30 The Sopranos** (36:39)
**▶18.15 Modern Toss** (4:6) Gráglettnir breskir þættir í teiknimyndastíl sem byggðir eru á karakterum úr samnefndum teiknimyndasögum eftir Mick Bunnage og Jon Link.
**18.45 Doctors** (22:26)
**19.15 Doctors** (23:26)
**19.45 The Sopranos** (36:39)
**20.30 Modern Toss** (4:6)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Entourage** (8:12) Fjórða sería þáttaraðar um Vincent og félaga og baráttu þeirra í kvikmyndaborginni. Þrátt fyrir að hafa orðið býsna ágengt, neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.
**22.15 NCIS** (12:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**23.00 Eleventh Hour** (15:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood sem aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar.
**23.45 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**00.20 Logi í beinni**
**01.05 Entourage** (8:12)
**01.35 Identity** (4:12)
**02.20 Blade** (4:13)
**03.05 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Lab Rats **12.45** Blackadder Goes Forth **13.15** My Family **13.45** My Hero **14.15** The Weakest Link **15.00** Blackadder Goes Forth **15.30** Blackadder Goes Forth **16.00** My Family **16.30** My Hero **17.00** Blackadder Goes Forth **17.30** Doctor Who **18.15** Doctor Who **19.00** My Family **19.30** Marc Wootton Exposed **20.00** This Is Dom Joly **20.30** The Mighty Boosh **21.00** The Jonathan Ross Show **21.50** My Family **22.20** Marc Wootton Exposed **22.50** This Is Dom Joly **23.20** The Mighty Boosh **23.50** Doctor Who

## DR 1

**12.00** Aftenshowet med Vejret **12.30** 6200 Aabenraa **13.00** Landsbyhospitalet **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Min funky familie **16.30** Det kongelige spektakel **16.40** Timmy-tid **16.50** Mira og Marie **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Niels Hausgaard show 2009 - Hvad munden er fuld af **20.00** TV Avisen **20.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **21.10** 8mm **23.10** Date Movie

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Andre avenyen **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Doktor Åsa **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Mamma Mo og Kråka **17.05** Fjellgården i Trollheimen **17.20** Pling Plong **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Detektimen. Sporlost forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Elskerinner **23.20** Björk på Olympia

## SVT 1

**12.45** Plus **13.15** Dansbandskampen **14.45** Hemliga svenska rum **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Flygande krucifix **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Skavlan **21.00** Smala Sussie **22.40** Kulturnyheterna **22.55** Playa del Sol **23.25** Rånarna


Crymogea

Hönnunarsjóður Auroru

Til hamingju Íslendingar. Fyrsta bókin um íslenska samtímahönnun er komin út.

**Svipmyndir af topp hönnuðum, arkitektum og vaxtarsprotum.**

Kemur í verslanir í dag.

## BESTI BITINN Í BÆNUM

*„Mér finnst ótrúlega gott að fara á Culiacan. Þar fæ ég mér quesadillas með kjúklingi og smá nachos til hliðar.“*

Erna Hrönn Ólafsdóttir söngkona

# Kennir Agli og Steingrími J. mannasiði

„Þetta er ekkert gert til að drulla yfir menn. Maður er bara að fara yfir góða mannasiði sem mér finnst vanta,“ segir Egill „Þykki“ Einarsson, eða Gillzenegger, um væntanlega bók sína Mannasiðir Gillz. Þar skýtur hann föstum skotum að þjóðþekktum aðilum á borð við Egil Helgason, Steingrím J. Sigfússon, Haffa Haff og Bjarna töframann. „Ég neyddist til að minnast á Bjarna töframann,“ segir „Þykki“. „Þetta eru menn sem þyrftu á því að halda að skottast út í búð og ná sér í Mannasiðabókina.“

Í einum kafla bókarinnar lýsir hann reynslu sinni af kvenkyns nuddurum sem hafa óæskileg áhrif á „litla hershöfðingjann“. Þar segir: „Til að forðast vandræðaleg móment er gott að byrja, rétt áður en þú heldur að nuddarinn vilji að þú snúir þér, að ímynda þér Egil Helgason á g-streng. Það hefur gefist mér vel enda sofnar hershöfðinginn með það sama.“

„Þykki“ gerir sér grein fyrir því að menn séu misviðkvæmir og til að hafa vaðið fyrir neðan sig ætlar hann að láta lögfræðing fara yfir textann áður en endanleg útgáfa fer í prentun. „Eins og maður hefur margoft rekið sig á hérna á klakanum þá má maður aldrei segja neitt, þá verður allt vitlaust. Ég neyðist örugglega til að láta lögmann forlagsins renna yfir þetta,“ segir „Þykki“, sem hefur sjálfur fengið á sig kærur vegna ummæla á síðunni Gillz.is. „Það eru örugglega einhverjir sem verða pirraðir. Þetta er svo lítið land og það eru allir svo hörundssárir og viðkvæmir.“ - fb

**EGILL „ÞYKKI“ EINARSSON** Egill kennir Agli Helgasyni og Steingrími J. Sigfússyni mannasiði í nýrri bók sinni.

**STEINGRÍMUR J.** Steingrímur fær skot á sig í bók „Þykka“.

**EGILL HELGASON** Egill þarf að laga mannasiði sína samkvæmt nafna sínum.

**VINSÆL PERSÓNA** Kenneth Máni hefur slegið í gegn hjá áhorfendum Fangavaktarinnar og slær meðal annars hinni heilögu þrenningu við í netkosningu á vísir.is. Kenneth er að sögn Björns Thors velmeinandi strákur sem yfirleitt lendir þó í súpunni á meðan allir aðrir sleppa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BJÖRN THORS: FER Á KOSTUM SEM KENNETH MÁNI Í FANGAVAKTINNI

# Fær símhringingar að næturlagi vegna Fangavaktar

„Kenneth Máni meinar vel og er góður strákur sem er auðvelt að plata í innbrot á alls kyns forsendum. Hann er hins vegar alltaf gæinn sem situr í súpunni og endar einn í handjárnum inni í lögreglubíl á meðan allir hinir sleppa,“ segir Björn Thors, sem farið hefur á kostum í hlutverki áðurnefnds Kenneths í Fangavaktinni. Kenneth hefur stimplað sig það rækilega inn að samkvæmt netkosningu á vísir.is er hann farinn að skyggja á hina heilögu þrenningu, þá Ólaf Ragnar, Georg og Daníel. Björn segist hafa fengið mikil viðbrögð við þessum karakter, fólk stoppi hann úti á götu og hringi í hann um miðjar nætur til að ræða hann aðeins frekar. „Ég er nú búinn að vera leikari í nokkur ár, svo leikur maður einn vitleysing og það er eins og maður hafi aldrei gert neitt áður.“

Björn vill þó ekki eigna sér heiðurinn einn. Kenneth sé fyrst og fremst barn handritshöfunda þáttanna. „Nafngiftin er náttúrulega snilld, hún segir raunar allt sem segja þarf,“ segir Björn og bætir því við að Vaktarhópurinn svokallaði leggi mikið upp úr spunavinnu. „Þegar ég mætti á minn fyrsta samlestur var handritið til í grófum dráttum. Svo leggja allir í púkkið, maður kynnist hinum persónunum og ekki síst manns eigin. Það er því mikil hugmyndavinna sem liggur að baki hverri senu,“ útskýrir Björn. Miklar pælingar liggja því að baki persónunum og hver og ein á sér sína sögu.

„Þannig er til að mynda ágæt saga á bak við hárið hans. Kenneth var sko með hanakamb, mjög töff hanakamb sem var aflitaður. En svo var hann handtekinn og það er auðvitað engin hárgreiðslustofa á Litla-Hrauni þannig að kamburinn er að vaxa úr.“

Kenneth er einn helsti meðreiðarsveinn Georgs Bjarnfreðarsonar á Litla-Hrauni og þar sem Georg er ákaflega ýkt persóna þurfti Björn að feta hárfínan milliveg í atriðunum á milli þeirra. „Maður má ekki gera of mikið til að skyggja á en heldur ekki of lítið þannig að maður týnist bara. Annars er Jón [Gnarr] svo ofboðslega flinkur leikari og les mótleikara sinn svo vel að þetta var aldrei neitt mál.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sópransöngkonan **Björg Þórhallsdóttir** mun ekki syngja á Anfield Road, heimavelli knattspyrnuliðsins Liverpool, á þessu ári eins og vonir stóðu til. Björg átti að syngja einkennislag liðsins, You'll Never Walk Alone, og einnig stóð til að hún myndi snæða kvöldverð með spænska knattspyrnustjóranum Rafael Benitez eftir leikinn. Málið hefur verið sett í biðstöðu þangað til á næsta ári. Sú niðurstaða er væntanlega reiðarslag fyrir **Höskuld Þórhallsson**, alþingismann og bróður Bjargar, en eins og kom fram í Fréttablaðinu á síðasta ári er hann stuðningsmaður Liverpool og hafði hugsað sér að komast í návígi við átrúnargoð sín við þetta tækifæri.

Tveir tónleikahaldarar bítast hatrammlega um áhorfendur og vini á Facebook. Annars vegar **Samúel Kristjánsson** sem skipuleggur Frostrósatónleikana, og hins vegar sjálfur Björgvin Halldórsson sem undirbýr nú jólatónleika sína af miklum krafti. Stutt er síðan Björgvin greindi frá því að sínir tónleikar ættu 3.600 vini á Facebook, sem þykir ansi gott. Frostrósirnar hafa engu að síður tekið fram úr Bo á örskömmum tíma því vinir þeirra eru orðnir 3.700 talsins á aðeins átta dögum. Samúel hefur því vinninginn enn sem komið er. Þó skal spurt að leikslokum í þessu einvígi.

Óheppnin elti sjónvarpsmanninn og pókerspilarann **Auðun Blöndal** á röndum á pókermóti sem hann sótti í Tallinn í Eistlandi. Þrátt fyrir að vera öflugur spilari datt Auðunn út strax á fyrsta degi og herma sögur að herbergisnúmer hans hafi átt þar hlut að máli því það skartaði tvöfaldri óhappatölu, eða 1313. - fb



## LÁRÉTT

**2.** mælieining á spennu rafstraums, **6.** fisk, **8.** heldur brott, **9.** hvíld, **11.** golf áhald, **12.** tónstigi, **14.** hlutdeild, **16.** skst., **17.** tugur, **18.** sprækur, **20.** tveir eins, **21.** dugnaður.

## LÓÐRÉTT

**1.** loga, **3.** ógrynni, **4.** nennuleysi, **5.** þrí, **7.** niðurlag, **10.** saur, **13.** farfa, **15.** ryk, **16.** neitun, **19.** ónefndur.

## LAUSN

**LÁRÉTT: 2.** volt, **6.** ál, **8.** fer, **9.** lot, **11.** tí, **12.** skali, **14.** aðild, **16.** no, **17.** tíu, **18.** ern, **20.** ff, **21.** íðni.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** of, **4.** leiðiff, **5.** trí, **7.** lokaorð, **10.** tað, **13.** lit, **15.** duft, **16.** nei, 19. nn.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ólafs Thors.
2. Peshawar.
3. Katrín Ómarsdóttir.

Auglýsingasími 512 5050
– Mest lesið

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
TÚNFISKUR SKÖTUSELUR
LÚÐUFLÖK HARÐFISKUR
XL HUMAR HUMARSÚPA
LAXAFLÖK
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

# Tilveran.is opnuð á nýjan leik

„Mig hefur alltaf langað til að eiga þessa síðu. Þegar hún var rosalega vinsæl og fræg langaði mig alltaf til að eiga hana,“ segir uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson. Hann hefur keypt lénið að tenglasíðunni Tilveran.is og ætlar að opna hana með pompi og prakt á næstu dögum. „Þetta var fyrsta tenglasíðan á Íslandi og langstærst í langan tíma. Síðan fór hún að dala og ég reyndi að kaupa hana en átti ekki nógan pening,“ segir Rökkvi.

Tilveran.is var eigu Ísars Loga Arnarsonar sem átti tónlistarblaðið Undirtóna. Eftir að síðan hafði legið niðri í nokkur ár reyndi Rökkvi aftur að kaupa hana í fyrra og þá varð honum að ósk sinni. Kaupverðið var 200 þúsund krónur. „Ef þú kaupir á 200 þúsund kall ertu viss um að þú eyðir vinnu í verkefnið. Ég sé engan veginn eftir því,“ segir Rökkvi, sem starfar sem vefhönnuður. Hægt verður að skoða myndbandsbrot á síðunni sjálfri án þess að verða vísað á aðra síðu, sem er nýjung. Einnig verður hægt að skoða ýmsa skemmtilega tengla, bæði innlenda sem erlenda.

Rökkvi segir að það sé tvímælalaust markaður fyrir svona síðu í dag. „Tenglasíður eru mjög vinsælar, sérstaklega á Íslandi. Þær hafa svolítið dalað eftir að Facebook og annað kom. En það er orðið miklu vinsælla að skoða vídeó á Netinu, sérstaklega eftir að Youtube jók gæðin á vídeóunum hjá sér.“ - fb




**STÓRHUGA** Rökkvi Vésteinsson ætlar að opna hina endurbættu heimasíðu Tilveran.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjarðarkaup og Góa
kynna með stolti
DVD
&CD
Jólagestir
GLÆSILEG TÓNLEIKAUPPTAKA FRÁ 2008
KEMUR ÚT Á ÞRIÐJUDAGINN Á CD OG DVD
20% AFSLÁTTUR AF ÞESSUM VEGLEGA PAKKA
FYLGIR HVERJUM TÓNLEIKAMIÐA*
Jólagestir
Björgvins
Laugardaginn 5. desember
í Laugardalshöllinni
30 ÞÚSUND
ÁNÆGÐIR
GESTIR
SAMA
MIÐAVERÐ
Í ÞRJÚ ÁR
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
BORGARDÆTUR
DIDDÚ
EGILL ÓLAFSSON
HELGI BJÖRNSSON
KRUMMI
LADDI
PÁLL ÓSKAR
RAGGI BJARNA
SAVANNA TRÍÓIÐ
SIGRÍÐUR OG HÖGNI
ÚR HJALTALÍN
ÞÚ OG ÉG
HRYNSVEIT BJÖRGVINS · STRENGJASVEITIN REYKJAVÍK SESSION ORCHESTRA
KARLAKÓRINN ÞRESTIR · BARNAKÓR ÚR KÁRSNESSKÓLA · MEÐLIMIR ÚR GOSPELKÓR REYKJAVÍKUR
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00
FK
FJARÐARKAUP
Góa
Stofnað 1968
Miðasala á midi.is og á sölustöðum Miði.is
*Nánari upplýsingar um 20% afsláttartilboðið í staðfestingarpósti frá Miði.is.
bravó!
Góðar stundir

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

**BAKÞANKAR**
Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

## *Áttavillt í eldsvoða*

Síðustu mánuði hef ég verið afar dugleg við að sinna ímynduðu gæludýri í tölvuleik sem finnst á Facebook og kallast „Pet Society“. Þar býr kötturinn minn Lotta og henni gef ég ímyndaðar pítsusneiðar að borða og læt hana keppa í grindahlaupi. Hún á líka hús, hún Lotta, sem hún skreytir að innan með dóti sem hún kaupir sér fyrir gjaldmiðilinn í Pet Society. Þessa stundina er ég að hanna svefnherbergið hennar.

**EINS** sturlað og þetta kann að hljóma veit ég um fleiri sem detta í það að forðast að taka þátt í samfélaginu þegar kvölda tekur. Vinkona mín fer alltaf inn í eldhús að baka þegar fréttir byrja. Hún kveikir á kertum og sönglar lagstúf meðan hún hnoðar brauðið. Svo þegar hún er búin að ganga frá öllu og gefa fólki nýbakað brauð er klukkan orðin svo margt. Fréttir og Kastljós búið og eins og ekkert hafi gerst. Bakstur er að hennar sögn eins og tveir sálfræðitímar og rækt.

**ÆTLI** fólk geri sér ekki ýmislegt til dundurs meðan Róm brennur og ekkert virðist hægt að gera nema bíða. Ég hef sinnt Lottu af alúð allt hrunið og gaf henni stóra sundlaug í garðinn sinn kvöldið sem Ögmundur sagði af sér. Og ég held ég hafi verið í mun betra jafnvægi þetta kvöld en þeir sem æstu sig. Ég var ekki búin að uppgötva að það má gera annað en tryllast einn með sjálfum sér eða á bloggsíðu þegar allt fer til fjandans.

**EN** krafan um að tryllast er þarna til staðar. Blogga, þusa og sveia. Færa í ræðu og rit líkingamál um spillingardans. Koma sér fyrir á einhverri hæð, horfa yfir rústirnar og setja vísifingurinn gáfulega á loft. Orðræðan flæðir og á meðan allt verður eldinum að bráð verða til fleiri myndhverfingar um brunann og hnyttið líkingamál um eðli eldgangsins en þeir sem leggja af stað til að slökkva eldana.

**ÉG** veit svo sem vel að internethangs mitt slekkur enga elda. Þá er brauðbaksturinn frekar til einhverra úrbóta. Ég hef átt í vandræðum með að sjá hvað ég get gert þar sem brunateppið sem ég á í mínum fórum dugar einungis á illa heppnaðan smákökubakstur heima fyrir. Ég hef ætlað að taka mig taki því okkur langar örugglega öll til að gera eitthvað. Leggjast á árarnar. En verkefnin virðumst við þurfa að finna okkur sjálf, því enginn skammtar þau.

Þessi tilboð gilda til 31. des. 2009

TBWA\Reykjavík \ SÍA \ 095883

## Vetrartilboð til Staðgreiðslukorthafa

Það er hvergi hagstæðara að koma sér í vetrargírinn en hjá Olís – með Staðgreiðslukorti. Auk fastra afsláttarkjara og Vildarpunktasöfnunar fá korthafar aukaafslátt af ýmsum vetrarvörum og skyndibita í vetur hjá Olís og Quiznos. Afslátturinn er virkjaður rafrænt og reiknast sjálfkrafa við notkun Staðgreiðslukorts.

**Vetrarleikur – og veglegir vinningar!**
Að auki fer nafnið þitt sjálfkrafa í pott í hvert skipti sem þú notar kortið í vetur. Reglulega drögum við út vinninga og í lok vetrar þann stærsta, **100.000 Vildarpunkta Icelandair**. Því oftar sem kortið er notað, því meiri vinningslíkur.

**Alltaf með Staðgreiðslukortinu:**

**3 kr. afsláttur** af eldsneytislítranum frá dæluverði
**2 kr. (1,5%)** afsláttur í formi Vildarpunkta Icelandair
**5% afsláttur** af vörum, nema tóbaki, tímaritum, símakortum og happdrætti

Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141.

olís


**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er föstudagurinn 30. okt. 2009 303. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.05 | 13.11 | 17.17 |
| Akureyri | 8.59 | 12.56 | 16.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*